

ÓLAFUR GUÐMUNDSSON
Dæmir í Formúlu 1
Bílar Ferðir

allt í MIÐJU BLAÐSINS



MARGRÉT ANNA EINARSDÓTTIR
Aginn í Dansinum
nýtist vel

Stofnaði dansflokk við Háskólann í Reykjavík
FÓLK 42



Á FERÐ
OG FLUGI
með ferðatösku frá FAXE

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** TRAUSTUR FERDAFÉLAGI



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júlí 2006 – 195. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Vegleg Skálholtshátíð

Skálholtshátíð er haldin um helgina en nú eru liðin 950 ár frá biskupsvígslu Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta íslenska biskupsins.

TÍMAMÓT 24

Hliðið að Reykjavík

Hjónin Bjarni Geir Alfreðsson og Herdís Björnsdóttir kynna erlendum ferðamönnum þjóðlegan heimilismat á Umferðarmiðstöð Íslands.

VIÐTAL 26

Sparrow snýr aftur

Sjóræninginn Jack Sparrow gerir annað strandhögg á hvíta tjaldinu í sumar og sem fyrr ljá Johnny Depp honum líf.

VIÐTAL 32


Kristján íhugar að hætta

Kristján Finnbogason, markmaður KR, íhugar alvarlega að hætta knattspyrnuíðkun eftir tímabilið. Kristján ætla jafnvel að snúa sér að markmanns-

þjálfun en hann segir að arftaki sinn hjá KR sé þegar fundinn.

ÍDRÓTTIR 46


VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM - Í dag verður hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum og yfirleitt þurr. Hiti 10-16 stig hlýjast til landsins.

VEÐUR 4

Konur 18-49 ára Konur Sv-hornið



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

Formaður Öryrkjabandalagsins kærður

Áhrifamenn innan Öryrkjabandalags Íslands ætla að kæra formann bandalagsins til félagsmálaráðuneytisins. Fullyrt er að hann fari offari og hafi ekki staðið við starfslokasamkomulag við fyrrum framkvæmdastjóra.

SAMFÉLAGSMÁL Hópur áhrifamanna innan Öryrkjabandalags Íslands, þar á meðal tveir aðalstjórnarmenn, hafa ákveðið að kæra formann bandalagsins, Sigurstein Mátsson, til félagsmálaráðuneytisins vegna framgöngu hans við gerð samnings við nýjan framkvæmdastjóra bandalagsins.

Þeir fullyrða að Sigursteinn hafi farið offari og þvingað samninginn í gegn án þess að aðalstjórn fengi að vita hvað í honum fælist. Formaður fær greidd sömu laun og framkvæmdastjóri og vilja kær- endur því meina að Sigursteinn hafi setið báðum megin borðsins við ákvörðun eigin launa.

Einnig er fullyrt að ekki hafi verið staðið við samþykkt aðalstjórnar varðandi uppgjör við fyrrverandi framkvæmdastjóra bandalagsins, Arnþór Helgason, og það

sé einhliða ákvörðun Sigursteins. „Aðalstjórn ber ábyrgð á öllum ákvörðunum og samningum þess og það er því réttur og skylda aðalstjórnarmanna að vita hvað felst í samningum við stjórnendur,“ segir Guðmundur S. Johnsen, formaður Félags lesblindra á Íslandi og aðalstjórnarmaður, sem er einn þeirra sem hafa ákveðið að kæra.

Annar stjórnarmaður, Guðmundur Magnússon, Samtökum endurhæfðra mænuskaddaðra, segir þetta aðeins hluta vandans. „Aðalstjórn samþykkti ályktun mína þess efnis að gert yrði upp við Arnþór Helgason á þann hátt að allir hefðu sæmd af. Það hefur ekki verið gert.“ Guðmundur Johnsen vill meina að uppsögn Arnþórs sé ástæðan fyrir þeim vanda sem bandalagið standi frammi fyrir. „Það að Öryrkjabandalagið skuli

reka blindan mann án rökstuðnings er algjörlega siðlaust.“

Sigursteinn Mátsson segir mála- tilbúning Guðmundar S. Johnsen og Guðmundar Magnússonar vera sprottinn af persónulegri óvild þeirra við sig. Fullyrðingar þeirra séu með öllu tilhæfulausar og þeim til skammar.

„Ef þeir hafa geð í sér til að kæra þetta mál til ráðuneytisins þá er það sjálfsagt mál. Ég óttast það ekki. Það að þessir tveir menn hafi ákveðið að grafa undan stjórn Öryrkjabandalagsins með þessum hætti finnst mér mjög dapurt. Ég mun ekki tjá mig frekar um þetta heldur takast á við þetta mál á eðlilegum vettvangi en verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með framgöngu þessara manna.“

Ekki náðist í Arnþór Helgason í gær vegna málsins. - shá



CONDOLEEZZA RICE Utanríkisráðherra Bandaríkjanna heldur til Ísraels á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Condoleezza Rice:

Segir vopnahlé tilgangslaust

WASHINGTON, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir engan tilgang í því að Ísraelar hætti strax árásum á Líbanon. Vopnahlé núna væri „falskt loforð“, sagði hún á blaðamannafundi í Washington í gær.

„Sýrlandingar vita hvað þeir þurfa að gera og Hizbollah er rót vandans,“ sagði hún.

Hún ætlar að halda til Ísraels á morgun og síðan til Rómur þar sem hún ætlar að hitta ráðamenn frá Evrópusambandinu og fulltrúa frá Líbanon og arabaríkjum.

Ísraelski landherinn bjó sig í gær undir innrás í Líbanon og virtist ætla að hertaka suðurhluta landsins á ný. - gb / sjá síðu 4

Skýrsla um íslensku bankana:

Merrill Lynch enn svartstýnt

VIÐSKIPTI Undirstöður íslensku bankanna eru ekki jafn traustar og væntanleg uppgjör fyrir annan ársfjórðung gefa til kynna, segir í nýrri skýrslu fjárfestingarbankans Merrill Lynch um íslensku bankana. Fyrirtækið telur skuldabréf í bönkunum stöðuga fjárfestingakosti en ekki sérlega spennandi.

Fram kemur að hagnaður KB banka og Glitnis sé að mestu til kominn vegna hækkunar verðtryggðra eigna og gjaldeyrishagnaðar auk þess sem veiking krónunnar gefi ranga mynd af raunverulegri stöðu. Merrill Lynch lýsir enn fremur áhyggjum sínum af eignatengslum í íslensku viðskiptalífi en telur þó að horfi til betri vegar. - jsk / sjá síðu 12



AF SLYSSTAÐ Loka þurfti hluta Suðurlandsvegur í gær eftir slysið og skapaðist við það töluverð ringulreið og langar bílaraðir. Á myndinni má sjá tvo bílanna sem lentu í slysinu og lögreglumann á einu hinna sjö ökutækja sem lögreglan sendi á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klippa þurfti tvo menn úr bílflokkum eftir þriggja bíla árekstur á Suðurlandsvegi:

Átta á sjúkrahús eftir bílslys

SLYS Átta voru fluttir á sjúkrahús eftir alvarlegan þriggja bíla árekstur á Suðurlandsvegi við bæinn Hólm á Hólmsá á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Fjórir voru fluttir á sjúkrahörum, þar af einn nokkuð slasaður. Að sögn lögreglu var um nokkur beinbrot að ræða en enginn lífshættulega slasaður.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík fór bíll

sem ók í vestur yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á öðrum bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Klippa þurfti ökumenn beggja bílanna úr bílflokkunum. Þriðji bíllinn, sem kom úr austri, lenti utan vegar þegar ökumaður hans reyndi að forðast árekstur. Enginn úr þeim bíl slasaðist. Barn var í einum bílanna en meðsl þess eru ekki talin alvarleg. - sh

Sjö sjúkrabílar, tveir slökkviliðsbílar og sjö ökutæki frá lögreglu voru send á staðinn og tók aðgerðin öll rúmar tvær klukkustundir. Suðurlandsvegi var lokað á meðan og umferð beint um Hafvatnsveg og Heiðmörk. Mikil umferð var út úr bænum í gærkvöld og skapaði slysið talsverðar bílaraðir og ringulreið að sögn lögreglu. - sh

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

3 Km
10 Km
21 Km
42 Km

Tveir Litháar sem fluttu inn jafngildi um þrettán kílóa af amfetamíni voru dæmdir í Héraðsdómi í gær:

Dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi

DÓMSMÁL Tveir Litháar voru í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir innflutning á amfetamínvökva sem dugað hefði til framleiðslu á 13,3 kílóum amfetamíns til götusölu.

Annar Litháanna, Saulius Prusinskas, var handtekinn í Leifsstöð 4. febrúar með tvær vínlöskur í fórum sínum. Í ljós kom að efnið í flöskunum var ekki áfengi heldur amfetamínvökvi. Saulius sagðist halda sig vera að flytja áfengi á milli landa og að hann væri að gera það fyrir óþekktan mann í Litháen. Þetta viðurkenndi hann þó ekki fyrir en eftir nokkrar yfirheyrslur.

Saulias viðurkenndi við yfirheyrslur að hafa farið aðra samskonar ferð til Íslands með vínlöskur, og hefði sú ferð gengið áfallalaust fyrir sig.

Arvydas Maciulskis, sem hefur búið á Íslandi frá því árið 2000 og rekið fyrirtæki, var fyrst yfirheyrður 13. febrúar grunaður um að hafa átt að veita efnið viðtöku. Hann þvertók fyrir það og það var ekki fyrir en við fjórðu yfirheyrslu sem hann kannaðist við að eiga hlut að máli, en sagði þá að jógóslavneskur maður á Íslandi að nafni Radkó hefði fengið sig til verksins. Hann gat ekki gert frekari grein fyrir þeim manni.



Í HÉRAÐSDÓMI Saulius Prusinskas og Arvydas Maciulskis sýndu lítil svipbrigði þegar dómurinn var kveðinn upp.

Í niðurstöðu dómsins segir að framburður mannanna beggja þess efnis að þeir hafi verið fengnir til verksins af öðrum aðilum sé afar ótrúverðugur og voru þeir því

þáðir dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi, að frádregnu gæsluvarðhaldi frá handtökudögum. Ákveðið hefur verið að báðum dómum skuli áfrýjað.

- sh



SPURNING DAGSINS

Grímur, á að sjá Kan fyrir kommbakki?

„Ég veit nú ekki betur en að þeir séu í fullu fjöri og ég vona bara að þeir spili sem lengst.“

Tónleikahaldarinn Grímur Atlason hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Bolungarvík. Bolvíska hljómsveitin Kan, með Herbert Guðmundsson í fararbroddi, átti nokkrum vinsældum að fagna á níunda áratug síðustu aldar.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Heilbrigðisráðherra útílokar ekki formannsframboð.

Siv Friðleifsdóttir:

Enn að hugsa

STJÓRNMÁL Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, er enn að velta fyrir sér framboði til embættis innan forystu Framsóknarflokksins.

„Það liggur ekkert á, það er enn mánuður til flokksþings,“ sagði Siv í gær. Hún sagði fjóra kosti í stöðunni, að gefa kost á sér til embættis formanns eða varaformanns, sækjast eftir endurkjöri í starf ritara eða draga sig út úr flokksforystunni. Flokksþing Framsóknar fer fram 18. og 19. ágúst.

- bps

Lengri biðlistar á Stuðla í ár:

Bið eftir innlögn sex vikur

HEILBRIGÐISMÁL Sólveig Ásgrímsdóttir, forstjóðumaður Stuðla, segir um biðtíma eftir innlögn eins og staðan er núna: „Yfir sumarið fækkar plássam hjá okkur vegna sumarfría og því er hægt að afgreiða færri umsóknir.“ Sólveig segir að á bilinu 20-40 umsóknir hafi borist það sem af er þessu ári sem er svipað magn og í fyrra.

„Undanfarnir ár hefur verið hægt að koma að börnum hjá okkur með vikufyrirvara og er biðin því lengri núna en fólk á að venjast. Sólveig vill ekki ganga svo langt að segja að um neyðarástand sé að ræða þó vissulega geti verið erfitt fyrir fólk að biða þennan tíma.“

- hs

MOSFELLSBÆR

Nýtt íbúðahverfi Fyrsta skóflustungan var tekin í Leirvogstungu í Mosfellsbæ í dag en þar á að rísa nýtt íbúðahverfi. Leirvogstunguhverfið verðandi er sérstakt að því leyti að það verður einungis byggt sérþýlum.

STJÓRNMÁL

Forsætisráðherra í sumarfrí Geir H. Haarde forsætisráðherra verður í sumarleyfi í útlöndum frá mánuðeginum 24. júlí til mánuðagsins 7. ágúst. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra gegnir störfum hans á meðan.

HEILBRIGÐISMÁL

Fjöldi fæðinga í júní Aldrei hafa fleiri börn fæðst á Landspítalanum í einum mánuði en í júní síðastliðnum. 315 nýir Íslendingar litu þá dagsins ljós, sem jafngildir rúmlega tíu fæðingum á dag. Meðaltalið í venjulegu árferði er um átta fæðingar á dag.

Fyrsta lið ákæru endanlega vísað frá

Hæstiréttur staðfesti frávisun á fyrsta ákæru liði Baugsmálsins í gær. Veigamesti ákæru liðurinn í málinu verður því ekki tekinn til efnismeðferðar. Mikið eftir af málinu enn, segir settur saksóknari. Kjarninn farinn, segir Gestur Jónsson.

BAUGSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. júní, en þá var fyrsta og veigamesta ákæru liði Baugsmálsins vísað frá dómi.

Í liðnum voru Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs Group hf., aðallega gefin að sök fjárvík, en til vara umboðssvik. Var hann sakaður um að hafa beitt stjórn Baugs blekkingum í auðunarskyni með því að leyna því að hann væri raunverulegur seljandi hlutafjárins í Vöruveltunni, þegar Baugur keypti sjötíu prósent hlutafjár í félaginu árið 1999. Vöruveltan var eigandi 10-11 verslananna.

Jóni Ásgeiri var auk þess gefið að sök að hafa „vakið hjá stjórn Baugs þá hugmynd að seljandi hlutafjárins væri Helga Gísladóttir,“ eins og segir orðréttilt í ákæru. Helga Gísladóttir hafði áður verið eigandi Vöruveltunnar ásamt manni sínum. Í ákæru liðnum var tjón Baugs vegna þessara kaupa sagt nema meira en þrjú hundruð milljónum.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, sagði þessa niðurstöðu að nokkrum leyti vonbrigði en lagði jafnframt á það áherslu að málinu væri hvergi nærri lokið, þar sem enn biðu átján liðir. „Á vissan hátt er verið að taka á efnislegum hliðum máls-



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON Segir viðamikil atriði enn eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SAKSÓNARI OG VERJANDI AÐ STÖRFUM Sigurður Tómas Magnússon sést hér afhenda Gestu Jónssyni, lögmanni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, gögn við efnismeðferð í dómssal. Jón Ásgeir sést við hlið lögmanns síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ins, með þessari niðurstöðu, áður en dómstólar meta þau gögn sem að baki ákærunni liggja. En þetta er niðurstaða Hæstaréttar og ég sætti mig við hana. Það eru enn átján ákæru liðir eftir í málinu, og nú biða þeir liðir efnismeðferðar fyrir dómi.“

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segir alvarlegasta hluta Baugsmálsins lokið með þessum dómi Hæstaréttar. „Með þessari niðurstöðu er endanlega búið að



GESTUR JÓNSSON Segir ákæru liðina sem eftir eru í málinu ekki veigamikla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vísa kjarnanum í Baugsmálinu frá dómi. Það sem eftir stendur er að leggja fram varnir í þeim liðum málsins sem eftir eru, sem allir tengjast bókhaldsreglum og lánum. Ég hef sagt, og segi enn og aftur, að ég tel löngu vera komið nóg í þessu máli og það hefði verið farsælast fyrir ákæruvaldið að láta við sitja, þegar málinu var vísað frá í fyrra skiptið.“

Liðirnir átján sem eftir standa snerta meðal annars viðskipti með skemmtibátinn Thee Viking, sem var við höfn á Flórída á þeim tíma sem meint brot eiga að hafa átt sér stað.

Auk þess snýr efni ákæru liðanna að lánveitingum, sem samkvæmt ákæru brjóta gegn lögum um hlutafélög. Þá er Jón Gerald Sullenberger í ákæru sagður hafa aðstoðað Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggva Jónsson við að rangfæra bókhald Baugs hf.

magnush@frettabladid.is

Forstjóri Baugs, sem var ákærður í fyrsta liði ákærunnar, fagnar niðurstöðunni:

Fagnaðarefni fyrir fyrirtækið

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., segir þungu fargi af sér létt með niðurstöðu Hæstaréttar, þar sem frávisun fyrsta ákæru liðs Baugsmálsins er staðfest.

Í honum er Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa beitt stjórn Baugs blekkingum þegar fyrirtækið festi kaup á Vöruveltunni, sem þá átti og rak 10-11 verslanir. „Ég var hafður fyrir rangri sök og Hæstiréttur staðfestir það, öðru sinni. Það er ekkert saknæmt við þessi atriði sem nefnd eru í ákæru, og það er gott til þess að vita að það hafi nú endanlega verið staðfest með dómi. Það er ánægjulegt fyrir fyrirtækið sem ég

starfa fyrir, og starfsmenn þess, að sjá hvernig málið er að þróast.“

Jón Ásgeir segist ekki efast um að málið eigi sér pólitískar rætur. „Ég reikna ekki með því að endurákvæmt verði vegna þessa hluta málsins, þar sem Sigurður Tómas gaf það í skyn fyrir dómi að til þess kæmi ekki. Annars er ekki hægt að útiloka neitt, þegar ákæruvaldið í þessu máli er annars vegar. Það liggja fyrir því haldbærar sannanir að ritstjóri Morgunblaðsins, ásamt fleirum, markaði upphaf þessa máls. Á því leikur ekki neinn vafi og það er ástæðulaust að fjalla um málið með þeim hætti, að svo geti verið.“

- mh



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



SIGURÖRN Örninn verður lengi í garðinum sökum þess hve lengi stélfjaðrir hans eru að myndast á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Húsdýragarðurinn:

Sigurörnn flytur í stórt útibúr

HÚSDÝRAGARÐURINN Sigurörnn, haförnninn heppni sem Sigurbjörg Sandra Pétursdóttir frá Grundarfirði bjargaði frá bráðum bana á dögum, hefur nú verið fluttur í stórt útibúr í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar gefst nú einstakt tækifæri til að skoða þennan konung íslenskra fugla.

Haförnninn var bæði grútarblautur og á hann vantaði stélfjaðrirnar þegar Sigurbjörg fann hann. Grútinn hefur Þorvaldur Þór Björnsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þvegið af Sigurörni en stélfjaðrirnar verða lengi að myndast á ný. Vist arnarins verður því löng í garðinum áður en hann heldur út í náttúruna á ný.

- sh

Ævilöng lyfjataka er úrræðið:

Átta greindust með HIV í fyrra

SJÚKDÓMAR Átta greindust með HIV-veiruna hér á landi í fyrra. Svipaður fjöldi hefur greinst síðustu ár, fimm árið 2004 en frá sjö til tólf á árunum 1997 til 2003.

Hugrún Ríkarðsdóttir, smit-sjúkdómalæknir á Landspítalanum, segir lífslíkur þeirra sem greinist með HIV nær óskertar. Lyfin nái að halda sjúkdómnum niðri. Sjúklingar hafi ekki náð að mynda ónæmi gegn þeim: „Áð taka lyf alla ævi er hins vegar strembið og mikil binding. Fólk vill gjarnan hætta á lyfjunum en það er ekki hægt.“

Hugrún segir engan hafa greinst með HIV-veiruna í nafnlausum prófunum. Fólk hafi greinst á sjúkrahúsum landsins þegar það hafi sótt þangað vegna veikinda.

- gog

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ferðamenn veltu bíl Bill valt á Hólssandsvægi, austan Jökulsár á fjöllum, um tíuleytið í gær. Svo virðist sem ökumaður hafi misst stjórn á bílnum í lausamöl við beygju. Tveir útlendingar voru í bílnum, sem var bílaleigubíll af gerðinni Toyota Yaris. Ökumaðurinn hlaut minniháttar meiðsli.

Bíl stolið í Stykkishólmi Bifreið var stolið í umdæmi lögreglunnar í Stykkishólmi um tíuleytið í gærmorgun. Líðlega klukkustund síðar stöðvaði lögregla bílinn við Stykkishólmi. Bíljófurinn er þekktur afbrotamaður á þessum slóðum að sögn lögreglu. Hann er auk þjófnaðarinn grunaður um að aka undir áhrifum fikniefna.

2.990,-

„MERKUR“ TJALD

3-4 manna tjald. Ytra byrði álhúðað polyester. Innra byrði 100% nylon. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð 210x210x130 sm. Þéttleiki 800 mm/m2. Þyngd 4,4 kg.



299,-

VATNSBRÚSI 10 LTR.

Vatnsbrúsi sem hægt er að leggja alveg saman. Tilvalinn í útileguna eða fríð. Tekur 10 ltr.



VERÐ FRÁ:

990,-

ÍPRÓTTASKÓR

Flottir íþróttaskór á alla fjölskylduna! Barnastærðir: 30 - 35 Dömustærðir: 36 - 40 Herrastærðir: 41 - 46



950,-

KÆLIBOX 24 LTR.

Gott kælibox, tekur 24 lítra. Nauðsynlegt í útileguna eða ferðalagið. Kælielement, 200 ml, verð 49,-

SÓLTJALD
1.490,-

Sóltjald

Með þremur vængjum. Hælar, stög og stangir fylgja. Stærð 400x135 sm.

FELLISTÓLL
790,-

ferðaborð og fellistólar

Auðvelt að leggja saman borðið og stólana svo það taki lítið pláss. Stærð á borði er 60x80 sm. Stólarirnir eru úr hvítakkaðri röragrind með fallegu áklæði.

FERÐABORÐ
1.490,-

Sumari SPRANGJA!

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚS-
GÖGNUM OG SESSUM

EINBREIÐ LÍTIL
Stærð 76x193x22 sm. 1.290,-

TVÍBREIÐ
Stærð 137x191x22 sm. 1.690,-

QUEEN
Stærð 152x203x22 sm. 1.990,-

KING
Stærð 183x203x22 sm. 2.490,-

VELOUR VINDSÆNGUR

Virkilega góðar og vandaðar dýnur. Fast í nokkrum stærðum. Þessar eru nauðsynlegar í útileguna!



149,-

EINNOTA GRILL

Gott einnota grill, tilbúið til notkunar með grillkolum og grind. Stærð á grillflæti er 23 x 29 sm. Frábært verð!



399,-

STÓRT EINNOTA GRILL

Hringlaga einnota grill. Stærð 35 sm í þvm. Tilbúið til notkunar með 1 kg af grillkolum.



690,-

„US“ STÓLI

Einstaklega hentugur stóll í útileguna, bústaðinn, ferðalagið eða á völinn með glasahaldara. Hægt að leggja alveg saman



ÁÐUR 2.500,-

1.990,-

„DOVER“ SVEFNPOKI

Stór og rúmgóður svefnpoki með tvöföldum rennilás. Hægt að renna tveimur pokum saman. Ytra byrði vatnsvarið nylon og innra byrði 100% bómull. Fyrir fólk allt að 195 sm á hæð. Breidd á poka 85 sm. Hlýr allt að 0°C. Þyngd 1650 gr. Má þvo í vél. Poki fylgir með.

GOTT
VERÐ!

ÁÐUR 9.990,-
5.990,-

40%
AFSLÁTTUR

„BRADFORD“ BORÐ

Falleg gæðasmíði úr gegnheilum harðviði, sem þólar íslenska veðráttu. Borðið er 110 sm í þvm. Borðið er einnig hægt að leggja saman.

Jutlandia
Harðviður

ÁÐUR 590,-

399,-

PLASTSTÓLL

Léttur og þægilegur plaststóll sem auðvelt er að stafla upp til geymslu.

-góð
kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is








50%
AFSLÁTTUR

ÁÐUR 1.990,-

990,-

„LISA“ PLASTBORÐ

Létt og gott plastborð í garðinn. Stærð 90 sm. Frábært verð!

GENGIÐ		
GENGI GJALDMIÐLA 21.7.2006		
KAUP SALA		
	Bandaríkjadalur	73,68 74,04
	Sterlingspund	136,80 137,46
	Evra	93,36 93,88
	Dönsk króna	12,512 12,586
	Norsk króna	11,767 11,837
	Sænsk króna	10,101 10,161
	Japanskt jen	0,6343 0,6381
SDR		108,83 1089,47
Gengisvísitala krónunnar		
1289,3089		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Hitabylgja gerir fólki lífið leitt austan hafs og vestan:

Tuttugu látnir í Evrópu

VEDUR Hitabylgjan í Evrópu hefur að öllum líkindum orðið um tuttugu manns að bana, þar á meðal 15 mánaða gömlu barni og 94 ára konu. Fjórir hinna látnu dóu á vinnustað, tveir við íþróttaiðkun og tveir voru heimilislausir á götum úti.

Hitabylgjan hefur haft margvísleg áhrif í Evrópulöndum. Í Þýskalandi hefur þurft að draga úr starfsemi þriggja kjarnorkuvera vegna þess að kælivatn, sem tekið er úr ánni Elbu, hefur hitnað svo mjög að það er varla not hæft til kælingar.

Á miðvikudaginn, sem var heitasti dagurinn í Bretlandi,

mældist hitinn í neðanjarðarlestum Lundúnaborgar 47 gráður. Dómarar þar í borg létu sig hafa það að taka ofan hárkollurnar, sem þeim er skylt að nota við réttarhöld, og lífverðirnir við Buckingham-höll fengu leyfi til þess að standa í skugganum.

Hinu megin Atlantshafsins, í Bandaríkjunum, hefur hitabylgja ekki síður gert fólki lífið erfitt núna í vikunni.

Í borginni St. Louis og nágrenni hennar gerði ofsarok illt verra með því að valda rafmagnsleysi mitt í hitasvækjunnunni, þannig að kælibúnaður í húsum varð óvirkur.



KÆLA SIG Í GOSBRUNNUM Þessi börn fundu góða aðferð til að kæla sig í gosbrunnunum á aðaltorginu í bænum Antibes í Suður-Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdir í Reykjavík:

Ný umferðarljós á næstunni

UMFERDARMÁL Framkvæmdir standa nú yfir vegna miðlægrar stýringar umferðarljósanna í Reykjavík og er það samvinnverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Skipta þarf út eða uppfæra stýribúnað umferðarljósanna á rúmlega 30 gatnamótum og fyrir vikið hefur eldri samhæfing ljósanna verið ábótavant undanfarið, til dæmis á Suðurlandsbraut.

Með nýja kerfinu verður auðveldara að breyta stillingu umferðarljósanna eftir tíma dags og umferðarpunga. Nýja stjórnkerfið verður tengt í haust og stillingum umferðarljósanna verður stýrt miðlægt.

Fleiri ferðamenn til landsins:

Fjölgaði um rúm 12% í maí

FERÐAMENNSKA Ferðamönnum hingað til lands fjölgaði um tólf og hálf prósent í maímánuði síðastliðnum, miðað við sama mánuð í fyrra. Ríflega 31 þúsund ferðamenn heim sóttu landið í maí. Fjöldi ferðamanna þetta árið er kominn upp í tæp 105 þúsund og nemur fjölgunin tæplega átta prósentum á milli ára.

Bandaríkjamenn voru fjölmennastir og fjölgar þeim um tæp þrettán prósent frá því í fyrra. Bretar koma þar skammt á eftir og fjölgar þeim mest allra í maí.

Lögreglan í Reykjavík:

Subbur kærðar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík hefur í sumar stöðvað og kært öikumenn fyrir að henda sigarettustubbum og öðru rusli úr bílum sínum á götur borgarinnar.

Er slíkur söðaskapur brot á lögreglusamþykktum borgarinnar og varðar sektum sem geta verið mismunandi háar. Að sögn lögreglu ber mikið á að öikumenn og farþegar hendi rusli hugsunarlaust út um gluggann og hvetja öikumenn til að taka sér tak.

Ákæru beðið í fíkniefnamáli:

Kókaínparið laust úr haldi

DÓMSMÁL Gæsluvarðhald rann út í gær yfir íslensku pari sem handtekið var í Leifsstöð 6. júlí síðastliðinn. Fólkið, sem er á þrítugsaldri, var handtekið við komuna frá Frankfurt í Þýskalandi með eitt kíló af kókaíni falið á við og dreif í skóm sínum. Við leit á heimili fólksins fannst svo eitt kíló af hassi.

Ekki var farið fram á framlengingu gæsluvarðhaldsins og hefur fólkinu því verið sleppt. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík telst málið upplýst og er ákæru nú beðið.

Neyðarástand í Líbanon

Rauði krossinn hefur lýst yfir neyðarástandi í Líbanon. „Þetta er ekki lengur árás á Hizbollah-samtökin, þetta er árás á líbönsku þjóðina,“ segir forseti landsins. Börn eru nærri þriðjungur fórnarlambanna.

ERLENT, AP Ísraelar setja nú aukinn kraft í árásir sínar í Líbanon. Ísraelski herinn hefur kallað út varalið og ráðlagt íbúum Suður-Líbanons að hafa sig á brott. Talið er að herinn undirbúi nú innrás landgönguliða sem fjölmenntu við landamærin í gær. Rauði krossinn lýsti yfir neyðarástandi í Líbanon í gær og Sameinuðu þjóðirnar segja aðstæður í landinu fara snarversnandi og neyð almennra borgara aukast frá degi til dags.

Talsmaður Sameinuðu þjóðanna harmaði að vegna eyðileggingar vega og brúa einangraðist Líbanon óðum frá umheiminum og æ erfiðara yrði að sinna nauðsynlegu hjálparstarfi. Hann sagði að ýmsar lífsnauðsynjar, eins og til dæmis hreint vatn, væru nú af skornum skammti.

Talsmaður skrifstofu mannráðarmála hjá SP segir að erfitt sé að

meta þörfina fyrir aðstoð, en telur að allt að hálf milljón manna hafi þurft að yfirgefa heimili sín eða orðið fyrir stórfelldum óþægindum á síðustu dögum. Birgðir neyðarvista fyrir fjögur þúsund manns eru til reiðu en dreifing þeirra hefur tafist vegna ástands vega. Rauði krossinn segir hættulegt fyrir sjúkrahöfunda að keyra um vegna sprengjuárásanna og óttast er að smitsjúkdómur eins og mislingar og ýmsar öndunarsýkingar breiðist út í þéttskipuðum neyðarskýlum.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur einnig fjallað um ástandið í Líbanon og starfsmenn hennar segjast hafa miklar áhyggjur af mögulegu rafmagnsleysi á sjúkrahúsum.

Sprengikúla lenti á eftirlitsturni Sameinuðu þjóðanna í gær, en SP hefur fylgst með landamærunum síðan Ísraelar drógu lið sitt út úr Líbanon árið 2000. Ísraelski herinn sagði Hizbollah hafa skotið á turninn en ónafngreindur liðsforingi SP sagði að sprengikúlan hefði komið úr skriðdreka Ísraela.

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, greinir frá því á heimasíðu sinni að líklegt sé að þriðjungur særðra og látinna sé börn og ungmenni. UNICEF starfar ásamt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og heilbrigðisráðuneyti Líbanons að sérstakri neyðarástöð fyrir börnin í landinu, svo sem vegna langvinnra veikinda og bráðatilfella. Í sameiginlegri yfirlýsingu UNICEF og AHS segir að átökin í landinu hafi hrikaleg áhrif á andlega heilsu barnanna.

Líbanski herinn hefur haldið að sér höndum hingað til en forseti Líbanons segir að það breytist um leið og Ísraelsmenn sendi landgönguliðana yfir landamærin.

klemens@frettabladid.is



SJÚKRALÍÐI KEMUR BARNI UNÐAN Móðir þessa barns særðist í sprengjuárás í þorpinu Jwaia í Líbanon. NORDICPHOTOS/AFP



ALLT Í RÚST Erlendur myndatökumaður sést hér mynda eyðilegginguna í úthverfi Beirútborgar í gær. Ísraelar hafa nú haldið úti stöðugum loftárásum á borgina í tíu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Til Sölu


Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

VEÐURSPÁ


um hádegi »



um hádegi »


Kaupmannahöfn	24°C	alskjýjað	London	27°C	skúrir
Billund	27°C	léttskjýjað	Paris	32°C	skúrir
Höfuðborgin í dag	32°C	skúrir	Frankfurt	32°C	léttskjýjað
Hægviðri eða hafgola.	28°C	skúrir	Friedrichshafen	29°C	skúrir
Skjýjað með köflum og þurr. Hiti 10-13 stíq.	20°C	alskjýjað	Berlín	31°C	heiðskírt

» á morgun



Hægviðri.

» mánudagur



Hægviðri.

Alicante	34°C	heiðskírt
Mallorca	27°C	heiðskírt
Algarve	29°C	heiðskírt
Krít	28°C	heiðskírt
Las Palmas	25°C	heiðskírt

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ÚTSALA



TILBOÐ
18.450 kr
Verð áður 36.900,-

Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

20-70% afsláttur af öllum garðhúsgögnum

Stækkanlegt borð + 6 stillanlegir stólar	49.990 kr.	82.999 kr.	40%
Borð með 4 stólum og 2 armstólum	18.499 kr.	36.999 kr.	50%
Átthyrnt borð með 4 stólum	15.990 kr.	19.999 kr.	20%
Ferkantað borð með 2 stólum	6.499 kr.	12.999 kr.	50%
Stækkanlegt borð með 4 stillanlegum stólum	39.990 kr.	54.999 kr.	27%
Stækkanlegt borð með 6 stólum	44.990 kr.	149.990 kr.	70%
2ja sæta róla	11.990 kr.	24.990 kr.	52%
2ja sæta bekkur	6.490 kr.	9.990 kr.	35%
Borð með áföstum bekkjum	4.490 kr.	14.990 kr.	70%
Sólbekkur með stillanlegu baki	8.990 kr.	14.990 kr.	40%
Vagn með 2 lausum bökkum	4.990 kr.	9.990 kr.	50%
Stillanlegur stóll með örmum	3.999 kr.	8.999 kr.	56%
Stækkanlegt borð Galway	24.990 kr.	34.999 kr.	29%
Stækkanlegt borð Butterfly	18.999 kr.	24.999 kr.	24%
Stækkanlegt borð Kalimattan	44.999 kr.	59.999 kr.	25%
Pulla fyrir stillanlega stóla	899 kr.	2.999 kr.	70%
Átthyrnt borð	5.999 kr.	9.999 kr.	40%
Samanbrjótanlegir stólar úr tré	2.999 kr.	3.999 kr.	25%
Nett ferkantað borð	3.999 kr.	6.999 kr.	43%
Samanbrjótanlegir stólar úr tré og efni	1.999 kr.	3.999 kr.	50%

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Verðar þú á vefnum?

Já	50%
Nei	50%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Skoðaðir þú seglskipið Sedov við Reykjavíkurböfn?

Segðu skoðun þína á visir.is



Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða dróst saman árið 2005:

Frystar afurðir skila mestu

SIÁVARÚTVEGUR Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða nam 112 milljörðum króna árið 2005 og dróst saman um 5,7 prósent frá fyrra ári, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Útflutt afurðaverðmæti allra aflategunda nema uppsjávarfisks dróst saman frá fyrra ári en frystar afurðir skiluðu yfir helmingi útflutningsverðmætis.

Á milli árunna 2004 og 2005 dróst útflutningur sjávarafurða saman um 73 þúsund tonn. Árið 2005 voru flutt út 755 þúsund tonn, samanborið við 828 þúsund tonn árið áður. Í tonnum talið hefur ekki



verið flutt út minna magn síðan árið 2000.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2005 nam 110,1 milljarði króna og dróst saman um tólf milljarða frá fyrra ári, um 9,5 pró-

sent. Hlutdeild sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins var 56,7 prósent samanborið við 60,2 prósent árið 2004. Hlutdeild sjávarútvegs af heildarverðmæti var vel yfir sjöttu prósentum árin 1995 til 1998.

Af einstökum afurðaflokkum skilaði frysting alls rúmlega helmingi útflutningsverðmætis, tæpum 58 milljörðum króna. Útflutningsverðmæti ísaðra fiskafurða hefur aukist og nam tæpum tuttugu milljörðum árið 2005. Verðmæti ísaðra afurða er nú í fyrsta sinn meira en saltaðra, en verðmæti þeirra var rúmum átján milljarðar króna. - shá

Landspítali-háskólasjúkrahús:

Hætt við sameiningu deilda

HEILBRIGÐISMÁL Hætt hefur verið við fyrirhugaða sameiningu meðgöngu- og sængurkvenna-deilda Landspítalans frá 21. júlí til 24. ágúst. Sameining deildanna var reynd í byrjun júní en starfsemi þeirra var aftur skilin að tveimur dögum síðar sökum álags á starfsfólki.

Margrét I. Hallgrímsson, sviðstjóri hjúkrunar á kvennadeild, segir að allir hafi lagst á eitt um að halda starfsemi deildanna tveggja með eðlilegum hætti. „Það lögðust allir á eitt um að taka aukavaktir og þannig verða deildirnar reknar á næstunni.“

- shá



Lífð heil

www.lyfja.is



Voltaren Emulgel

ÁHRIFARÍKT BÓLGUEYÐANDI GEL VIÐ VÖÐVA- OG LIÐVERKJUM.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem. Varist snertingu við augu og slimhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað. Þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætt er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



Velkomin í Nesjavallavirkjun

Heimsókn í Nesjavallavirkjun er tilvalin dægrastytting og upplýfting á góðum degi. Við tökum vel á móti þér.

- Merktar gönguleiðir
- Fræðslustígur
- Gestamóttaka
- Skipulagðar skoðunarferðir fyrir einstaklinga og hópa

Gestamóttaka er opin:

1. júní til 31. ágúst: mánudaga – laugardaga frá kl. 9:00 til 17:00.

Sunnudaga frá kl. 13:00 til 18:00.

1. september til 31. maí samkvæmt pöntunum.

Allar nánari upplýsingar veittar í síma 480-2408 eða í tölvupósti: gestamottaka.nesjavollum@or.is



www.or.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



STARFSSTÖÐ NEYÐARLÍNUNNAR Í SKÓGARHLÍÐ Dómsmálaráðherra segir Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínuna hafa lagt fram stjórnsýslukæru til að tryggja öryggi þeirra sem nýta sér hina nýju tækni netismanna.

Dómsmálaráðherra undrast úrskurðinn

Björn Bjarnason segir Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínuna hf. vera að hugsa um öryggi almennings með stjórnsýslukæru. Vonandi tekið tillit til öryggissjónarmiða þegar endanlegar ákvarðanir verða teknar, segir Arnar Þór Jónsson.

FJARSKIPTI Björn Bjarnason dómsmálaráðherra undrast frávisun úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, á stjórnsýslukæru Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar hf., en eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær vísaði nefndin kærinni frá vegna aðildaskorts.

„Það kemur mér á óvart, að ekki megji gera þær kröfur sem eru nauðsynlegar til að tryggja sem best öryggi borgaranna, þrátt fyrir að þeir nýti sér nýja símatækni. Neyðarlínan og Ríkislögreglustjóri fara ekki fram á þetta vegna sinna hagsmuna heldur allra þeirra, sem nýta sér hina nýju tækni og treysta vafalaust á, að hún veiti þeim sama öryggi og þeir áður nutu,“ segir Björn.

Nefndin vísaði stjórnsýslukærinni frá vegna aðildaskorts, en upphaf málsins má rekja til deilumáls milli Símans hf. og Atlássíma ehf. sem varðaði ágreining um flutning á símanúmerum í

hefðbundinni rásaskiptri talsímabjónustu yfir í netsímabjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun skyldaði Símann hf. til þess verða við flutningi yfir í netsíma, ef þess yrði óskað.

Ríkislögreglustjóri og Neyðarlínan hf. kærðu bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, á þeim forsendum að það „geti verið vandkvæðum bundið að staðsetja netsíma“, og því geti það heft almenn störf lögreglunnar og neyðarlínu.

Arnar Þór Jónsson, lögmaður hjá Logos sem sótti málið fyrir hönd Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar, segir Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínuna hafa komið sjónarmiðum sínum á framfæri, af þeim geti verið tekið mið þegar málum tengdum netsímum verði komið í traustari far-



BJÖRN BJARNASON

veg. „Það á eftir að taka endanlega ákvörðun um þessi mál, þar sem stofnunin tók ákvörðun sem aðeins er til bráðabirgða. Nú hefur þessum mikilvægum sjónarmiðum Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar hf., sem varða öryggi almennings, verið komið á framfæri og vonandi verður tekið tillit til þess þegar ákvörðunin liggur fyrir.“

Sérstaklega var þess getið í úrskurði úrskurðarnefndarinnar að hægt væri að fallast á sjónarmið Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar hf., en vegna aðildaskorts væri ekki hægt að fallast á það „að kærandur hafi verulega hagsmuni af því að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunnar í máli Símans hf. og Atlássíma ehf. sé ógilt.“

magnush@frettabladid.is

Bandaríkjamenn segja Saddam Hussein vera við góða heilsu:

Saddam í hungurverkfalli

BAGDAD, AP Verjendur Saddams Hussein í Írak vara við því að heilsu hans muni hraka, haldi hann áfram í hungurverkfalli sínu í fangelsinu. Þeir segja bandaríska hernámsliðið bera alla ábyrgð bíði heilsa hans tjón af.

Þeir hvetja einnig bæði Sameinuðu þjóðirnar og fleiri stofnanir, jafnt alþjóðlegar sem arabískar, til að sjá til þess að hann hljóti réttláta dómsmeðferð.

Saddam hefur neitað að borða frá því 7. júlí síðastliðinn. Þrír aðrir sakborningar í réttarhöldunum hafa verið í hungurverkfalli frá sama tíma.



SADDAM HUSSEIN

Bandaríkjamenn, sem hafa Saddam í haldi, segja að hann sé við góða heilsu og daglega sé fylgst með heilsufari hans í fangelsinu.

Verjendurnir taka undir kröfur Saddams um að rannsókn verði gerð á morðinu á Khamis al-Obeidi, einum lögfræðinga hans, en al-Obeidi var þriðji lögfræðingurinn úr verjendahópi Saddams sem var myrtur frá því réttarhöldin hófust þann 19. október síðastliðinni.

Jafnframt birtu verjendurnir bréf frá Saddam til bandarísku þjóðarinnar þar sem hann segir bandarísk stjórnvöld enn ljúga að þjóð sinni. Hann segir einnig að stríðið í Írak hafi skaðað „virðingun og álit“ Bandaríkjanna í heiminum.

- gb

nettó í sumarskapi

fullt af sumarvörum á lágu verði



40%
afsláttur um helgina
Blómapottar



ótrúlegt
verð

aðeins
þessa helgi

9.990 kr.stk

Körfuboltastandur



Rollsinn í sumar
-3 brennara
-hliðarhella
-hitamælir
-stálfrontur
-steypt járn í grillgrind

29.990 kr.stk

Risa 3 brennara gasgrill

hágæða pallaolía sem
hentar íslenskum aðstæðum



2 fyrir 1

649 kr.stk

Pallaolía 2,5 ltr.

50% afsláttur
af öllum hjólum

takmarkað
magn eftir

takmarkað
magn eftir



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 22. júlí til 23. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvað heitir leiðtogi breska Íhaldsflokksins?
- 2 Á hvaða golfvelli er Opna breska meistaramótið haldið?
- 3 Hvað heitir nýr bæjarstjóri Bolungarvíkur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Kópavogsbær undirbýr dagvistun fyrir níu til átján mánaða börn:

Foreldrar fá 30.000 krónur

DAGVISTUN Aðkoma Kópavogsbæjar að dagheimilum fyrir níu til átján mánaða börn er í undirbúningi. Búist er við því að boðið verði upp á þjónustuna í haust eða strax eftir áramót.

Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs Kópavogsbæjar, segir að rætt hafi verið um að vistunin verði í einkarekstri og að bærinn greiði þrjátíu þúsund til foreldra barnanna.

Þeir ráði síðan hvernig þeir leysi pössun barnanna; hvort peningurinn fari til dagmæðra, dagheimilanna eða þeir ákveði að vera heima með börnin.

„Við erum að skoða hvort við

getum hafist handa strax í haust eða um áramótin. Það veltur annars vegar á fjárhagsáætluninni okkar og hins vegar á því að ákvörðun um hvernig við ætlum að standa að dagvistuninni hefur ekki verið tekin. Við vitum af þörfinni og höfum hugsað okkur að fá samstarfsaðila til að skoða framhaldið.

Við höfum viðrað hugmyndirnar við aðila sem hafa sýnt því áhuga að reka slík dagheimili.“

Ómar segir sumarfrí hægja á undirbúningum: „Við vinnum eins hratt og við getum og ætlum að standa við loforð okkar.“



ÓMAR STEFÁNSSON Forseti bæjarráðs Kópavogsbæjar segir hugað að dagvistunarmálum níu til átján mánaða barna. Lausnin verði kynnt í haust eða um áramótin.

Samkeppniseftirlitið:

Ekkert athuga-vert við kaupin

SAMKEPPNI Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir ekkert hafa verið því til fyrirstöðu að heimila kaup Símans hf. á Radiómiðun.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að fallist hefði verið á kaup Símans á fyrirtækinu, en það starfar á fjarskiptamarkaði. Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins kom fram að fallist væri á kaup Símans hf. á hluta af rekstri Radiómiðunar-Ísmar ehf. „Ákvörðunin laut að kaupum Símans hf. á tilteknum hluta Radiómiðunar-Ísmar ehf., en það er rétt að áréttu það að Ísmar er sjálfstætt starfandi fyrirtæki,” segir Páll Gunnar. - mh



FRÁ STRANDSTAÐ Sif SI-32 náðist á flot um hádegisbil í gær. Engin hætta var á ferðum.

MYND/ELLERT

Fimm tonna trilla strandaði:

Náðist á flot án vandræða

STRAND Fimm tonna trilla, Sif SI-32, strandaði á Flósinni á milli Sandgerðis og Garðs í gærmorgun. Einn maður var um borð og kallaði hann eftir aðstoð rétt fyrir klukkan átta til að draga bátinn á flot.

Þjörgunarsveitirnar Sigurvon í Sandgerði og Ægir í Garði fóru á vettvang ásamt lögreglunni í Keflavík og náðist báturinn á flot um hádegisbil. Báturinn var dreginn til Sandgerðis undir eftirliti þjörgunarsveitarmanna í landi þar sem hann var talinn nokkuð skemmdur. Ekki er talið að hætta hafi verið á ferðum því veður á strandstað var gott.

- shá

Yfir 400 aldraðir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými

Fjárframlög vegna hjúkrunarrýma fyrir aldraða verða aukin um rúma þrjá milljarða króna. Peningunum verður varið í nýbyggingar, breytingu fjölbýla í einbýli og rekstur. Biðlistum á að koma í „ásættanlegt horf“. Hjúkrunarheimilum verður gert að veita sjúkrahúsum forgang við innlagnir.

ALDRADIR Kveðið er á um aukin framlög til byggingar og reksturs hjúkrunarheimila fyrir aldraða í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá því á miðvikudag. Þau 2.500 hjúkrunarrými sem nú eru á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstofnunum svara hvergi nærri þörfinni, enda yfir fjögur hundruð manns í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými.

Viðbótarframlögin nema alls 3.340 milljónum króna og renna peningarnir ýmist til framkvæmda eða reksturs.

Fram til ársins 2010 renna samtals 1.600 milljónir til framkvæmda, bæði nýbygginga og breytinga. Af þeim peningum fara 1.300 milljónir í að greiða kostnaðarhlutdeild ríkisins við byggingu 130 rýma og þrjú hundruð milljónir renna til breytinga eldri rýma úr fjölbýli í einbýli. Framlögin nema átta hundruð milljónum króna árið 2008, sjö hundruð milljónum 2009 og hundruð milljónum árið 2010.



ÞÆTT ÚR BRÝNNI ÞÖRF Meðal þess sem gert verður til að mæta kröfum nútímans í búsetumálum aldraðra er að breyta fjölbýli í einbýli. Á myndinni er heimilisfólk á hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dá verður fé, sem fer úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs stofnanaþjónustu, fært til

uppbyggingar öldrunarþjónustu. Með því eykst fjármagn til uppbyggingar um tvö hundruð millj-

ónir á ári. Sú ráðstöfun fjármagnar hlut ríkisins af byggingarkostnaði 60-65 rýma á næstu fjórum árum.

Kostnaði vegna fjölgunar hjúkrunarrýma og dagvista verður mætt með sérstöku rekstrarframlagi sem alls hljóðar upp á 1.740 milljónir króna. Samsvarar það kostnaði við rekstur um tvö hundruð rýma til viðbótar því sem nú er gert ráð fyrir í langtímaáætlun.

Hjúkrunarheimilum verður gert að veita sjúkrahúsum meiri forgang við innlagnir en líkt og ítrekað hefur komið fram í fréttum liggja margir aldraðir á Landspítalanum þrátt fyrir að þurfa ekki lækningu heldur aðhlyningu á hjúkrunarheimili. Aðgerðirnar koma því spítalanum mjög til góða.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og eldri borgara segir að með þessum og öðrum aðgerðum sé áætlað að ná megi biðlistum í „ásættanlegt horf.“

bjorn@frettabladid.is

LYSING.IS // 540 1500

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér hentuga lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LYSING



SKÝR KRAFA Eldri borgarar vilja margir njóta þjónustu heima eins lengi og mögulegt er.

Framlög til heimahjúkrunar aukin um 900 milljónir:

Heimahjúkrun verður stórefld

ALDRADIR Lyfta á grettistaki í þjónustu við aldrað fólk sem vill og getur búið á eigin heimili. Auka á heimahjúkrun og efla félagslega heimabjónustu.

Nú renna 540 milljónir króna árlega til heimahjúkrunar aldraðra. Samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og eldri borgara verður sú fjárhæð hækkuð til muna á næstu árum. Á næsta ári bætast 200 milljónir til mála-flokksins, 300 milljónir árið 2008 og 400 milljónir árið 2009. Samtals verður því 1.440 milljónum varið til heimahjúkrunar árið 2009.

Heimahjúkrun á að standa til boða að kvöld- og næturlagi um allt land.

Til að mæta þörfinni verður lögð áhersla á að fjölga í röðum hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annarra fagstétta sem koma að heimahjúkrun auk þess sem vinna á að menntun ófaglærðra sem aðstoða við aðhlyningu.

Það er sköðun nefndar sem vann að athugun á aðbúnaði eldri borgara að aukin heimabjónusta geri hvort tveggja í senn að bæta lífsgæði aldraðra og draga úr útgjöldum vegna stofnanaþjónustu.

- bps

BT

VIP sjóræningja leikur

Ertu búin/nn að kaupa þér fartölvu í BT, ert þú efni í VIP sjóræningja? Mannið fallbyssurnar! Það er fjársjóðsskip framundan!

Allir VIP sjóræningjar hljóta að þessu sinni:

Targus fartölvutösku (TBT012)
-auðveldara að stökkva á milli þilfara með fartölvuna í góðri vel bólstraðri og vatnsfráhrindandi tösku

Biómiða á Pirates of The Caribbean - Dead mans chest
-fyrir tvo landkrabba
-bjóddu bekkjarskvísunni/folanum með þér (vink vink)

Kassa af BT bombu orkudrykk
-til að halda þér vakandi yfir skruddunum
Verðmæti 5.976,-

Ruddalegustu sjóræningjarnir verða dregnir úr potti og þeir hljóta:

Logitech THX tölvuhljóðkerfi (LOGITECH Z-5400 DIGITAL)
-Egilshöll hvað, þú sprengir bara hlustirnar heima hjá þér
Verðmæti 29.999,-

Nokia N91 GSM sími fyrir þá vandlátu
Verðmæti: 69.999,-

Sony 20GB MP3 spilari (NW-A3000)
-falleg hönnun og Sony gæði
Verðmæti 29.999,-

FARTÖLVA

4.914**

4.914
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

13.999
Vaxtalaust 12 mán.

167.988
Staðgreitt

VIP sjóræningi FYLGIR

S26391-K159-V900

Intel Centrino Duo T2300E
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi



FARTÖLVA

TOSHIBA

Toshiba Satellite A100-163

Intel® Centrino® Duo Mobile 1.66 GHz
front side bus : 667 MHz
Windows® XP Home Edition
standard : 1,024 (512+512) MB
maximum expandability : 4,096 MB
DDR2 RAM (533 MHz)
DVD Super Multi drive (Double Layer)
Mobility™ Radeon® X1400 / 28 MB + up to 128 MB
15.4" Toshiba TruBrite® WXGA TFT display
1,280 x 800
Wi-Fi™ Wireless LAN (802.11a/b/g)
1 x DC-in / 1 x external monitor / 1 x RJ-11
1 x RJ-45 / 1 x TV-out (s-video)
1 x i.LINK® (IEEE 1394) / 1 x mic
1 x headphone (stereo)
4 (Rear 2, Right 2) x USB 2.0
5 in 1 media slot



6.529**

6.529
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

14.999
Vaxtalaust 12 mán.

179.988
Staðgreitt

VIP sjóræningi FYLGIR

15.4"

Lyklaborð með vatnsvörn

ATI Radeon Mobility X1400 skjákerfi

15.4" TruBrite WXGA skjár

1GB DDR2 vinnsluminni

After School certified



Í GINI LJÓNSINS Mikið var um dýrðir við opnun Cervantes-stofnunarinnar í Peking á dögunum, enda mætti krónprins Spánverja og ektakvinna hans í teitið.

NORDICPHOTOS/AFP

Listaverk Ríkisútvarpsins, sem metin eru á rúmar 52 milljónir króna:

Listaverkin geta notið sín innan RÚV

LIST Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands, segir listaverkin Sumardagur í sveit og tvö verk er tilheyra sérú sem nefnist Sjávarútvegur, eftir Gunnlaug Scheving, geta notið sín innan veggja Ríkisútvarpsins. Í Fréttablaðinu í vikunni var greint frá því að Hilmar Einarsson, forvörður í Morkinskinnu, hefði metið verk Gunnlaugs á rúmlega 40 milljónir króna. Samtals eru listaverk í eigu RÚV metin á 52 milljónir króna.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Hilmar skynsamlegast að koma verkunum fyrir á safni, og þá helst á Listasafni Íslands, en þau hanga uppi á veggjum í höfuðstöðvum

RÚV við Efstaleiti, meðal annars fyrir utan förðunarherbergi í húsinu.

Ólafur segir mikilvægt að umgengni um verkin sé í samræmi við verðmæti og gildi verkanna. „Með hliðsjón af listrænu gildi verkanna eiga þau tvímælaust heima í Listasafni Íslands. Aftur á móti skil ég vel það sjónarmið útvarpsstjóra að verkin séu hluti af mikilvægri menningarlegri ástýnd RÚV. En það er eðlilegt fyrir stofnanir að leita til Listasafns Íslands eftir ráðgjöf um forvörslu og meðferð listaverka, ef fyrir því er áhugi.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri



greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að hann teldi óþarft að koma verkunum fyrir á safni þar sem þau gæfu RÚV menningarlega ásjónu sem mikilvægt væri að halda í.

- mh

Fjölskylduhátíð fullveldisins:

Búist við 4.000 manns í Hrísey

HRÍSEY Fjölskylduhátíð fullveldisins í Hrísey verður nú um helgina og vinna um hundrað íbúar eyjarinnar nú að undirbúningi en búist er við um fjögur þúsund manns.

Hátíðin var fyrst haldin árið 1997 til að halda upp á að tillaga um sameiningu Hríseyjar og Dalvíkur var felld. Um helgina verður, eins og ávallt, lýst yfir sjálfstæði Hríseyjar frá Íslandi og gilda þar hríseysk lög og fá gestir sérstakan passa og gerast hríseyskir ríkisborgarar á meðan á dvöl þeirra stendur.

- sdg

Landssamband veiðifélaga:

Umhverfismats krafist

FISKELDI Landssamband veiðifélaga hefur sent umhverfismatsherra bréf þar sem þess er krafist að fyrirhuguð framkvæmd AGVA ehf., vegna þorskeldis í Hvalfirði, fari í umhverfismat.

Í bréfinu kemur fram hörð gagnrýni á störf Skipulagsstofnunar. Stofnunin er gagnrýnd fyrir að leita ekki til sérfróðra manna í vali sínu á umsagnaraðilum um möguleg áhrif þorskeldis í nágrenni ósa veiðiáa í Hvalfirði.

Í Hvalfjörð renna þrjár laxveiðiár.

- æpe

Listsköpun í stað áhættu

Nýju meðferðarstarfi, sem ætlað er að minnka líkurnar á áhættusamri hegðun, hefur verið ýtt úr vör. Lögð er áhersla á listnám, vellíðan án vímuefna, hugræna atferlismeðferð og sjálfstyrkingu.

FÉLAGSMÁL Listnám, vellíðan án vímuefna, hugræn atferlismeðferð og sjálfstyrking eru fjórar meginstoðir nýs meðferðarstarfs fyrir ungt fólk með áhættusama hegðun og geð- og hegðunarraskanir. Starfinu, sem kallast lífslist, var hleypt af stokkunum í gær með undirskrift samkomulags milli Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðis- og tryggingaráðherra og Páls Biering, formanns sérstaks stýrihóps.

Markmið samkomulagsins er að setja upp nýtt úrræði í meðferðarstarfi sem ætlað er að þjóna ungu fólk sem þarf á stuðningi og meðferð að halda.

Líkur á áhættusamri hegðun eru minnkaðar með listsköpun og



Í HÖFN Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og Páll Biering, formaður stýrihópsins, undirrita samkomulagið. Að baki þeim standa fulltrúar Nýrrar leiðar, Guðrún B. Ágústsdóttir og Jón Guðbergsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LÍFSLISTIN FELUR Í SÉR FJÓRA MEGINÞETTI:

1. Listnám þar sem sköpunarkraftur unglings er virkjaður til að byggja þá upp.
2. Vellíðan án vímuefna þar sem ungmennum er kennt að láta sér líða vel án vímuefna.
3. Hópmeðferð þar sem hugrænni atferlismeðferð er beitt við að kenna unglungum nýjar leiðir til að bregðast við erfiðum aðstæðum og auka félagslega færni þeirra.
4. Sjálfstyrking þar sem unglungum er hjálpað að draga fram mátt sinn og megin.

þjálfun í samskiptum og lífsleikni. Byggt er á erlendri fyrirmynd sem reynst hefur vel og hafa rannsóknir sýnt að meðferðarúrræði sem ekki fela í sér stofnavistun gagnast unglungum með hegðunarsvandamál betur en vist og meðferð á stofnun.

Ný leið ehf. annast framkvæmd verkefnisins en það er fyrirtæki

fimm sérfræðinga á sviði forvarna og meðferðar. Sautján milljónum króna er varið til verkefnisins, tólf milljónir koma úr félagsmálaráðuneytinu, fjórar úr heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og ein milljón úr Minningar-sjóði Margrétar Björgólfsdóttur.

Gert er ráð fyrir að allt að 35 ungmennum standi þessi úrræði

til boða á hverri önn. Ný leið sér um verkefnið á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni verður starfað í samráði við ungmennahús og í náinni samvinnu við Rauða krossinn.

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið í fimm ár og er afráðið að það standi í tilraunaskyni til ársins 2008.

bjorn@frettabladid.is

ÁSKORUN TIL RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS! REYKJAVÍKURSUND 2006 GEGN MANSALI

Við undirrituð skorum á ríkisstjórn Íslands að beita sér gegn mansali með því að fullgilda Palermo samning Sameinuðu þjóðanna og Samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Ríkisstjórnin og Alþingi setji með slíkri fullgildingu mikilvægt fordæmi fyrir aðrar þjóðir um aukna mannréttindavernd og upprætingu mansals.

unicef
UNICEF Á ÍSLANDI



SAMTÖK UM
KVENNAATHVARF



ÍSLANDSDEILD
AMNESTY
INTERNATIONAL

UNIFEM
UNIFEM Á ÍSLANDI

BENEDIKT S. LAFLEUR



Stígarnet



HVÍLT Í FRÍÐI Kirkjugördum Reykjavíkurprófestsdæma er óheimilt að innheimta líkhúsgjald.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Álit umboðsmaður Alþingis:

Líkhúsgjald ólöglegt

ÁLIT Kirkjugördum Reykjavíkurprófestsdæma er óheimilt að innheimta líkhúsgjald fyrir geyslu á líkum í líkhúsi kirkjugarðanna í Fossvogi. Það er álit Umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaðurinn beinir því til prófestsdæmisins að það taki gjaldtöluna til endurskoðunar. Hann vill að dóms- og kirkjumálaráðherra skoði sérstaklega hvort ákvæði laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu séu nægilega skýr um hvaða þjónustu almenningi eigi að veita endurgjaldslaut.

Umboðsmaður fékk málið til athugunar eftir að eiginkona mannsins sem kvartaði var krafin

um tíu þúsund króna greiðslu fyrir geyslu á líki föður hennar í líkhúsi kirkjugarðanna í Fossvogi. Maðurinn taldi gjaldið ekki eiga sér lagastoð og hafði leitað til Neytendasamtakanna og ráðuneytisins áður.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófestsdæma gáfu umboðsmanni þá skýringu á gjaldinu að um árabíl hefðu kirkjugarðastjórnir bent dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á að kirkjugarðsgjöld stæðu ekki undir þeim rekstri sem kirkjugördum sé ætlað að veita. Rekstur líkhúss væri íþyngjandi og félli utan við lögbundið hlutverk þeirra. Gjaldið væri rekstrinum nauðsynlegt.

- gag

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.459 +0,31% Fjöldi viðskipta: 126
Velta: 1.065 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Glitnir 1,78%
Strau.-Burð. 1,24%
FL Group 1,22%

MESTA LÆKKUN

↓ Alfesca 1,43%
Dagsbrún 0,72%
Mosaic 0,59%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 62,90 -0,48% ... Alfesca 4,14 -1,43% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,00% ... Atorka 6,20 +0,49% ... Avion 32,90 -0,30% ... Bakkavör 48,60 +0,00% ... Dagsbrún 5,51 -0,72% ... FL Group 16,60 +1,22% ... Glitnir 17,20 +1,78% ... KB banki 738,00 +0,14% ... Landsbankinn 21,00 -0,47% ... Marel 72,60 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás 16,40 +1,24% ... Össur 112,00 -0,44%

viðskipti

Umsjón:

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Íslendingar á HM?

Forráðamenn British Airways hafa ákveðið að taka hagsmuni hluthafa fram yfir hagsmuni þjóðarinnar og ætla ekki lengur að flytja enska fótboltalandsliðið frítt heimshomanna á milli eins og tíðkast hefur um árabíl. Árangur enska landsliðsins var ekki upp á marga fiska á síðasta HM og má því ætla að BA sjái sér ekki hag í því að framlengja samstarfið. Velta menn nú vöngum yfir því hvort laggjaldaflugfélagið easyJet bjóði fram þjónustu sína og geri jafnvel það vel við hina forríku fótboltamenn að þeir fái að sitja á fyrsta farrými. Nú er spurning hvort íslenskir viðskiptajöfrar, sem hafa haft mikinn áhuga á því að tengja nafn sitt við fótbolta, verði fyrri til. Íslendingar eiga nefnilega heilt leiguflygfélag á Bretlandi - Excel Airways sem er í eigu Avion Group. Íslendingar munu líklega aldrei spila á HM og því gæti þetta

verið gullið tækifæri til að sitja að þessu háborði fótbólans.

Stúkur viðskiptanna

Menn hafa velt því fyrir sér hvað verði um stúkurnar sem íslenskir fjárfestar eiga á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea, eftir að Eiður fer til Barcelona. Stúkurnar hafa verið notaðar fyrir viðskiptavini Íslendinga og þeir hafa nú ekki allir bara mætt vegna Eiðs Smára. Þannig má búast við því að einhverjir sjái sér enn hag í því að bjóða kúnum sínum á völlinn. Íslendingar eru með mikil umsvif í London. Minna fer fyrir þeim í Barcelona. Hins vegar eiga Íslendingar lyfjaverksmiðju á svæðinu og ekki fráleitt að þeir sem að henni standa vilji bjóða sínum viðskiptavinum að líta á Íslendinginn knáa spila fótbolta með stóriðinu.



MARKAÐSPUNKTAR ...

Hlutabréf í tölvurísanum Dell féllu um tíu prósent á markaði í gær eftir að fyrir-tækið tilkynnti um slaka afkomu, annan ársfjórðunginn í röð. Mun hagnaðurinn vera 21 til 23 sent á hlut, vel undir spám, en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir allt að 32 sentum á hlut.

Breski bankinn HSBC Holdings heggst kaupa Grupo Banistmo, stærsta banka Panama, fyrir 1,77 milljarða dollara, um 131 milljarð króna. Þannig öðlast bankinn aðgang að fimm nýjum löndum: Panama, Kosta Ríka, Hondúras, Kólumbíu, El Salvador og Nikaragúa.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD, hefur varað japanska seðlabankann við því að hækka stýrivexti meira, áður en almennra verðhækkana verður frekar vart. Bankinn hækkaði vexti í fyrsta sinn í sex ár í síðustu viku.



VIÐ VINNU Laun í landinu hafa hækkað um 8,8 prósent síðustu tólf mánuði.

Laun hækka enn

Laun hækkuðu um 0,4 prósent í júní samkvæmt tölum frá Hagstofnunni. Ekki hefur orðið viðlíka hækking milli mánaða síðan snemma árs 2002. Tölf mánaða hækking nemur 8,8 prósentum.

Laun opinberra starfsmanna og bankamanna hækkuðu mest, um 9,8 prósent, en laun á almennum vinnumarkaði um átta prósent.

Í Morgunkorni Glitnis segir að launahækkanir séu langt umfram vöxt framleiðni vinnuafis og því ekki að undra þótt verðbólga láti á sér kræla. Þá reiknar greiningardeild Glitnis með auknum hraða launahækkana á næstu misserum enda áhrif samkomulags aðila vinnumarkaðarins ekki enn sýnileg í opinberum tölum.

- jsk

Of snemmt að spá

Undirstöður íslensku bankanna eru ekki jafn traustar og væntanleg uppgjör fyrir annan ársfjórðung gefa til kynna, segir í nýrri skýrslu alþjóðlega fjárfestingarbankans Merrill Lynch um íslensku bankana. Merrill Lynch virðist enn ekki sannfært um ágæti bankanna og gagnrýnir íslenskt lagaumhverfi.

Merill Lynch telur skuldabréf í Glitni og Landsbankanum stöðuga fjárfestingarkosti, en ekki sérlega spennandi. Greiningardeildin mælir síður með skuldabréfum í KB banka og telur mesta hættu á að bankinn lendi í erfiðleikum með endurfjármögnun skuldabréfa. Skýrsla Merrill Lynch ber titillinn „Of snemmt að spá“ og er þar vísað til ummæla fyrrum forsætisráðherra Kína, Zhou Enlai, þegar hann var spurður um áhrif frönsku byltingarinnar á strama og stefnur í stjórnmálum. Þetta er önnur skýrsla Merrill Lynch um íslensku bankana á árinu, en sú fyrri var af mörgum talin hafa átt stóran þátt í gengisfalli krónunnar snemma árs. Tónn nýju skýrslunnar er öllu léttari þótt enn treysti höfundar sér ekki til að lýsa trausti á íslenska bankakerfið.

Merrill Lynch segir að væntanleg uppgjör Glitnis og KB banka gefi ranga mynd af raunverulegri stöðu. Stór hluti hagnaðarinnar sé til kominn vegna hækkingar á verðtrygðra eigna og gjalddeyrishagnaðar, auk þess sem veiking íslensku



HÖFUÐSTÖÐVAR KB BANKA Í BORGARTÚNI Merrill Lynch lýsir áhyggjum af eignatengslum auk lána til hluthafa og stjórnenda í nýrri skýrslu um íslensku bankana. Tónn nýju skýrslunnar er þó örliðið bjartari en þeirrar sem kom út fyrr á árinu.

krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum sýni uppgjörin í jákvæðara ljósi en ella.

Merrill Lynch telur að þrátt fyrir að dregið hafi úr krosseignarhaldi og eignatengslum í íslensku viðskiptalífi sé enn langt í land. Tengsl KB banka og Exista eru sérstaklega nefnd til sögunnar auk lána Glitnis til æðstu stjórnenda bankans. Þá lýsir höfundur skýrslunnar yfir áhyggjum sínum

af framvindu mála í Straumi-Burðarás, þar sem ýmislegt hafi gengið á undanfarin misseri.

Merrill Lynch telur KB banka enn veikastan fyrir endurfjármögnun á markaði og áætla að bankinn þurfi rúma sex hundruð milljarða íslenskra króna fyrir árslok 2007 til að standa við skuldbindingar.

„Það er ýmislegt sem veldur okkur áhyggjum. Þar mætti nefna krosseignarhald auk lána bankanna til hluthafa og stjórnenda. Hins vegar virðist sem ýmislegt horfi til betri vegar. Athyglisvert er að frumkvæðið kemur ekki frá löggjafanum heldur markaðnum sjálfum,“ segir í skýrslunni.

Skýrsluhöfundar Merrill Lynch eru öllu svartsýnni en greiningardeild bandaríska fjármálafrýr-tækisins Morgan Stanley. Morgan Stanley gaf á dögunum út fréttarit þar sem meðal annars var mælt með kaupum á skuldabréfum í Glitni og bent á að þrátt fyrir að íslenskt efnahagslíff væri óstöðugt kæmu sextíu prósent tekna bankans frá útlöndum.

jsk@frettabladid.is

Hefur lækkað um 22 prósent

FÉLÖG ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR HAFU RÝRNAÐ UM TUTTUGU PRÓSENT Á NOKKRUM MÁNUÐUM. GENGI ALÞJÓÐLEGRA VÍSITALNA ER MISJAFNT.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands, ICEX-15, hefur lækkað um tæplega tuttugu og tvö prósent frá hæsta gildi. Vísitalan stendur nú í 5.465 stigum en fór í 6.995 stig þegar best lét snemma árs. Heildarlækking frá áramótum nemur 1,66 prósentum. Lækking hefur orðið á bréfum tíu af fimmtán félögum úrvalsvísitölunnar. Mest lækking hefur orðið í bréfum Avion Group, rúmlega tuttugu og sjö prósent. Bréf í Icelandic Group hafa lækkað um

rúm sautján prósent og í Landsbankanum um tæp fimmtán prósent. Fimm félög hafa lækkað frá áramótum. Tæplega tuttugu og sjö prósent hækking hefur orðið á bréfum í Actavis, Marel hefur lækkað um tólf prósent og Straumur-Burðarás um tæp sjö prósent. NASDAQ-vísitalan bandaríska sker sig nokkuð úr á meðal helstu alþjóðlegra vísitalna, en hún hefur lækkað um tæp ellefu prósent frá áramótum. FTSE-vísitalan í Lundúnum, CAC-40 í Frakklandi og hin þýska DAX hafa allar lækkað um þrjú prósent.

Norska OBX vísitalan hefur lækkað um tæp þrettán prósent. Danska C20-vísitalan hefur lækkað um rúmlega sjö prósent frá áramótum og hin sænska OMXS um riflega eitt prósent.

- jsk



Lúxusskattur á öryggistæki

Vörugjald upp á 25 prósent leggst á handfrjálisan búnað, öryggistæki við akstur, en ekki á farsíma, farsímatöskur og annan aukabúnað fyrir síma.

Handfrjálisan búnaður fyrir farsíma ber 25 prósent vörugjald á sama tíma og vörugjöld leggjast ekki á farsíma og allan aukabúnað fyrir farsíma. Þannig bera hvorki hleðslutæki né batterí, farsímar né farsímatöskur, skraut á farsíma né loftnet vörugjöld.

Notkun farsíma án handfrjálisan búnaðar við akstur hefur verið óheimil frá árinu 2001.

„Við teljum að þarna sé mikið ósamræmi að leggja vörugjöld á þennan öryggisbúnað, því þetta er öryggisbúnaður fyrst og fremst,“ segir Pétur Már Jónsson, yfirmaður forvarna hjá VÍS. Stereótæki og hljómtæki bera

sömu vörugjöld og handfrjálisan búnaður en hér áður fyrr var lagður sérskattur á þessi tæki sem var kallaður lúxusskattur. Bæði DVD-spilarar og MP3-spilarar bera sömu vörugjöld og

VÖRUGJÖLD OG TOLLAR Á ÝMSAN FARSÍMABÚNAÐ

	Vörugjöld	Tollar
Handfr. búna. fyrir síma	25%	7,5%
Farsímar	0%	0%
Hleðsl.t. fyrir síma í bíl	0%	0%
Hleðsl.t. fyrir síma í vegg	0%	0%
Batterí fyrir síma	0%	0%
USB-tengi	0%	0%
Haldari fyrir síma í bíl	0%	10%
Leðurtösk. fyrir síma í bíl	0%	10%

handfrjálisan búnaður. Önnur öryggistæki sem tengjast bifreiðum, eins og loftpúðar, bera enn fremur vörugjöld og falla inn í sama tollskrárflokk og aðrir aukahlutir bifreiða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa verið uppi hugmyndir innan fjármálaráðuneytisins að fella niður vörugjöld af handfrjálsum búnaði, sem öryggistæki, en þær hafa ekki orðið að veruleika. Ekki náðist í starfsmenn hjá ráðuneyti í gær.

Par að auki ber handfrjálisan búnaður 7,5 prósent toll sem farsímar, batterí og hleðslutæki eru undanþegin.

- eþa

ÚTI AÐ AKA?



handfrjálisan búnaður í bílinn

Car kit CK-7W

- * Bluetooth búnaður í bílinn
- * Svarhnappur, hátalari og hljóðnemi
- * Lækkar sjálfkrafa í hljómtækjum
- * Sjálfvirk tenging við síma

Þú færð handfrjálisan búnað í bílinn í hátækni og hjá söluaðilum NOKIA.

NOKIA

Kjör „Gömlu konunnar“ versna

Velta Juventus gæti lækkað um tíu milljarða króna.

Sérfræðingar áætla að tekjur ítalska stórliðsins Juventus, eða „Gömlu konunnar“, hrynji um helming við það að félagið falli niður úr efstu deild í þá næstefstu en forráðamenn Juve og nokkurra annarra liða hafa verið fundnir sekir um að hafa hagrætt úrslitum leikja.

Juve velti tæpum 21 milljarði króna á síðasta keppnistímabili en búist er við að veltan fari niður í rúma tíu milljarða á næstu leiktíð.

Mestu munar um snöggum minni tekjur af sjónvarpssam-

ingum frá ítölsku deildinni og meistaradeildinni en þær nema helmingi af veltunni. Um fjórðungur tekna kemur frá styrktaradölanum Tamoil sem ber nafn sitt á treyjum Juve. Forvígismenn Tamoil telja forsendur samningsins vera í uppnámi og hafa óskað eftir endurskoðun hans.

Á mótinu er víst að óreglulegar tekjur af leikmannasölu munu stórukast, enda brunaútsala í gangi. Nú þegar hafa Fabio Cannavaro, Emerson, Lilian Thuram og Gianluca Zambrotta gengið til liðs við Barcelona og Real Madrid.

Gengi Juventus, sem er skráð í Kauphöllina í Mílanó, hefur fallið um helming eftir að skandallinn spurðist út. Hæst náði gengi bréfa



LEIKMENN JUVE FAGNA Tekjur Juventus munu dragast saman um helming eftir að félagið var sent niður um deild.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Juve 2,46 evrum á hlut hinn 9. maí, degi áður en þau hrundu um 55 prósent á tveimur vikum.

Heldur hefur virði þeirra verið

að hækka að undanförunu og stendur nú í 1,5 evrum á hlut sem er svipað og það var um miðjan mars.

- eþa

Skilaði hagnaði:

Sóknarfæri fyrir Lýsingu

Eignarleigu- og fjármögnunar-fyrirtækið Lýsing hf., dótturfélag Exista hf., skilaði 455 milljóna króna hagnaði eftir skatta á fyrri helmingi ársins. Útlán jukust um 45,8 prósent og námu þau tæpum 54 milljörðum króna í lok tímabilsins.

Viðskiptamönnum Lýsingar, bæði fyrirtækjum og einstaklingum, fjölgaði verulega á tímabilinu.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands um uppgjör fyrirtækisins kemur fram að enn séu sóknarfæri til staðar.

Ekkert bendi til annars en að það sem eftir lifi árs geti orðið félaginu farsælt.

- jeb



EMIRATES STADIUM Arsenal hefur fengið tekjur af miðasölu þrettán ár fram í tímann.

Arsenal hleður fallbyssuna

Arsenal hefur fengið 35 milljarða í aðra hönd eftir að félagið seldi skuldabréf með veði í tekjum af miðasölu næstu þrettán árin. Félagið tekur í notkun á næstu leiktíð nýjan leikvang, Emirates Stadium, sem rúmar sextíu þúsund áhorfendur.

Vaxtakjörin, sem Arsenal fékk, þykja mjög góð eða 52 punkta álag á vexti breskra ríkisskuldabréfa. Er þetta til marks um að fjárfestar líti á fótboltafélög sem alvöru fyrirtæki.

Fjárhæðin er nýtt til endurfjármögnunar á eldri lánum sem leiðir til lækkunar á vaxtakostnaði Arsenal.

- eþa

Hagvöxtur í Bretlandi eykst

Hagvöxtur í Bretlandi mældist 2,6 prósent á öðrum ársfjórðungi en var 1,8 prósent á sama tíma í fyrra, samkvæmt útreikningum bresku hagstofunnar sem birtir voru í gær. Hagvöxturinn var meiri en spáð hafði verið en hann má að mestu leyti rekja til aukningar í þjónustu á fjórðungnum.

Í Morgunkorni Greiningardeildar Glitnis banka segir að aukinn hagvöxtur í Bretlandi komi sér ágætlega fyrir íslenska hagkerfið vegna mikilla viðskipta á milli Bretlands og Íslands. Það muni hins vegar ekki koma sér vel fyrir íslenskan þjórðarbúskap ef stýrivextir verði hækkaðir í Bretlandi, vegna erlendra skulda Íslands. Auknar líkur eru á því að Breski seðlabankinn hækki stýrivexti nú vegna vaxtar þjórðarbúskapsins og aukinnar verðbólgu.

- hhs



Á sjó Aflaverðmæti í apríl jókst um rúm þúsund prósent milli ára.

Aukið aflaverðmæti

Aflaverðmæti íslenskra skipa í apríl nam rúmlega sex milljörðum króna. Það er 7,2 prósentu aukning frá fyrra ári, þrátt fyrir að afli hafi dregist saman. Aflaverðmæti frá áramótum nemur rúmlega 25 milljörðum króna.

Í Morgunkornum Glitnis segir að hátt heimsmarkaðsverð auk hagstæðs gengis krónu hafi aukið aflaverðmæti. Því megi þess vænta að hagur útgerðarfyrirtækja hafi vænkast á fyrsta ársfjórðungi.

- jsk

LÁTTU PENINGANA VAXA

VERÐTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

4,0% raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnvöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu

Raunvextir	Verðbólga	Nafnvextir
4,0%	8,0%	12,3%
4,0%	9,0%	13,3%
4,0%	10,0%	14,4%
4,0%	11,0%	15,4%

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 8,4%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.

Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Taka verður pólitíska ákvörðun um það að gera almenningssamgöngur að raunhæfum kosti.

Styrinn um strætó

Mikill styr hefur staðið um Strætó bs. síðan nýtt leiðakerfi var tekið upp fyrir um ári. Sitt sýnist hverjum um breytingarnar og í það minnsta hefur meira heyrst í þeim sem óánægðir eru með breytingarnar en hinum sem telja þær til bóta. Ljóst er að löngu var orðið tímabært að endurskoða leiðakerfi strætisvagnanna, sem byggði í upphafi á innan við tíu leiðum í miklu minni og allt öðruvísi borg en þeirri sem við þekkjum nú. Við þetta kerfi hafði verið þjónað áratugum saman, auk þess sem nágrannasveitarfélögin ráku sínar eigin leiðir frá Reykjavík. Hitt er annað mál að ekki virðist hafa tekist eins vel og skyldi að byggja upp alveg nýtt kerfi og hugsanlegt er að hreinlega hafi ekki verið gengið nógu langt í að endurhugsa kerfið algerlega frá grunni.

Þegar breyttu kerfi fylgir þjónustuskerðing, bæði í gisnara neti og strjálari ferðum, er vitanlega ekki von að vel gangi. Grundvallarsenda þess að almenningssamgöngur séu raunhæfur kostur fyrir þann stóra hóp fólks sem á val um að ferðast í eigin bíl, og til þess hóps verður að ná til þess að raunhæft sé að farþegafjöldi nemi einhverju, er að fljótt og vel gangi að komast á milli staða.

Ef niðurstaðan er sú að við ætlum að halda úti slíku kerfi, eins og tíðkast á þeim menningarsvæðum sem við berum okkur saman við, þá verður það kerfi að standa undir nafni.

Viðbrögðin við fækkun farþega hafa hins vegar til þessa verið í þá veru að draga úr þjónustu í stað þess að bæta hana til að gera valkostinn fýsilegri.

Svo virðist sem stofnun og rekstur Strætó bs. hafi ekki tekist sem skyldi. Hvort sem ákveðið verður að leysa það félag upp eða ekki verða almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu að virka sem ein heild, annað hlýtur að skila enn verri þjónustu en þeirri sem nú er.

Einkabílar hér á landi eru fleiri en þekktast víðast hvar á byggðu bóli og fjölgun þeirra undanfarin ár hefur verið gríðarleg. Þetta kallar á dýra mannvirkjagerð, bæði til að bera þennan bílaflaum og geyma þá meðan þeir eru ekki í notkun. Auk þess er mengun af völdum útblásturs meiri í Reykjavík en í mörgum milljónaborgum.

Góðar almenningssamgöngur eru því ekki eingöngu umhverfisvænni en óhófleg notkun einkabíla, heldur áreiðanlega þjóðhagslega hagkvæmari en að neyða fólk til að fara allra sinna ferða á einkabílum, eigi það þess kost, og skilja hina sem ekki eiga þess kost eftir með þjónustu sem ekki stendur undir nafni.

Ljóst er að sveitarstjórnir höfuðborgarsvæðisins þurfa að taka pólitíska ákvörðun um það hvort þau hyggist reka almenningssamgöngur með reisu eða ekki. Ef niðurstaðan er sú að við ætlum að halda úti slíku kerfi, eins og tíðkast á þeim menningarsvæðum sem við berum okkur saman við, þá verður það kerfi að standa undir nafni. Það kostar peninga að reka almenningssamgöngur og í litlu samfélagi eins og hér er verður að teljast ólíklegt að hægt sé að reka slíkt kerfi með hagnaði. Ef niðurstaðan er sú að rekstur almenningssamgangna sé sveitarfélögunum um megn er hugsanlegt að endurskoða verði að einhverju leyti tekjustofna þeirra til þess að gera þeim kleift að reka þessar samgöngur. Að minnsta kosti er ljóst að ef ekkert verður að gert munu almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu smám saman fjara út. ■



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Grímur uppfyllti skilyrðin

Grímur Atlason, þroskabjálfi, bassaleikari og tónleikahaldari, hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Bolungarvík. Tíu sóttu um starfið, þar á meðal nokkrir viðskiptafræðingar og einn fyrrverandi bæjarstjóri. Hvað nákvæmlega gerði það að verkum að Grímur var ráðinn hefur ekki komið fram en vissast hefur hann uppfyllt skilyrðin sem sett voru.

Soffía Vagnsdóttir, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur, upplýsti á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar í júní hvaða kostum nýr bæjarstjóri þyrfti að vera búinn. „Hann þarf að vera skemmtilegur, sætur, fyndinn og klár,“ sagði Soffía og nú er samsé



ljóst að Grímur Atlason hefur þetta allt til að bera.

Helga á firðina

Ráðning Helgu Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og starfsmanna-sviðs Reykjavíkur, í starf bæjarstjóra í Fjarðabyggð var samþykkt á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Helga var í hópi tuttugu umsækjenda og þarf ekki að koma á óvart að hún skyldi verða fyrir valinu, enda hokin af reynslu eftir langan og fjölbreyttan starfsferil. Samsæriskenningar eru uppi um að Helga sé að flýja nýjan meirihluta í Reykjavík en á það skal bent að í tíð Reykjavíkurlistans sótti hún um embætti ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins. Sjálfstæðismenn í borginni bera henni líka vel söguna eftir rúmlega mánaðarlöng náin kynni.

Hver tekur við?

Alls óvíst er hvort ráðið verði í starf Helgu hjá borginni enda stendur stjórnsýsluúttekt á borgarkerfinu fyrir dyrum. Sjálfstæðismenn hafa alla tíð haft uppi efasemdir um ágæti stjórnkerfisbreytinganna sem Reykjavíkurlistinn réðist í og ætla nú að kanna hvort kerfið virkar eða hvort rétt sé að skipta um og taka jafnvel upp gamla kerfið með embættum borgarrítara, borgarlögmans og hvað það nú allt hét. Er helst von á að einhver verði settur tímabundið í starfið og gegni því þar til nýjar linur liggja fyrir.



bjorn@frettabladid.is

Hin óbærilegu völd tilfinninganna

Þegar ég sé yngstu börnin mín vaxa úr grasi og verða allt í einu að unglíngum, þá sé ég í hnotskurn hvernig við mannfólkið breytumst úr börnum í fullorðna. Ég sé hvernig heimsmýndin breytist í huga þeirra, umhverfi þeirra verður öðru vísi og einn daginn er ég ekki lengur sami verndarengillinn. Þetta er lífið, þetta er þroskinn, litlu fræin springa út, verða stór og fyrirferðarmikil blóm í aldingaröð fjölskyldunnar.

Ekki það að ég ætli að skrifa heilan pistil um blessaða táningana mína, heldur hitt að skoða pínulítið þessi tímamót í lífi hverrar manneskju, þegar aldurinn tekur á sig mynd og tilfinningalíf-ið tekur völdin. Ég hef skrifað um það áður, hversu dásamlegt það er í rauninni, þegar maður vaknar til meðvitundar um hitt kynið og barnslegu spurnaraugun breytast í ógrandi augnarád og ástarblik. Hvílikur fiðringur fór um mann, hráan unglínginn, þegar fallega stelpa í rósotta kjólum endurgalt feimnislegt brosið og ástin kviknaði í hjarta manns, svo rauður loginn brann. Við höfum vonandi flest upplifað þetta bál. Tíma tilfinninganna. Hinnar heitu ástríðu.

Í daglegu tali er þetta kallað ást. Að maður sé ástfanginn. En í rauninni er þetta ekki annað en losti, vakning kynkenndarinnar. Spennningur og jafnvel sigur. Hún er skotin í mér, hann er kærastinn minn. Þetta heitir að vera gjafvaxta.

Og þá er ekki að bráðlætinu að spyrja, unga fólkið telur að það hafi höndlað hamingjuna, eignast ástina að rekkjunauti og gengur í hnapphelduna. Hnapphelda er réttnefni, vegna þess að skyndilega er þetta unga fólk hneppt inn í sambandi, hjónabandi, sem á sér oftast uppruna í kynhvötinni, óðagotinu, ungæðinu. Hjónabönd nútímans eru ekki reist á nánum langvarandi kynnum, þau eiga sér

Í DAG
HVATALÍF
ÁSTARINNAR

ELLERT B. SCHRAM

Við eignumst aldrei neinn, við sláum aldrei hnappheldu yfir aðra manneskju. Við getum hinsvegar með tíð og tíma eignast vini, féлага, sambúðaraðila, sem deila með sér tíma, áhyggjum, úrlausnarefnum, tómstundum og jafnvel þögninni.

lítinn fyrirvara í félagsskap, samlyndi eða skapgerð. Þau eiga sjaldnast nokkuð skylt við ástina, eins og ég sé hana. Enda eru skipbrotin mörg, hjónaskilnaðir eru taldir þrjár af hverjum fimm hjónaböndum og fer fjölgandi. Ungu elskendurnir reka sig fljótt á þá staðreynd að hjónabandið er viðtækara en atlotin í rúminu eða fegurðin sem fyrir augun ber.

Mér er jafnvel spurn á stundum hvort hjónabandið sem slíkt sé ekki að verða úrelt fyrirbæri sem og klisjan: „að vera saman í blíðu og stríðu þar til dauðinn aðskilur.“ Stundum líða ekki nema nokkrir mánuðir þangað til allt er komið í bál og brand. Svo koma deilurnar um búskiptin, forræði barnanna, hin andlegu áföll, sektarkenndin og samviskubitið þegar framtíðin hrynur til grunna og allt byrjar upp á nýtt.

Þessi atburðarás er enginn leikur og hún snýst ekki um ást. Af því að það var eiginlega engin ást í millum makanna. Blekkingin og

misskilningurinn liggja í rangtúlkun þessa orðs. Sem því miður, maður áttar sig oftast ekki á, fyrr en um seinan.

En hvað er þá ást? Auðvitað er hún væntumþykja og gleði yfir að rugla reytum sínum með þeim sem manni þykir vænt um. Við þekkjum móðurástina sem er raunveruleg, systkinakærleik, ást foreldra á börnum sínum og þeim nánustu. Allt eru þetta heilsteyptar, hreinræktaðar tilfinningar. Við þekkjum einnig fallegt einlægt ástarsamband hjóna milli. En ást maka er meira, miklu meira, en tilfinningin ein og sér. Ástin verður ekki til að einu augabragði, heldur þarf hún að þroskast í samneyti, tillitsemi, sameiginlegum áhugamálum, virðingu og félagskap. Og sjálfsgött mörgu öðru, sem ég kann ekki skil á. Enda enginn sérfræðingur í þeim fræðum og hef sjálfur lent í hremmingum af þessu tagi, mér og öðrum til raunar og angurs. Og fleiri eiga eftir að ganga í þessa sömu gildru, þessa barnslegu trú, að ævarandi heitstrenging frammi fyrir presti og nákomnum, sé upphaf og endir þeirrar hamingju, sem felst í ástinni. Ég er ekki, frekar en aðrir, þess megnugur að reyna að hafa vit fyrir unga fólkinu. Reynsla kynslóðanna og aðvaranir mega sín lítills frammi fyrir ákafa æskunnar að „eignast hvort annað“.

Við eignumst aldrei neinn, við sláum aldrei hnappheldu yfir aðra manneskju. Við getum hinsvegar með tíð og tíma eignast vini, féлага, sambúðaraðila, sem deila með sér tíma, áhyggjum, úrlausnarefnum, tómstundum og jafnvel þögninni. Kannske er það öruggasta vísbendingin um ástina að geta pagað saman. Gera ekki neitt, segja ekki neitt og líða vel.

Hver treystir sér til að hafa þetta fyrir börnunum, þegar þau loksins birtast okkur sem breimandi kettir, þessar elskur? „Þabbi, ert“ ekki í lagi? ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Lægra matvöruverð

UMRÆÐAN
MATVÖRUVERÐ



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON
FORSTJÓRI BAUGS GROUP HF.

Hér á landi eru einhver mestu og hæstu opinberu gjöld á matvöru og aðra nauðsynjavöru í Evrópu.

Íslenskir neytendur hafa um langt skeið búið við að matvara hefur verið ofurskattlögð og stjórnvöld fylgt einhverri mestu haftastefnu á Vesturlöndum á innflutning á búvöru. Það væri því fagnaðarefni ef stjórnvöld nýttu nýjar tillögur matvörunefndar til að lækka tolla og gjöld svo innkaupakarfa heimilanna mætti lækka. Það væru einhver stærstu skref sem stigin hafa verið til að bæta hag heimilanna allt frá því að Bónus var stofnað árið 1989. Í grein sem ég skrifaði í Fréttablaðið fyrr á árinu taldi ég að skipun nefndarinnar yrði gæfuspör í þá átt að lækka matvöruverð meira en nokkru sinni fyrr. Svo virðist vera að koma á daginn.

Tillögur nefndarinnar gera í fyrsta lagi ráð fyrir einföldun í skattlagningu, í öðru lagi minni skattlagningu og þriðja lagi auknu frelsi í innflutningi á matvöru. Með því að framkvæma tillögur nefndarinnar geta stjórnvöld slegið tvær flugur í einu höggi; dregið úr undirliggjandi verðbólgu og bætt hag heimilanna verulega.

Niðurstaða nefndarinnar er í samræmi við niðurstöðu sem kom fram í lok síðasta árs í skýrslu samkeppniseftirlits á Norðurlöndunum um verð á matvöru. Ein helsta niðurstaða þeirrar skýrslu var sú að tollar og gjöld væru meginástæðan fyrir háu matvöruverði hér á landi. Á það hafa reyndar fleiri bent hin síðustu ár, enda hér á landi einhver mestu og hæstu opinberu gjöld á matvöru og aðra nauðsynjavöru í Evrópu. Auk þess hamla innflutningshöft eðlilegu vörustreymi til landsins. Stjórnvöld hafa haft öll spilin á hendi en hafa valið að viðhalda ofurskattlagningu og haftastefnu. Fyrir boðbera viðskiptafrelsis og hóflegar skattlagningar kann því að vera sárt að horfast í augu við þessa staðreynd.

Þáttur stjórnvalda

Matvöruverslun á Íslandi hefur náð stórkostlegum árangri á undanförunum árum. Frá upphafi ársins 2000 til júníbyrjunar í ár hefur vísitala neysluverðs, sem Hagstofan mælir í hverjum mánuði, hækkað um 34%. Á sama tíma hefur vísitala matar- og drykkjarvöru aðeins

hækkað um 16%, innan við helming af því sem vísitala neysluverðs hefur hækkað. Á þessu tímabili hefur áfengi og tóbak hækkað um 35%. Því er ljóst að smásöluverslun ríkisins hefur heldur aukið verðbólgu á þessu tímabili á meðan matvaran hefur dregið verulega úr verðbólgu á Íslandi. Það er forvitnilegt að bera þessar tölur saman, ekki síst þegar gagnrýni á smásöluverslun með matvöru hefur að mestu leyti komið frá stjórnvöldum, sem einnig stunda umfangsmikinn smásölurekstur. Auk þess er rétt að benda á að hlutur matvöru í ráðstöfunartekjum fer stöðugt lækkandi og er nú um 14% af ráðstöfunartekjum, en var yfir 24% við stofnun Bónuss.

Það er ekki úr vegi að rifja upp

aðkomu Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, að umræðunni um matvöruverð á árunum 2001-2002. Hann réðst af miklu offorsi og heift að fyrirtækinu Baugi, nú Högum og gekk m.a. svo langt að hann taldi rétt að brjóta upp fyrirtækið. Í ljósi þess sem að framan greinir er ljóst að það varð að kenna einhverjum um. Ekki gat hann kennt sjálfum sér um sem æðsta manni ríkisstjórnarinnar í tolla- og skattamálum. Enda augljóslega þungbært að hafa ekkert framkvæmt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins í þessum málaflokki í sinni löngu valdatíð. Ekkert.

Árangur verslunarinnar

Höfundar forystugreina Blaðsins og Fréttablaðsins hafa nú bent á

hversu illa forsætisráðherra komst að orði þegar hann sagði að verslunin gæti ekki staðið undir tillögum matvörunefndarinnar og myndi væntanlega taka alla lækkunina í eigin vasa. Ráðherrann treystir versluninni til að innheimta skatta og gjöld en ekki til að lækka matvöruverð. Hvernig getur það staðist? Munu tillögur matvörunefndar stöðvast vegna þeirrar hugmyndafræði? Ekki verður lengur hægt að skella skuldinni á verslun og þjónustu í landinu. Hún stendur fyllilega undir þeim kröfum sem til hennar eru gerðar.

Í næstu viku koma fulltrúar Íceland-verslunarkerjunnar til Íslands til að kynna sér þann ótrúlega árangur sem náðst hefur við að lækka rekstrarkostnað í matvöru-

verslun á Íslandi. Það sannar að íslensk verslun er rekin á mjög hagstæðan hátt og samkeppni er mikil. Menn reka upp stór augu þegar þeim er sagt að Bónus kanni verð á 3.000vörutegundumhjásamkeppnisadilum daglega til að vera viss um að bjóða betra verð. Það þekkist ekki í Evrópu en er gott dæmi um samkeppnina sem ríkir hér á landi.

Ljóst er að matvöruverð mun lækka umtalsvert ef tillögur nefndarinnar ná fram að ganga. Það er eitthvert stærsta skref sem stigið hefur verið til að bæta lífskjör almennings hér á landi hin síðustu ár. Stofnun Hagkaups og Bónuss voru mestu kjarabætur Íslendinga fram að þessu og nú er komið að stjórnvöldum að létta undir rekstri heimilanna í landinu.

SONY

Sony & Sumar áhyggjulaus myndataka

48 tíma tilboð
1GB minniskort fylgir

DSC-W100



Cyber-shot

Carl Zeiss linsa.
Einn virtasti linsu framleiðandi í heiminum framleiðir linsur fyrir Sony.

Stamina tæknin hjá Sony tryggir þér lengri endingu á hleðslu og fjótari endurhleðslu.

High Sensitivity Mode fyrir betri myndir í rökkri

12 mánaða greiðslur vaxtalaust.
Þú veist hvað þú borgar mikið á mánuði.

8,0 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga • 2.5" litaskjár Hybrid LCD (211K upplausn)

4.163 krónur á mánuði vaxtalaust
eða 49.950 krónur staðgreitt.*

DSC-W70



Cyber-shot

Carl Zeiss linsa.
Einn virtasti linsu framleiðandi í heiminum framleiðir linsur fyrir Sony.

Stamina tæknin hjá Sony tryggir þér lengri endingu á hleðslu og fjótari endurhleðslu.

High Sensitivity Mode fyrir betri myndir í rökkri

12 mánaða greiðslur vaxtalaust.
Þú veist hvað þú borgar mikið á mánuði.

7,0 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga • Carl Zeiss Vario-Tessar linsa 3x optical aðdráttur (6x digital aðdráttur) • Leðurtaska og aukarafhlöða fylgja.

3.329 krónur á mánuði vaxtalaust
eða 39.950 krónur staðgreitt.*

*Miklað við 12 jafnar vaxtalausr greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bættist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

You make it a Sony

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Allar
smá-
auglýsingar
einnig frítt
í viku
á **visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

VERÐ

Á SUMARVÖRUM

19. júlí til 6. ágúst

50%
afsláttur

9.950

19.900

Vnr.41621529

Markísa

Markísa
3,5x2,5 m, græn.

40%
afsláttur

2.994

4.950

Vnr.41621503

Garðstóll

Garðstóll úr áli með
svörtu nylon áklæði.

14.940

24.900

Vnr.41621506

Garðborð

Garðborð úr áli með
glerplötu, 150x96x70 cm.



35%
afsláttur

8.587

13.211

Vnr.0291450

Garðborð

Garðborð
1540x1770x710 mm

60%
afsláttur

1.101

2.752

Vnr.0291405

Girðingaeiningar

VIOLA
800x2000 mm

40%
afsláttur

7.811

13.919

Vnr.0291405

Girðingaeiningar

BETULA ESPALE
1800x1800 mm

HRUN

Allt að

afsláttur

70%

Vnr. 53323028

Sláttuorf

McCULLOCH Cabrio 251 sláttuorf, 25 cc tvígangis bensínmotor sem er 0,7 hestöfl. Sláttubreidd 43 cm, vegur 3,5 kg.

**ÖLL BENSÍN
SLÁTTUORF
Á KOSTNAÐAR-
VERÐI**

McCULLOCH



Vnr. 49602607-10

Fjallahjól

24/26" fjallahjól með tveimur dempum, silfur/rautt eða svart/hvitt, 21-gíra, Shimano girabúnaður, álfelgur og V-bremsur.

**ÖLL
HJÓL
Á KOSTNAÐAR-
VERÐI**



**25%
AF ÖLLUM
HJÁLUM**

11.845

**40%
afsláttur**

8.852



Vnr. 88010203/4

Leikfangabíll

Fjarstýrður Hummer, 74x37x39 cm. Hleðslurafhlaða fylgir, 27Hz eða 40Hz.

5.940

9.950

**40%
afsláttur**



BOSCH

Vnr. 74890004

Hekkklippur

BOSCH AHS 4-16 hekkklippur, sverðlengd 42 cm, 390W.

3.990

6.530

**40%
afsláttur**



792

1.320

**70%
afsláttur**



897

2.950

**50%
afsláttur**



4.450

8.950



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Plokkfiskar og peningamaskínur

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um félagslyndi, pólitík, samræðulist og rabarbara og rjóma að hætti Færeyinga. Einnig er minnst á norska hefndaraðgerð, léns-greifa, kjúklingavængi í hveitilími, gírugar peningaplokkstofnanir og einhæfa veðurspá.

LAUGARDAGUR, 15. JÚLÍ

UM SAMRÆÐULISTINA

Ég er svo lánsamur að þekkja nokkrar félagslyndar konur sem alltaf öðru hverju húa saman



SUNNUDAGUR, 16. JÚLÍ

NORSK HEFND

Alveg er það yfiringilegt hvað getur gerst suður í Miðjarðarhafsbótum og meira að segja án þátttöku þeirra Davíðs og Halldórs. Nú eru Ísraelsmenn farnir að bomba Beirút og segjast vera að

afburða skemmtilegu fólki í samkvæmi og stundum bjóða þær mér líka. Það var því tilhlökkunarefni að fá upphringingu frá Möggu Björns vinkonu sem bauð okkur Sólveigu að koma í kvöld og hitta gott fólk og borða góðan mat.

Þetta var afskaplega skemmtilegt og vel lukkað kvöld. Ég stend enn á blístri: fór ógátilega í dásamlegan eftirrétt sem var samansettur úr rabarbara og rjóma að hætti Færeyinga, samkvæmt fornriættaruppskrift frá Kirkjubæ.

Hér á árum áður var reynt að forða konum og börnum í björgunarbátana um leið og við Magga byrjuðum að tala um pólitík. Svo hafa árin liðið og tímarnir breytast. Margrét hefur náð pólitískum þroska meðan ég stend áttavilltur á miðjunni. Reyndar var hún að skrifa tímamótgrein í Moggann um að það væri óskynsamlegt hjá Samfylkingunni að útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn.

Ekkert skil ég í Samfylkingunni að hafa ekki gert Margréti að formanni fyrir löngu, þótt ennþá skynsamlegra væri að gera hana að forseta lýðveldisins um leið og það starf losnar.

Það var margt spjallað í þessu ágæta samkvæmi og sem betur fer minnst um pólitík. Fátt er skemmtilegra en samræðulist, og það gestrisna fólk sem gætir þess að hún verði ekki útdaud í landinu á heiður skilinn.

svæla út félaga í Hisbollah-samtökunum.

Það er kannski ekki á öðru von en að þeim þyki það eðlilegt og sjálfsagt að fara með hernaði inn í önnur lönd úr því að Bandaríkjamönnum og einkavinum þeirra þykir svoleiðis villimennska góð latína.

Hvergi í heiminum er óhætt að tala íslensku lengur án þess að eiga það á hættu að einhver skilji hvað maður segir. Íslendingar eru alls staðar, og auðvitað eru Íslendingar í Beirút, og auðvitað stendur það upp á sendiherraþvöguna í utanríkisráðuneytinu að sjá um að forða okkar fólki af þessum hættuslóðum.

Alla vega virðist einhver í utanríkisráðuneytinu hafa slegið á þráðinn til Noregs og farið fram á að Íslendingarnir fengju að fljóta með í rútu sem Norsarar voru búnir að panta handa sínum mönnum á átaksvæðinu. En þegar til átti að taka vildu Norðmennirnir ekki hleypa Íslendingum upp í rútna og skildu þá eftir á víðavangi.

Þetta er hugsanlega mér að kenna. Fyrir nokkrum árum vorum við Sólveig á ferðalagi í Noregi þar sem járnbrautarlest bilaði. Við biðum lengi dags eftir að rútur kæmu að sækja okkur. Um síðir birtist aðeins ein rúta. Mér kom það nokkuð á óvart að Norðmenn skyldu leggja að jöfnu flutningsgetu eins langferðabíls og einnar járnbrautarlestar.

Ég var orðinn leiður á biðinni og gekk því rösklega fram í að tryggja mér og fjölskyldu minni sæti í rútnunni. Hugsanlega hefur einhver úr hópi þeirra strandaglópa sem góndu á eftir mér í rútnunni um sólarlagsbil í norsku skógarrjóðri verið meðal þeirra sem vörnuðu Íslendingum innngöngu í flóttabílinn í Beirút.

Það getur verið erfitt að átta sig á orsakasamhengi hlutanna.

MÁNUDAGUR, 17. JÚLÍ

SÍÐASTI LÉNSGREIFINN

Fórum með Mettu vinkonu í óvissuferð. Hún býr í Danmörku, á sömu slóðum og Ljóti andarunginn og Dátinn og Nornin með eldfærin og Hundurinn sem var með augu á stærð við Sívalaturn, og er landseti Moltkes greifa sem býr á gössinu Bregentved, þar sem ævintýramaðurinn H. C. Andersen var tíður gestur. Metta er vön að koma með sumarveðrið með sér til Íslands og það brást heldur ekki í dag.

Af hennar heimaslóðum er það að fréttu að gamli greifinn er andaður í hárrí elli. Hann mun hafa verið síðasti léns-greifinn í Danmörku - ég er nú samt ekki alveg klár á því hvað felst í því



að vera léns-greifinn - en Kristján Moltke sonur hans er tekinn við gössinu og er bara venjulegur greif og konunglegur jagameistari og Metta hefur ekkert upp á hann að klega.

Að þessu sinni ókum við Hvalfjörðinn og fórum í lautarferð í námunda við Brynjudalsá og gættum þess vel að stygja ekki laxfiska frá veiðimönnum sem voru að athafna sig ofar í ánni.

Svo skoðuðum við Landnáms- og Egils-sögusýningu á Landnámssetrinu í Borgarfirði og snæddum svo prýðilegan kvöldverð á Hótel Glym inni í Hvalfirði hjá þeim dugnaðarhjónum Hansínu og Jóni.

Þar kostar þrjú þúsund kvöldverður 4500 kall sem hlýtur að teljast vel samkeppnisfært við eitrubrasið á gömlu þjóðvegastöðunum.

Hvenær skyldu veitingamenn við þjóðveginn fatta að veitingar á borð við djúpsteikta kjúklingavængi í hveitilími, moðsoðnar pylsur og hamborgara eru veitingar frá öldinni sem leið? Nútímafólk borðar góðan og hollan mat og vill fá hann á skikkanlegu verði - annars tekur það bara með sér nesti.

Það var þetta með „léns-greifinn“. Mig minnir að léns-greifinn hafi þeir verið sem fengu aðalstign og kóngsjarðir að léni - en ekki til eignar. En þetta skilgreiningarvandamál hefur aldrei komið upp í minni fjölskyldu.

ÞRIÐJUDAGUR, 18. JÚLÍ

SÍFELLT PENINGAPLOKK

Ýmislegt snatt og útréttingar svo að ég geti með góðri samvisku brugðið mér af bæ næsta hálfu mánuðinn.

Reyndar hefur alnetið einfaldað ýmsa hluti. Maður getur komist í netbankann og gengið frá ýmsum málum hvar sem maður er niðurkominn í veröldinni. Það telst sennilega til framfara. Samt finnst mér að bönkunum hafi ekki farið fram að öllu leyti.

Hér í eina tíð var allt krökkt af starfsfólki í bönkunum sem annaðist

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



hina og þessa fyrirgreiðslu fyrir viðskiptavinum og tók ekki krónu fyrir. Núna getur maður sjálfur annast öll einfaldari viðskipti - og er jafnframt látinn borga bankanum þjónustugjöld fyrir færslur sem maður framkvæmir sjálfur. Maður er meira að segja látinn borga þóknun fyrir að sækja sína eigin peninga inn á sinn eigin reikning.

Öll lán sem bankar veita almenningi eru verðtryggð. En allir innlánsreikningar sem ég hef heyrt um eru óverðtryggðir - eða háðir einhverjum furðulegum og óaðgengilegum skilyrðum, binditíma eða því um líku.

Ég er orðinn hundleiður á þessu sífellda peningaplokki. Greiðslukort nota ég ekki nema í neyðartilvikum, því að enn í dag er manni þó heimilt að borga með reiðufé án þess að greiða eitt-hvert sérstakt gjald fyrir að nota seðla, en fyrir það eitt að nota greiðslukort er maður rúkkadur um þjónustugjald í hvert einasta sinn sem maður dregur það upp úr vasanum.

Það eru sennilega fleiri en ég orðnir pirraðir á þessu endalaus plokki og ágengni og sá dagur mun koma að það verði talið stórfurðulegt hversu langt við leyfðum þessum gírugu peningamaskínunum að seilast inn í líf okkar.

Með undirgefni okkar hefur orðið „plokkfiskur“ fengið alveg nýja merkingu: við erum plokkfiskar peningastofnana.

MIDVIKUDAGUR, 19. JÚLÍ

GÓÐ VEÐURSPÁ

Fór austur á Rangárvelli með Óla vini mínum að huga að mannlífi og hrossum - hvort tveggja í miklum blóma.

Í fyrramálið hefst svo sólbaðsferðin til Mallorca með barnabörnin.

Veðurspá fyrir fimmtudag og föstudag: 27°C hiti og sólskin.

Veðurspá fyrir helgina: 27°C hiti og sólskin.

Veðurspá fyrir næstu viku til föstudags: 27°C hiti og sólskin.


Sjávarhiti: 26°C. Það þykir sennilega ekki gáfulegt að tala mikið um veðrið þarna suður frá.

Postulín, glös og hnífapör

– fyrir brúðhjón og betri veitingahús

Opnunartími
í verslun RV:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá
kl. 10:00 til 14:00



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006



Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is

BESTI BANKI Á ÍSLANDI

GLITNIR VAR VALINN BESTI ÍSLENSKI BANKINN AF TÍMARITINU EUROMONEY


Fjármálatímaritið *Euromoney* útnefndi nýverið Glitni besta banka á Íslandi. Í umsögn blaðsins kom fram að það teldi starfsemi Glitnis bera merki um vönduð vinnubrögð, endurspeglar styrk bankans og markvissa stjórn.

Euromoney hefur verið gefið út síðan árið 1969 og er eitt virtasta fjármálatímarit heims með mikla reynslu af umfjöllun og greiningu á heimsmörkuðum og stórfyrirtækjum.

Lykilloforð Glitnis er að skapa og fagna velgengni. Daglega leggja allir starfsmenn sig fram um að uppfylla þetta loforð fyrir viðskiptavinum okkar. Það er lykillinn að velgengni okkar.



**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**



GLITNIR

BOB DOLE FÆDDIST PENNAN DAG ÁRÍÐ 1923.

„Það er eitthvað að Ameríku. Stundum velti ég því fyrir mér hvað fólk sé að hugsa um, ef það er á annað borð að hugsa eitthvað.“



Bob Dole var öldungadeildarþingmaður Repúblikanaflokksins og frambjóðandi hans í forsetakosningunum árið 1996.

tímamót

tíamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 22. JÚLÍ 1977

Deng Xiaoping kemst aftur til valda

Deng Xiaoping var settur aftur í starf sitt á þessum degi en hann féll í ónáð í menningarbyltingunni í Kína á árunum 1966 til 1976. Deng Xiaoping fæddist árið 1904 og lærði meðal annars í Frakklandi og Sovétríkjunum á sínum yngri árum. Þegar hann kom heim til Kína varð hann virkur innan kommúnistaflokksins og völd hans fóru stigvaxandi.

Árið 1952 varð hann varaforsetisráðherra og síðar aðalritari flokksins. Deng Xiaoping barðist fyrir efnahagslegum úrbótum í landinu og vildi efla hagvöxt en hugmyndir hans stönguðust á við hugmyndir Maós Zedong, formanns flokksins. Þó að kommúnistaflokkurinn væri kominn til valda (1949) þá taldi Maó að byltingunni væri ekki lokið og hratt af stað menningarbyltingunni árið 1966. Menningarbyltingin einkenndist af róttækni og óróleika en Maó fékk ungt fólk innan stúdentahreyfingarinnar til þess að taka þátt og voru stúdentarnir kall-

aðir rauðu varðliðarnir. Deng Xiaoping ásamt fleirum var harðlega fyrir störf sín og einhvern tíma á árunum 1967-1969 missti hann allar stöður sínar innan flokksins og hvarf sjónum almennings.

Maó missti að nokkru leyti stjórn á menningarbyltingunni en ofbeldi og stjórnsveitirnar að mestu leystar upp, og lauk svo menningarbyltinginni í raun árið 1969.

Árið 1973 fékk Deng Xiaoping aftur stöðu sína innan flokksins, missti hana þremur árum síðar og fékk hana aftur árið 1977 en Maó lést árið 1976. Eftir að Deng komst aftur til valda kom hann á ýmsum efnahagslegum umbótum, hann dró úr miðstýringu, gaf fyrirtækjum aukíð frelsi, bætti viðskiptasambönd við Vesturlönd og opnaði fyrir erlenda fjárfestingu til kínverskra fyrirtækja. Undir stjórn hans jókst hagvöxtur og stöðugleiki í Kína og lífskjör bötundu.



MERKISATBURÐIR

- 1908 Albert Fisher kemur á fót Fisher Body Company en félagið framleiddi yfirbyggingar fyrir bíla.
- 1929 Landakotskirkja í Reykjavík er vígð en þá voru 55 manns í söfnuðinum og sjötíu árum síðar voru þeir um þrjú þúsund.
- 1933 Wiley Post varð fyrstur til þess að fljúga einn í kringum heiminn, en hann flaug tæpar sextán þúsund mílur á sjö dögum.
- 1943 Bandamenn ná ítölsku borginni Palermo á sitt vald í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1942 Kerfisbundin brottvisun Gyðinga frá gettóinu í Varsjá hefst.
- 2005 Lögreglan í London skýtur mann til bana vegna gruns um þátttöku hans í hryðjuverkaárásunum sama ár.

SR. SIGURÐUR SIGURÐARSON: FRÆÐASETUR FRAMTÍÐARINNAR

Vegleg Skálholtshátíð

Nú eru liðin 950 ár frá biskupsvígslu Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta íslenska biskupsins, sem markaði þau tímamót að Ísland varð biskupsdæmi í miðaldarkirkjunni og kom landinu í vissum skilningi á heimskortíð. Af þessu til efni er Skálholtshátíð með veglegasta móti, en hún hófst formlega í gær.


Mikið hefur verið um dýrðir í Skálholti það sem af er árinu en að sögn sr. Sigurðar Sigurðarsonar vígslubiskups er hápunktur hátíðarhaldanna nú um helgina. Skálholtshátíð hefur verið haldin nær óslitið frá árinu 1948.

„Rétt fyrir 1200 var ákveðið að taka upp bein Þorláks helga og var það gert 20. júlí og dagurinn nefndur Þorláksmessa að sumri. Það varð síðan mikil hátíð fram að siðaskiptum,“ útskýrir Sigurður.

Sigurður hefur verið vígslubiskup staðarins í tólf ár og segir að ekki fari hjá því að hann beri sterkar taugar til þessa merka staðar sem svo samofinn er sögu þjóðarinnar. „Nú var Stólasagan að koma út sem er merkilegt rit þar sem saga biskupsstólanna í Skálholti og á Hólum er rakin en þær upplýsingar hefur ekki verið að finna áður á einum stað. Hér var líka að koma út svoltið kver um Ísleif biskup eftir ungan sagnfræðing, Skúla Sæland, en það er í fyrsta sinn sem heimildum um hann er safnað markvisst saman.“

Skálholt hefur verið menningar- og fræðslusetur frá fyrstu tíð. „Við gælum við þá hugmynd að Gissur hvíti, faðir Ísleifs, hafi komið hingað frá Þingvöllum árið 1000 þar sem hann átti stóran þátt í kristnitökunni og lét byggja hér kirkju. Þetta hefur þá verið mikilvægur kirkjustaður í þúsund ár. Hér var stærsti skóli landsins í mörg hundruð ár og mikið stjórnsýslusetur því kirkjan var skipulögð hédan og í gegnum skólann og staðinn komu erlendir menningarstraumar inn í landið.“

Sr. Sigurður segist vilja sjá Skálholt dafna sem fjölsóttan viðkomustað gesta og ferðafólks þar sem þekkingu um sögu þjóðarinnar og kirkjunnar verði miðlað. „Ég vil líka að þetta verði áfram kyrrlátur staður eins og hann hefur alltaf verið,“ segir hann og bendir á að staðurinn væri kjörið fræðasetur fyrir margra hluta sakir. „Við eigum þegar stórt og verðmætt bókasafn sem er geymt í kirkjuturninum,“ útskýrir hann og bendir á að í tilefni af hátíð-



SR. SIGURÐUR SIGURÐARSON VÍGSLUBISKUP „Hvar sem menn ber niður í sögu Íslands þá rekast menn á Skálholt.“

inni barst staðnum einnig vegleg gjöf frá góðvini sínum, hljómlistarmanninum Jaap Schröder, sem gefur staðnum merkilegt safn nótna og tónlistarbókmennta, sem varðveitt verður þar og gert aðgengilegt tónlistarfólki í haust.

„Við þurfum að byggja upp bókhlöðu, sýningar- og ráðstefnuaðstöðu til þess að koma til móts við kröfur nútímans. Þótt kirkjan standi alltaf

fyrir sínu þá þarf að sýna fólki fleira til að koma skilaboðum sögunnar áleiðis,“ segir Sigurður og árettar að enn sé margt í sögu staðarins órannsakað og fræðimenn framtíðarinnar geti því sótt í þann brunn sem er fallinn í Skálholti. „Það er margt á huldu en við þurfum að halda því á lofti að hvar sem menn ber niður í sögu Íslands þá rekast menn á Skálholt.“

kristrun@frettabladid.is



Þókkum innilega samúð og stuðning við andlát og útför móður okkar,

Valgerðar Þórarinsdóttur

Þá þókkum við góða aðhlyningu á Landspítalanum í Fossvogi og alla þá miklu aðstoð sem starfsfólk heimaþjónustu og heilsugæslu Kópavogs veittu henni síðustu árin.

Dætur og fjölskyldur þeirra



Innilegar þakkir færur við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Hermanns Helgasonar

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir einstaka umhyggju.

Jóna G. Hermannsdóttir Haralður Árnason
Sigurður Hermannsson Vilborg Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Ragna Guðrún

Hermannsdóttir (Bíbi)

Ásgarði 19,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju mánudaginn 24. júlí kl. 15.00.

Guðsteinn Magnússon og fjölskylda



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Kristínar Magnúsdóttur

Rjúpufelli 42, Reykjavík, áður Vestmannaþingur 10, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir sendum við læknum og hjúkrunarfólki á deild 13G á Landspítalanum við Hringbraut og líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Einar Ottó Högnason
Magnús Hörður Högnason Hrafnhildur Sigurðardóttir
Guðmundur Ingi Einarsson
Kristín Högna Magnúsdóttir



Móðir okkar,

Ásdís Lárusdóttir

frá Austur-Meðalholtum í Flóa, fyrrum símavörður á Kleppi,

lést laugardaginn 8. júlí og verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju, mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

Jarðsett verður í Gaulverjabæjarkirkjugarði.

Ólafur Ó. Lárusson
Hannes Lárusson
og fjölskyldur

AFMÆLI



STEINDÓR HJÖRLEIFSSON LEIKARI ER ÁTTÆÐUR.



ELÍAS MAR RITHÖFUNDUR ER 82 ÁRA.



ADALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON RITHÖFUNDUR ER 51 ÁRS.



EIVÖR PÁLSDÓTTIR SÖNGKONA ER 23 ÁRA.

ÚTFARIR

11.00 Þórarinn Sighvatsson, bóndi á Höfða í Dyrafirði, verður jarðsöngin frá Mýrakirkju.

13.30 Guðrún Gísladóttir, frá Seldal í Norðurfirði, Hvammsdal 9, Vogum, verður jarðsöngin frá Kálfajamarkirkju.

14.00 Guðrún Jónsdóttir, frá Nesi á Rangárvöllum, verður jarðsöngin frá Oddakirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Verðmyndun á matvöru

Vörutegund: ÁVAXTAPYKKNI/SAFT , 1 lítri	Uppruni: Evrópa	
Tollverð:		70 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	80 _{kr. á lítra}	80 _{kr.}
Vörugjald:	8 _{kr. á lítra}	8 _{kr.}
VSK:	24,5%	39 _{kr.}
Samtals:		197 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		181%

Vörutegund: SNEIDD SKINKA , kílóverð	Uppruni: Evrópa	
Tollverð:		400 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	1144 _{kr. á kíló}	1144 _{kr.}
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	216 _{kr.}
Samtals:		1760 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		340%

Lægri álögur á matvöru eru kjarabót fyrir öll heimili landsins!

2200 manns tóku þátt í skoðanakönnun á bonus.is þar sem 62% þátttakenda voru fylgjandi frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum: Sjáðu bonus.is!



Vörutegund: PITSA	300g með SÓSU KJÖTÁLEGGI OG OSTI	Uppruni: Evrópa	
Tollverð:			70 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur		
Magntollur:	97 _{kr. á kíló}		29 _{kr.}
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald		
VSK:	14%		14 _{kr.}
Samtals:			113 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:			61%

Blákaldar staðreyndir

Vörutegund: CAMEMBERT , 125g	Uppruni: Evrópa	
Tollverð:		53 kr.
Almennur tollur:	30%	16 _{kr.}
Magntollur:	430 _{kr. á kíló}	54 _{kr.}
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	17 _{kr.}
Samtals:		140 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		165%

Vörutegund: KARTÖFLUFLÖGUR , 200g	Uppruni: Evrópa	
Tollverð:		47 kr.
Almennur tollur:	59%	30 _{kr.}
Magntollur:	Á þessa vöru leggst ekki magntollur	
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	11 _{kr.}
Samtals:		88 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		87%

TOLLVERÐ (kostnaðarverð vöru við höfn í Reykjavík). Opinberar álögur leggjast ofan á þetta verð. Samtals talan neðst er lágmarks verð **án álagningar kaupmanns**.

Það er það verð sem íslensk heimili þurfa að greiða.

Lágmarks skattlagning er það hlutfall opinberra gjalda sem leggst ofan á kostnaðarverð.



BJARNI GEIR OG HERDÍS Veitingasalan í Umferðarmiðstöðinni var við það að geispa golunni þegar þau tóku við rekstrinum og blésu nýju lífi í staðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hún stjórnar og ég hlýði“

Hjónin Bjarni Geir Alfreðsson og Herdís Björnsdóttir hafa rífið upp veitingasöluna Fljótt og gott í Umferðarmiðstöðinni á rétt rúmum áratug. Þangað kemur nú fólk úr öllum stéttum til að fá sér í svanginn – kaupsýslumenn í hádeginu og poppstjórnur á kvöldin – en heimilismaturinn og stemningin sem fylgir er aðall staðarins. *Bergsteinn Sigurðsson fór niður á BSÍ og fékk sér kjamma og kók.*

Hádegisörtröðin er rétt liðin hjá Fljótt og gott þegar blaðamann ber að garði. Herdís hefur komið sér fyrir við borð við gluggann og býður upp á kaffi á meðan við bíðum eftir að Bjarni klári að ganga frá og tylli sér hjá okkur.

„Hingað kemur fólk úr öllum stéttum. Ferðamenn, verkamenn, námsmenn og kaupsýslumenn,“ segir Bjarni Geir um leið og hann sest niður. „Björgólfur Guðmundsson kemur hingað einu sinni í viku með drengina sína úr bankanum. Og þegar það þarf að endurmeta og gera eitthvað í Baugsmálinu þá sitja þeir frá embætti ríkissaksóknara þarna undir fuglahúsinu,“ segir hann og hlær. „Hingað koma líka þingmenn og jafnvel forsetin. Og svo lítur Björk stundum við í lúgunni eftir djammaið.“

Hliðið að Reykjavík

Hjónin hafa verið saman í veitingarekstri í hjartnær tuttugu ár, þar af helminginn á Umferðarmiðstöðinni – „hliðinu að Reykjavík“ eins og Bjarni kallar hana. „Hingað

koma allir eftir að flugrútan fór að koma hingað og fara héðan. Hér fara í gegn um 800 þúsund manns á ári. Það gera sér ekki allir grein fyrir þessu og halda að Umferðarmiðstöðin sé að hverfa þegar hún er þvert á móti að byggjast upp.“

Fljótt og gott komst meira að segja í heimspressuna um árið þegar hamborgaraætan Morgan Spurlock, sem gerði myndina *Supersize Me*, leit þar við gagnert til að fá sér sviðakjamma. Og

þá kviknar spurning: Hvers vegna er boðið upp á sviðakjamma á umferðarmiðstöð? „Það hefur alltaf verið gert,“ svarar Herdís. „Þegar við Bjarni vorum að byrja saman var BSÍ hluti af rúntinum, rétt eins og í dag, og þá var hægt að fá hér svið. Þegar við tókum við staðnum ákváðum við að færa reksturinn meira til nútímans en um leið halda í það gamla og þar á meðal sviðin.“ Hins vegar þurfti að tengja sviðin meira við nútímann, bættir Bjarni við og það gerðu þau með því að bjóða upp á kjamma og kók. „Og þetta svínvirkar,“ heldur hann áfram. „Fólk kemur hér í löngum bunum, ungir sem aldnir, og biðja um svið. Sérstaklega koma menn með vini og ættingja að utan og vilja leyfa þeim að smakka. Svið eru með því vinsælasta sem við bjóðum upp á.“

Sprenjia í Umferðarmiðstöðinni

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan hjónin tóku við veitingasölnu í Umferðarmiðstöðinni, sem fyrir áratug var við það að geispa golunni. „Þetta

var hálfgerð setustofa þegar við tókum við,“ segir Herdís. „Sömu mennirnir sátu hér og tefldu og spiluðu liðlangan daginn og einhverjir bísar héngu í símunum frammi í vafasömum tilgangi. Það hvarf alveg eftir að við tókum staðinn í gegn.“

Þau fundu hins vegar strax að þörfin á veitingasölu var sannarlega til staðar í húsinu. „Fyrstu þrjú árin voru sérstaklega erfið og við unnum myrkranna á milli.

Það varð hreinlega sprenjia og við höfðum ekki undan við að stækka og breyta til að anna eftirspurninni.“

Þau þvertaka þó fyrir að sitja á gullnámu. „Það verða fáir ríkir á veitingabransanum. Sérstaklega ef reksturinn er eins og hjá okkur. Ef þetta væri rassvasarekstur og við stæðum vaktina bara tvö og leggðum aðeins meira á vöruna væri sjálfsagt hægt að fá meira úr þessu. En við hugsum bara ekki þannig. Viljum frekar borga almennileg laun, hafa gott fólk í kringum okkur og bjóða upp á góðan mat á viðráðanlegu verði.“

Hömpum Hnallþóru of mikið

Bjarni segir að markmiðið hafi verið að færa staðinn í heild sinni til nútímahorfs en bjóða

eftir sem áður upp á gamla góða heimilismatinn sem var og er uppistaðan í eldhúsinu á Umferðarmiðstöðinni. „Íslendingar halda Hnallþóru-kenningsunni ennþá hátt á lofti. Við snobbum svo mikið fyrir útlöndum og þykir heimilismaturinn okkar ekki nógu finn. En í þetta sækja ferðamennirnir, þetta er hluti af reynslunni. Ég man eftir ítölskum hópi sem kom úr vikulangri ferð um landið og kvartaði sáran undan því að hvar sem þeir komu fengu þeir alltaf pasta í hádegismat. Þeir voru því yfir sig glaðir að komast í kjötsúp-

una og kóteletturarna hérna.“

Ekki spillir fyrir að á Fljótt og gott er endalaus ábót, sem Bjarni og Herdís segja að margir nýti sér. „Svona viljum við hafa þetta. Pétur og Páll eiga að geta komið hingað og liðið eins og heima hjá sér og enginn á að þurfa að fara heim svangur. Við vitum líka sem er að fólk hefur bara visst magamál. Pólsku verkamennirnir sem koma hérna mikið í hádeginu eru reyndar botnlausir, við högnumst ekki mikið á þeim,“ segir Bjarni og hlær en bætir við að þeir auki við mannflóruna í húsinu og geri hana skemmtilegri.

Næra líkama og anda

Fljótt og gott er sannkallað fjölskyldufyrirtæki; auk Herdísar og Bjarna hafa börnin þeirra fimm öll unnið á veitingasölnu, yngsta dóttirin sem er fjórtán ára byrjaði einmitt í sumar. Þá sér bróðir Herdísar um bókhaldið.

Sjálf sá hún um starfsmannahald og fleira á skrifstofunni þar til hún ákvað að færa út kvíarnar fyrir einu og hálfu ári og stofnaði verslunina Gjafir jarðar í Ingólfsstræti, sem sérhæfir sig í andlegri vellíðan. „Ég hef alltaf verið andlega þenkjandi og spáð mikið í kristöllum og heilum og fannst vera kominn tími til að gera eitthvað við þetta áhugamál. Búðin gengur vel og er hægt og bífandi að spyrjast út. Þá



KJAMMI OG KÓK Til að vekja áhuga ungu kynslóðarinnar á sviðum ákvað Bjarni að bjóða upp á kjamma og kók og segir það „svínvirka“.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

má segja að meðan Bjarni nærir líkamann þá nærir ég andann.“

Þau segja að þeim hafi alltaf látið vel að vinna saman. „Hún stjórnar og ég hlýði. Eftir því sem ég hlýði betur kemst ég upp með meira,“ segir Bjarni og hlær.

Útlendingar vilja heimilismat

Til stendur að leggja hús Umferðarmiðstöðvarinnar niður og reisa aðra samgöngumiðstöð í grenndinni. Bjarni Geir og Herdís segjast ekki vita hvað taki þá við en vona að þau fái að byggja upp aðra veitingasölu í sama anda og þá núverandi. „Við vonum að nýja húsið fyllist ekki af alþjóðlegum skyndibitakeðjum. Útlendingarnir hafa séð það allt og langar í eitthvað annað, eitthvað þjóðlegt. Þetta er eina umferðarmiðstöð landsins, eins undarlegt og það nú er, og þetta er eini veitingastaðurinn fyrir ferðamenn sem leggur áherslu á heimilismat,“ segir Bjarni og bætir við stuttri sögu máli sínu til stuðnings. „Fyrir nokkrum árum þegar Food and Fun var að byrja kom Baldvin Jónsson, skipuleggjandi hátíðarinnar, með nokkra útlenda meistarakokka í mat til mín. Hann sagði mér síðar að þeir hefðu sagt bandarískum gourmet-kokki frá þessum stað og þegar Baldvin spurði hvað hann vildi gera í frítímanum svaraði sá ameríski að bragði: „To the bus terminal and get some typical Icelandic food.“

Skuggahliðar

Um 800 þúsund manns eiga leið um Umferðarmiðstöð Íslands á ári hverju. Flestir gestirnir eru vitanlega friðsamir og þrúðir en óneitanlega slæðast þar stöku sinnum inn óróaseggr.

„Það hefur margt breyst á þeim tíu árum sem við höfum rekið veitingasölnu hér,“ segir Bjarni. „Mesta breytingin varð í kjölfar þess að opnunartími skemmtistaðanna var lengdur. Eftir það hefur það færst í aukana að fólk komi hingað þegar fer að halla undir morgun á aðfaranótt laugar- og sunnudags.“

Áður fyrr þekkti maður þá sem höfðu greinilega fengið sér of mikið að drekka og sagði þeim að hér fengu þeir ekki afgreiðslu. Nú hafa menn kannski verið á einhverjum vökulýfjum og eru hressir þegar þeir koma. Svo slaknar á þeim og þá sofa margir hverjir og bregðast hinir verstu við sé reynt að vekja þá. Í tvígang hefur það gerst að menn sem var reynt að vekja hafa tryllst. Nú reynum við ekki einu sinni að vekja þá sem sofa, heldur hringjum beint á lögregluna. Það hugsa ég að sé helsti munurinn á þessu, menn eru orðnir miklu agressívari en áður. En sem betur fer eru þetta undantekningarnar frá reglunni og sárafáir sem láta svona.“



EKIÐ MEÐ HVÍTUM STRÖNDUM

Ef ekið er eftir ströndlengju Kaliforníu mætir manni einstök náttúra, hvítar strendur og jafnvel hvalir og selir.

FERDIR 6



SUMARHÚS Á HJÓLUM

Sveinn og Erla gátu ekki hugsað sér að festa sig á einum stað í sumar- bústað og fengu sér í staðinn húsbíl með öllum þægindum

BÍLAR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERDIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERDIR]

Miðaldadagar í gamla kaupstaðnum á Gásum í Hörgárbyggð eru haldnir í dag og á morgun. Kaupmenn með erlendan og innlendan varning verða á staðnum og gamalt handverk verður sýnt. Þá verður einnig barist með sverðum, spjótum og hnífum og boðið upp á leiðsögn um fornleifauppgröftinn.

Í Sögusetrinu á Hvolsvelli er nú að fara af stað fyrirlestraröð sumarsins undir heitinu „Njála með sunnudagskaffinu“. Fyrirlestrarir eru haldnir í Víkingasal Sögusetursins og hefjast kl. 15.30 en það eru fræðimenn úr ýmsum greinum sem halda erindi.

Smábíll frá Audi er væntanlegur á markað árið 2009. Þessi nýi bíll verður byggður á gangverki VW polo en verður þó mun djarflegri í útliti.



Ólafur og læknir Formúlunnar í San Marínó, Jaques Topenat, eru hér nýstignir út úr öryggisbílnum eftir að hafa keyrt einn hring og athugað aðstæður.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 22. júlí, 203. dagur ársins 2006.



	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.01	13.34	23.04
Akureyri	3.22	13.19	23.12

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Dæmir í Formúlu 1

Í Formúlu 1 kappakstri eru ellefu lið, 22 öikumenn, 150 þúsund áhorfendur í stúkunnni og milljónir sem fylgjast með í sjónvarpi. Í miðri hringiðunni er Ólafur Guðmundsson dómari.

Þrjú dómara fylgjast með öllum keppnum í Formúlu 1 kappakstrinum. Einn þeirra er fastadómari, einn er skipaður af keppnishöldurum hverju sinni, og einn er skipaður úr nítján manna hópi á vegum FIA (Alþjóða aksturs-sambandsins). Ólafur er meðlimur í þessum hópi en hann hefur dæmt ýmis mót á vegum FIA frá árinu 1993. „Ég hafði lengi verið í mótorsportinu á Íslandi og þegar við gengum í FIA ákvað ég að gefa kost á mér í alþjóðastörf“, segir Ólafur. „Ég var settur í að dæma Formúlu 3000 sem ég vissi ekkert hvað var þá. Ég var einfaldlega látinn prófa.“

Ólafur dæmdi tvær til þrjár keppni á ári í Formúlu 3000 til að byrja með og þótti standa sig vel og dæmdi í kjölfarið bæði í Grand Touring og Rally. Árið 2001 kom svo stóra tækifærið er honum var boðið að dæma í For-

múlu 1. „Ég hef dæmt þetta eina til tvær keppni á ári síðan og svo hef ég tekið einhverjar aðrar keppni með“, segir Ólafur. „Ég dæmdi kappaksturinn á Imola í San Marínó í ár og í nóvember fer ég til Dubai að dæma í Grand Touring.“

Þegar Ólafur dæmir mætir hann á fimmtudegi fyrir keppni. Fyrsta verk hans er að skoða skipulag keppninnar og bílana. Athugað er hvort öll réttindi öikumanna séu í lagi, ásamt því að öryggismál brautarinnar eru könnuð. „Þegar tímatakan og keppni fara fram erum við í herbergi í stjórnturninum við hliðina á Race Control þar sem við höfum aðgang að öllum upplýsingum“, segir Ólafur. „Við fylgjumst með keppninni á skjám og öllu sem kemur upp er vísað til okkar. Við rannsökum málin, yfirheyrum menn ef svo ber undir og úrskurðum um refsingar.“

Starfi dómara líkur á mánuðegi eftir keppni, það er að segja ef enginn hefur kært úrskurð þeirra. Það gerist sjaldan því yfirleitt sætta menn sig við úrskurð dómara. „Mér hefur gengið það vel að enginn hefur áfrýjað dómum mínum ennþá“, segir Ólafur að lokum og hlær.

ryggi@frettabladid.is

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

MS drykkjaryörur í útileguna

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.



ÚT ÚR BÆNUM

TAKTU NÆSTA SKREF

SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi og þú færð hagstætt lán fyrir allt að 60% af verðmæti eða 75% af byggingarkostnaði sumarhúss. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

LÁNSTÍMI ALLT AÐ 15 ÁR

60% LANS HLUTFALL

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Pirelli-hjólbarðar fá úrvalseinkunn

Deila bestu einkunn með Bridgestone.

Í nýrri gæðakönnun á sumar-dekkjum sem framkvæmd er af stærstu bifreiðaeigendafélögunum í Evrópu fengu Pirelli- og Bridgestone-dekkinn frábæra umsögn. Sagt er frá gæðakönnun-



Pirelli-hjólbarðar komu mjög vel út úr prófunum evrópskra bifreiðafélaga.

inni í nýjasta hefti FÍB-blaðsins og birtar ítarlegar niðurstöður könnunarinnar.

Annars vegar voru prófuð sumar-dekk af stærðinni A 185/60 R 14 og fengu Pirelli PZero Nero-dekkinn fjórar stjörnur og umsögnina „framúrskarandi hjólbarði. Mjög stöðugur og öruggur á þurrum vegi, góður á votum vegi einnig. Núningsmótstaða í hærra lagi“. Bridgestone Touranza ER300-dekk fengu jafnmargar stjörnur og umsögnina „framúrskarandi hjólbarði. Engir sérstakir veikleikar. Mjög stöðugt og öruggt á bæði þurrum og votum vegi“.

Hinn stærðarflokkur sumar-dekkja sem bifreiðaeigendafélögin prófuðu var 224/45 R 17 og þar fengu Pirelli PZero Nero-dekkinn fjórar stjörnur. Umsögnin er líka glæsileg: „Úrvaldekk að flestu leyti. Mjög gott á þurrum vegi og sömuleiðis í bleytu.“ Sem fyrr deildi Pirelli hæstu einkunn með Bridgestone sem fékk einnig fjórar stjörnur fyrir Potenza RE 050A-hjólbarðann og umsögnina „úrvaldekk að öllu leyti. Mjög gott á þurrum vegi og sömuleiðis í bleytu“.

Aðrir framleiðendur fengu þrjár stjörnur eða minna.



Komnir í Þórsmörk. Frá vinstri: Valdimar Auðunsson, Baldvin Sigurðsson, Leó Ingvarsson, Konráð Auðunsson og Ólafur Auðunsson. LÓSMYNDIR: BALDVIN SIGURÐSSON OG HAFSTEINN AUÐUNSSON. MYNDIR ERU BIRTAR MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI BALDVINS OG SIGRÍÐAR HARALDSDÓTTUR, EKKJU KONRÁÐS.

Fyrsta bílferðin í Þórsmörk

Í júlí er liðið 71 ár síðan fyrsti bíllinn komst inn í Þórsmörk.

Náttúruperlan Þórsmörk á sér fáa líka og hefur laðað til sín ferðalangana í fjöldamörg ár. Í dag er farið eftir vegslóða sem á eru varasöm vöð og því ekki hlauðið að því að komast í Mörkina nema á jeppa.

Fyrir 71 ári fengu nokkrir ungir menn úr Eyjafjallasveit þá hugmynd að fá lánaðan bíl og skella sér í Þórsmörk. Kannski ekki ýkja merkilegt nema fyrir þær sakir að enginn hafði farið í slíka ferð áður á bíl, enda enginn akvegur inneftir. „Við vildum prufa hvort þetta væri hægt. Það var lítið í ánum og við fórum á milli vatna“, segir Baldvin Sigurðsson frá Steinmóðarbæ, en hann er einn eftirlifandi af þeim sem fóru í þessa merkilegu ferð. Hinir voru Leó Ingvarsson frá Neðra-Dal og Valdimar, Konráð, Ólafur og Hafsteinn Auðunssynir frá Dalseli en faðir þeirra, Auðunn Ingvarsson, átti bíllinn sem var Ford 1929 árgerð.

Til að komast „á milli vatna“, eins og það er kallað, þurfti Markarfljótið að fara allt út í Þverá og renna síðan með Fljótshlíðinni, en Krossáin að renna austur með Eyjafjöllum. Þannig var hægt að keyra þar á milli án þess að straumvatn ylli erfiðleikum. Ólaf grunaði að þannig stæði á þetta sumar og þar sem lítið var í vötnunum létu þeir félagar á reyna.

„Við fórum um miðjan dag inn í Mörkina og gistum í eina nótt. Við skoðuðum svolítið í kringum okkur og fórum til baka daginn eftir. Það var ekkert vesen, gekk mjög vel báða dagana. Við fórum yfir Krossána og yfir í Húsadalinn. Hún var ekki hindrun, það var lítið vatn í



Mynd af Baldvini Sigurðssyni um tvítugt. Hann er einn eftirlifandi af þeim sem fóru í þessa fyrstu bílferð í Þórsmörk.

henni,“ segir Baldvin og bætir við að það sama hafi gilt um Jökulsána.

Baldvin hefur farið oft og mörgum sinnum í Þórsmörk eftir þessa tímamótaferð, og keyrði lengi hópferðabíla úr Reykjavík þangað inn eftir. Áður höfðu þeir félagar farið oft á hestum innúr og voru því



Bíllinn gekk undir heitinu Dalselstikin og bar skráningarnúmerið RÁ 5.



Til gamans var bíllinn skreyttur með trjágreinum. Það hefur greinilega þótt jafngaman í þá daga og nú að keyra í vatni.



Frá vinstri: Valdimar, Ólafur, Hafsteinn, Leó og Konráð.

kunnugir staðháttum. Eftir þessa fyrstu bílferð stóð til að bjóða upp á skipulagðan akstur inn í Þórsmörk en frá því var horfið eftir að vötnin breyttust og lokuðu leiðinni sem hafði verið greið fyrir um sumarið.

Enn þann dag í dag má sjá vitn-

isburð um ferðina í Þórsmörk. Í bergið við Snorraríki ristur sexmenningarnir stafina RÁ 5 og dagsetninguna júlí 1935, sem hvort tveggja er sýnilegt enn í dag, rúmum sjötíu árum síðar.

einareli@frettabladid.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð

SENTINEL
FLYWAY

Allir þekka hina landsfrægu vara-húta- og víðgerðajónustu okkar.

HVELLUR.com
.. í einum grænum

G. Tómasson ehf. • Súðavogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

KT jeppa & útivistarverslun
S:466-2111
Pallhús
loftdætur
skriðgírar
læggra lágadrif

TOYOTIRES
Bestu dekkinn í USA 8 ár í röð

www.kliptrom.is

SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep **CHRYSLER** **DODGE**

BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐASTILLINGIN

Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og allhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Bíllinn gerður klár

Nú stýttist óðum í þá helgi sumarsins sem snýr þjóðfélaginu hvað mest á hvolf og sendir stóran hluta Íslendinga í útleigu. Það er reyndar fyndið til þess einu hugga að reynsla margra af þessari hollu og skemmtilegu iðju takmarkist af þessari einu helgi og þeirri vafasömu blöndu af hegðunar- og veðurlægðum sem blasa þá við þeim.

Að sama skapi eru margir óvanir því að keyra um landið, líft og svo margir gera þessa helgi. Til að minnka álagið getur verið rétt að velja ferðatíma á skjön við fjöldann. Leggja af stað snemma dags eða jafnvel seint um kvöld. Það getur verið yndislegt að ferðast seint á kvöldin í góðu sumarveðri. Bara muna að hvílast vel áður og hafa með nóg af vatni eða öðrum óáfengum drykkjum – það heldur manni ferskum, vakandi og glöðum í bragði.

Áður en lagt er af stað er rétt að yfirfara bíllinn. Það þarf ekki taka langan tíma og allir ráða við það. Athuga smuróluna eins og við lærðum á bílprófinu, að það sé nóg af henni og hún ekki of dökk eða grá. Eru allar perur heilar? Minni á að stórir verslunargluggar geta auðveldað þér að sjá hvort bremsuljósir virki.

Er nógu djúpt munstur á dekkjunum? Dekk með 3-5 mm djúpu munstri ættu að ráða sæmilega við blautt vegfirborð en þau mega alls ekki vera slitnari en það. Svo er líka nauðsynlegt að kíkja á bensínstöð og

tryggja að loftþrýstingur í dekkjum sé nægur og jafn. Líka í varadekkinu. Í leiðinni er svo hægt að finna tjakkinn og felgulykilinn og ekki úr vegi að prófa hvorutveggja.

Ofantalin atriði eru öll nauðsynlegur undirbúningur. Sé bíllinn farinn að eldast borgar sig að athuga líka bremsuvökva, kælivatn, olíu á girkassa eða sjálfskiptingu og hlusta vel eftir því hvort núningshljóð komi frá einhverju hjólinu.

Til að hafa vaðið fyrir neðan sig má líka fara aðeins lengra í undirbúningi. Startkaplar og dráttartóg eru góðir ferðafélagar svo ef þú átt auðvelt með að útvega slíkt er það þjóðráð. Auka viftureim getur bjargað fríinu frá vandræðalegri styttingu í annan endann, sem og dekkjaviðgerðasett sem fæst á betri bensínstöðvum.

Þegar þetta er allt komið á hreint á að vera hægt að keyra hvert á land sem er án teljandi vandræða. Munið bara að fara frekar hægar en hraðar, svo þið komist lifandi heim aftur. Það hefur líka enginn gaman af því að stressast upp og stunda stöðugan framúrakstur, bara til þess að komast á náttstað hálfum eða heilum klukkutíma fyrir. Miklu nær að taka því rólega, fylgja umferðarhraða með gott bíl á milli bíla og hlusta á skemmtilega útilegutónlist. Lykillinn að góðri helgi er nefnilega að njóta ekki bara áfangastaðanna, heldur ferðalagsins líka.



MS8 er nokkuð sérstæður í útliti en það var mótörinn sem reyndist erfiðastur í hönnunarferlinu.

Elfin hefur framleiðslu á MS8

Ástralskar reglugerðir reyndust ekki óyfirtíganlegur þröskuldur fyrir amerískar bílvélar.

Eftir töluverða erfiðleika við að uppfylla reglugerðir hefur ástralski bílaframleiðandinn Elfin loks hafið framleiðslu á MS8 Streamliner sportbíl sínum.

Einn stærsti þröskuldurinn í hönnunarferlinu var að ná 325 hestafla 5,7 lítra V8 mótörnum frá GM undir leyfð hávaðamörk án þess að fórnari afli. Þegar þeim áfanga var náð var gefið grænt ljós á framleiðslu þessa 1.050 kg bíls sem mun kosta um sjö milljónir úti í hinum stóra heimi.

Drifrás, fjöðrun, bremsubúnaður og annað er eins og best gerist í kappakstursbílum líðandi stundur. MS8 er þó langt frá því að vera strípaður brautabíll því í honum er búnaður á borð við skriðstilli, skrikvörn og ABS-bremsur, auk þess sem innrétting-



Allur nauðsynlegur nútímaþúnaður, smekkleig innrétting, V-8 mótör - allt undir 1.100 kg.

in þykir vel boðleg hinum almenna öikumanni.

Bætiefni fyrir bíllinn

Power Pill FE-3 er nýjung á Íslandi, sem hentar að sögn söluaðila öllum bifreiðum.

„Pillan hefur ótal kosti,“ segir Oddný Þórunn Bragadóttir söluaðili Power Pill FE-3 á Íslandi. „Hún er gerð úr bensíni og því hálfgerð bætiefni fyrir bíllinn þar sem bensín er almennt orðið tiltölulega blýlaust.“

Oddný segir pilluna viðhalda vélinni og hreinsa út óhreinindi. „Þegar bensín fer í gegnum brennsluhöf, brennur ekki hluti þess og kemur út sem mengun. Eldsneyti fullnýttist með pillunni og hættulegur útblástur minnkar. Pillan er því álitin vera umhverfisvæn.“

Að sögn Oddnýjar hentar pillan öllum bifreiðategundum og er góð



Til að nálgast Power Pill FE-3 er best að hafa samband við dreifingaraðilann Kristý í Borgarnesi annað hvort í síma 437-1234 eða með því að senda póst á kristy@sim-net.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Í fyrsta skipti sem Power Pill FE-3 er notað, er tveimur pillum stungið í tankinn áður en dælt er á hann. Ein pillu er sett í hvert skipti eftir það.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

fyrir mikið keyrða bíla. Díselbílar eru þar ekki undanskildir.

„Ekki nóg með að góð eldsneytisnýting lækki bensínreikninginn heldur er notkun Power Pill FE-3 tiltölulega auðveld,“ segir Oddný. Í fyrsta skipti eru tvær pillur settar í 60 lítra tank áður en hann er fylltur af eldsneyti. Ein pillu dugur eftir það.“

Oddný segir margar rannsóknir styðja virkni pillunnar. „Prófanir hafa verið framkvæmdar víðsvegar um heim og hefur notkunin

mælst vel fyrir. Sem dæmi nota breskir leigubílstjórar hana í síauknum mæli vegna góðs árangurs.“

Power Pill FE-3 er framleidd af nýsjálfenska fyrirtækinu Bio Active Technology, sem hefur að sögn Oddnýjar engin tengsl við olíufyrirtæki. „Hún var upphaflega hönnuð af NASA fyrir geimferðir, en hefur verið framleidd í bíla í nokkurn tíma erlendis, þótt hún hafi ekki verið til á Íslandi fyrr en nú.“

roald@frettabladid.is

Veldu FordTransit



Glitnir gerir nýtt tilboð í fjármögnun á Ford Transit

24.220

Ford Transit 280S 2.0TD 85 hó. 5 gíra*

Skoðuðu nýtt tilboð Glitnis í fjármögnun sendibíla frá Ford. Gott verð og gott tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford sendibílum gerir Transit að hagstæðum kosti fyrir fyrirtæki. Skoðuðu staðalbúnaðinn. Skoðuðu hvað þú færð aukalega þér að kostnaðarlausu.

Sérhæfð atvinnubílaeild Ford

Fáðu sérhæfða ráðgjöf. Skoðuðu allar forsendur, fjárfestu í rétta bílnum. Boðuðu sérhæfða sölu- og gjafatvinnubíla Ford til þín. Komdu jafnvel við í ný húsakynni Ford atvinnubíla, Bíldshöfða 6. Talaðu við Hörð Guðjónsson eða Ólaf Friðsteinnsson sérfræðinga okkar í rekstri Ford atvinnubíla.

Veldu rekstraröruggi. Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

Skoðuðu staðalbúnaðinn. Skoðuðu aukabúnaðinn sem þú færð aukalega án aukakostnaðar.



Ford Transit 280S 2.0TD 85 hó. 5 gíra*	
Hléðslurými: 2.540 x 1.762 x 1.430 m	
Tilboðsverð án vsk.	1.843.000 kr.
Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.	24.220 kr.
10% útborgun	184.300 kr.
Rekstrarleiga mánn. (75 þús. km) án vsk.	36.418 kr.




Ford Transit 300M 2.0TD 85 hó. 5 gíra*	
Hléðslurými: 2.905 x 1.762 x 1.745 m	
Tilboðsverð án vsk.	2.122.000 kr.
Fjármögnunarleiga á mánuði án vsk.	27.826 kr.
10% útborgun	212.200 kr.
Rekstrarleiga mánn. (75 þús. km) án vsk.	41.800 kr.

Gott verð. Nýttu þér tilboð Glitnis í fjármögnunarleigu á Ford Transit. Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.



Við staðgreiðum gamla bíllinn þinn þú veitir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bíllinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veitir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg, Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford Transit.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einng. Vertu í hlpi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Aftou þér frekari upplýsingar www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Ótveðr á laugþingunni eru ein vsk. Brimborg og Ford þakka sér eftir til að breyta veði og bónda ín þinnara og að auk er kaupveði hób gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 10% útborgun og mánaðarkvæm greiðslum í 84 mánuði og eru hálar breytingum á völlum og gengi erlendis mynda 50% ík / 50% eftir myrkarta. Lega er rekstrarleiga og er miðað við mánaðarkvæm greiðslu í 36 mánuði sem eru hálar gengi erlendis mynda og völlum þess. Símar- og þjónustufreitt samkvæmt telti þar á milli og Brimborg er miðað í kappabókun og allt að 75.000 km ástær á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílans. Nánari upplýsingar veldu staðgreitt Brimborg.

Nýr SLR hefur sóknina í Evrópu

Minnisvarði um meira en fimmtíu ára gamlan sigur.

Árið 1955 kepptu Stirling Moss og Dennis Jenkinson til sigurs í Mille Migila-kappakstrinum á Mercedes Benz 300 SLR. Rásnúmer þeirra var 722 sem þýddi að rástími þeirra var klukkan 7.22 að morgni. Þannig byrjar sagan sem endar í 2007 árgerðinni af SLR sem hefur fengið nafnbótina „722 útgáfan“ og kom á markað í Evrópu nú í vikunni.



Örlitlar og vel faldar útlitsbreytingar greina 722 útgáfunna frá öðrum SLR-bílum.

722 útgáfunna líkari kappakstursbíl hafa breytingar átt sér stað á fleiri stöðum en í vélarhúsinu. Bíllinn er til dæmis 10 mm lægri en fyrri útgáfa, fjöðrunin er stífari og bremsudiskarnir hafa verið stækkaðir í 390 mm.

Markhópurinn eru heldri menn með ástríðu fyrir hraða. Til að höfða til herramanna-stéttarinnar munu allir SLR-eigendur verða meðlimir í

722 útgáfan er búin 650 hestafla 5,5 lítra V8 mótör, handsmíðuðum, sem kemur bílnum frá kyrrstöðu í hundrað á 3,5 sekúndum. Til að gera

sérstökum klúbbi sem mun veita meðlimum sínum aðgang að eftirsóttum mannfögnuðum sem og öðrum fríðindum.

SLR McLaren hraðastur

Breska bílatímaritið *Automag* lokaði á dögnum London City flugvællinum svo þeir gætu athugað hvaða götubíll væri hraðskreiðastur í London.

Bíllarnir voru prófaðir á mílu langri flugbraut og hámarkshraði mældur. Þetta urðu niðurstöðurnar:

Mercedes McLaren SLR	282,7 km/klst
Ford GT	280,5 km/klst
Corvette Z06	268,7 km/klst
Porsche Turbo	261,7 km/klst
BMW M6	261,5
Vauxhall Maloo	258,8 km/klst
Shelby Daytona Cobra	257,0 km/klst
Bentley Flying Spur	253,3 km/klst
Alpina B5	250,1 km/klst



Mercedes-Benz SLR McLaren mældist hraðskreiðasti götubíllinn í London. Þessi mynd er tekin hér á landi við tökur á kynningarefni.

Skutla til sölu



Mercedes Benz 109 CDI Lang Euro 3
 árg. 2004, ek. 35.000 km.
 Verð 1.500.000 án vsk.
 Uppl. í síma 821 4626.



Sveinn Heiðar og Erla fyrir framan húsbíllinn góða. Þetta er þriðji húsbíllinn þeirra á sex árum.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA.IS

Sumarbústaður á hjólum

Sveinn Heiðar Jónsson og Erla Oddsdóttir gátu ekki hugsað sér á sínum tíma að festa sig á einum stað í sumarbústað. Í staðinn fengu þau sér húsbíl með öllum þeim þægindum sem þau gátu hugsað sér og flakka um landið á honum.



Sveinn Heiðar stendur í borðstofunni en þar geta sex manns setið til borðs með góðu móti. Þá er sætunum fram í snúði við og borðið stækkað. Þegar koma næstur gestir er togað niður stórt hjónarúm sem er staðsett fyrir ofan bílsætin.

„Það fer alveg einstaklega vel um okkur í þessum bíl. Við viljum geta ferðast um landið og reynum að fara um hverja helgi út á land. Við erum líka í félagi íslenskra húsbílaeigenda og förum í ferðir með þeim, svo sem berjaferðir, veiðiferðir og svo er stóra sameiginlega ferðin núna 14. júlí“, segir Sveinn Heiðar en hann er formaður félagsins sem einnig kallast „Flakkarar“. „Bíllinn er líka svo rúmgóður þannig að barnabörnin eru oft með í för og það er lítið mál að slá upp veislu í bílnum.“

Hjónin þurfa ekki að sitja yfir veðurfréttunum þegar ferðir eru



Í eldhúsinu er eldavél, bakara- og örbylgjuofn, ísskápur, frystiskápur og vífta. Einnig er sjónvarp og DVD-tæki í bílnum. Hjónarúmið er í endanum og svo er hægt að leggja bekkinn við borðið niður og breyta honum í rúm. Baðherbergið er andspænis eldhúsinu og þar er að finna öll nauðsynleg þægindi.

skipulagðar þar sem það skiptir litlu máli hvort það rignir eða ekki. „Í bílnum eru öll tæki og tól til að matreiða og það er hægt að kúra yfir sjónvarpinu í leiðinlegu veðri. Þar að auki eru fortjöld og skyggni utan á bílnum og þegar þau eru dregin fram er komin góð aðstaða til að grilla eða sitja úti á íslenskum sumarkvöldum,“ segir Sveinn Heiðar.

Bíllinn felur í sér margar möguleika þegar ferðast er á honum. „Í „bílskúrnum“ er vespa sem ég tek fram þegar mig langar að skreppa og skoða mig um. Svo er líka fullkomið baðherbergi með heitu og köldu vatni og meira að segja sturtu. Þannig að það er hægt að fara nánast hvert sem er á bílnum í ótakmarkaðan tíma,“ segir Sveinn Heiðar og bætir við að húsbílaeign á Íslandi fari sívaxandi enda henta húsbílar íslensku veðurfari vel og hægt er að ferðast um allt landið.

erlabjorg@frettabladid.is

NÝTT!






Bón og hreinsivara
NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA
 FRÁ **TURTLEWAX**

Söluaðilar um land allt




... á næstu Esso stöð ... bestir fyrir bílninn þinn



Úr kynningarmyndbandinu sem tekið var hér á landi.

Freelander 2 á Íslandi

**Kynningarefni tekið hér-
lendis fyrir nýja Land Rover
jepplinginn.**

Kynning á nýja Land Rover jepplingnum, Freelander 2, er komin á fullt. Til að gefa bílnum ævintýralegt yfirbragð var stórt hluti kynningarefnisins fyrir hann myndaður hér á landi. Á vefsíðunni www.landrover.com

com má finna kynningarmyndband þar sem eldur, ís og mosavaxnar hraunbreiður mynda umgjörð um stílhreinan og sportlegan bílinn og á stundum er ekki allveg ljóst hvort er í aðalhlutverki, íslensk náttúra eða þessi nýjasta afurð breska heimsveldisins.

Bíllinn er væntanlegur í sölu von bráðar.

Ný vetnisvél

FORD MUN INNAN SKAMMS HEFJA FRAMLEIÐSLU Á VETNISVÉLUM Í MINNI RÚTUR. VÉLIN ER EINSTÖK AÐ ÞVÍ LEYTI AÐ HÚN BYGGIR Á HEFÐ-BUNDINNI SPRENGITÆKNI. Flestar vetnisvélar knýja rafmótor en nýja vélin frá Ford brennir vetni á sama hátt og bensíni. Með þessu má nýta þá tækni sem búið er að þróa fyrir sprengivélar. Vélin er 6,8 lítra, V10 og skilar hún 235 hestöflum. Talsmenn Ford segja að þetta sé aðeins byrjunin og rétt sé hafist handa við að nýta möguleika vetnistækni. Þeir áforma meðal annars að hanna beina innspýtingu fyrir vélinu sem myndi auka kraft hennar



Ford hefur náð langt síðan T-módelið kom út.

og hagkvæmni. Um kosti vetnis fram yfir bensín þarf ekki að fjölyrða og því binda starfsmenn og eigendur Ford miklar vonir við nýju tæknina. -tg

HVAÐ ERU... STEFNUVIRK FRAMLJÓS?

Auka öryggi í beygjum

Í flestum bílum er rofi í mælaborðinu til að stilla hæð framljósanna. Hugmyndin að baki þessum rofa er að stefna ljósanna þjóði alltaf upp á bestu mögulegu lýsingu, óháð því hvernig bíllinn er hlaðinn.

Víða í heiminum er skylda að þessi búnaður sé til staðar og séu bílar búnir ljósgafa sterkari en 2000 lúmens, er skylda að búnaðurinn sé sjálfvirkur. Tilgangur þess er að koma í veg fyrir að sterkur ljósgeisli lendi í augum ökumanna úr gagnstæðri átt.

Ljósaframleiðandinn Hella setti fyrir þremur árum á markað framljós sem fara skrefinu lengra og ljósgeislarnir beygir fyrir horn eftir skynjurum sem eru tengdir stýrisbúnaði. Þannig á ökumaður auðveldara með að sjá fyrir horn, því ljósin elta lögun beygjunnar, frekar en að lýsa bara upp ytri kant hennar. Í Hella-ljósunum beygir geislarnir allt að fimmtán gráðum í hvora átt.

Auk þess að bjóða upp á þessi ljós í nýjum bílum er hugmyndin að hægt sé að skipta á gömlu ljósunum og setja ný stefnuvirk ljós með einföldum og ódýrum hætti.

Hugmyndin er langt frá því að vera ný af nálinni því hinn tékk-

neski Tatra var framleiddur á fjórða áratug síðustu aldar með ljósi fyrir miðjum að framan sem beygði í takt við stýrisbúnaðinn. Aðrir bílar með stefnuvirkum framljósum voru meðal annars Tucker Sedan árgærd 1948, Citroën DS árgærd 1967 og Citroën MS árgærd 1970. Það kann að hafa haft úrslitaáhrif á framtíð stefnuvirkra framljósa að á sínum tíma voru þau bönnuð á Ameríkumarkaði.

Í dag er verið að þróa framljósakerfi sem kemur til með að bjóða upp á enn fleiri möguleika. AFS, sem stendur fyrir „Advanced Front-lighting System“ eða „háþróað framljósakerfi“ hefur reyndar staðið til boða í bílum á borð við Audi og Lexus síðan 2002 en er enn í þróun.

Meðal nýjunga má nefna að nú hafa rafskynjarar og -mótorar tekið við hlutverki stýristengs búnaðar. Þá er hægt að stilla hversu víður og bjartur geislarnir er, sem gefur aukið notagildi til dæmis eftir veðri. Loks er svo verið að vinna í því að tengja búnaðinn við GPS-tækni til að geta breytt ljósum í takt við veginn, áður en bílstjórinn byrjar að snúa stýrinu.



Framljós sem breyta um stefnu eru að ná útbreiðslu um þessar mundir, rúmlega sextíu árum eftir að þau komu fyrst fram á sjónarsviðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



Töluverða færni og þjálfun þarf til að „drifta“ svo vel fari.

Drift keppni í Reykjavík


**Skráningu lýkur næsta mánu-
dag, 24. júlí.**

Max1 bílavaktin í Reykjavík og Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur, BÍKR, standa, ásamt hjólbardaframleiðandanum Nexen, að svokallaðri drift-keppni laugardaginn 29. júlí í Reykjavík. Keppnisstaður verður tilkynntur mánudaginn 24. júlí á heimasíðu Max eins, max1.is.

Drifter-keppni felst í eins konar „freestyle akstri“ með kröftugu spóli í hringi og skriði eftir brautinni innan tímamarka. Drifter-keppnin er upprunnin í Japan en hefur borist til annarra landa, meðal annars Bandaríkjanna, þar sem hún er orðin feykivinsæl.

Áhorfendur keppinnar njóta ákjósanlegs útsýnis þar sem keppnin fer fram. Nægur fjöldi bílastæða er í nágrenninu og aðgangseyrir er aðeins 500 kr.

Ökumenn sem áhuga hafa á að taka þátt er bent á að skrá sig fyrir þriðjudaginn 25. júlí á heimasíðu Max eins; www.max1.is.



Hringurinn sem keppt verður á.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr 2.690.000 eða
Kr. 28.912 á mánuði*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

* Bítasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Gleymdu ekki nestinu



Í Móseldal eru hliðarnar þaktar vínið. MYND/MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR

Vínuppskera í Rín

HEIMSFERÐIR EFNA TIL FERÐAR UM FEGURSTU SLÓÐIR ÞÝSKALANDS DAGANA 6. - 13. OKTÓBER.

Að ferðast á fljótandi hóteli um Rín og Mósel hefur yfir sér ævintýraljóma. Sigt er fram hjá mörgum fallegum bæjum og þorpum og á milli þeirra teygja vínekrurnar sig upp hliðarnar. Október er uppskerumánuður í vinnræktarhéruðum við Rín og Mósel og gaman að fylgjast með vinnunni á ökrum, kynnast því hvernig vínin verða til og jafnvel að smakka á guðaveigum.

Flogið er til Hahn-flugvallar, skammt frá Frankfurt og ekið til Trier þar sem dvalið er fyrstu tvær næturnar. Næst verður ekið til Köln og þaðan hefst fjögurra daga sigling um fegurstu hluta Rínar og Mósel. Þægilegt er að líða áfram eftir ánni, leggja að í fallegum smábæjum og borgum, fara í land og röla um, skoða og njóta lífsins með fararstjóra sem þekkir þetta landsvæði vel. Helstu viðkomustaðir eru bæirnir Andernach, Rudesheim, sem margir telja lífligasta bæ Þýskalands, Cochem við Mósel, gamla höfuðborgin Bonn og að lokum hin stórbrotna Köln með dómkirkjunni fráegu. Í lok siglingarinnar verður gist í tvær nætur á hóteli á bökkum Rínar. Nánari upplýsingar eru á www.heimsferdir.is



Við Big Sur á þjóðvegi 1 í Kaliforníu er mikil náttúruferð.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ekið með hvítum ströndum

Þegar ekið er eftir strandlengju Kaliforníu á þjóðvegi númer eitt, má sjá einstaka náttúruferð, hvítar strendur og gróursæld og jafnvel hvali og seli. Þetta er staður til að slappa af og njóta lífsins enda vegurinn lagður aðeins til þess að fólk geti notið útsýnisins.

gleyma myndavélinni heima. Göngugarpar ættu einnig að hafa gönguskóna með sér því mikið er um góðar gönguleiðir á leiðinni og góð tjaldstæði sem gaman er að gista á.

Náttúran ein ætti að vera næg ástæða til að keyra þessa stórbrotu leið, en á leiðinni er einnig að finna skemmtilega bæi sem vert er að kíkja á. Fyrst ber að nefna strandbæinn Santa Cruz þar sem pastellitirnir og afslöppuð brimbrettastemningin er allsráðandi. Gaman er að röla um bæinn og fá sér tacos í Taqueria Vallarta og leika sér svo á ströndinni. Monterey kemur þar næstur, hálfgerð andstæða við Santa Cruz, enda talað um að bærin sé snobbaður og finn. Þar er hins vegar að finna eitt besta sæðýrasafn Ameríku, Monterey Bay Aquarium. Einnig er hægt að kíkja við í bænum Carmel-By-The-Sea þar sem Clint Eastwood var áður bæjarstjóri, en þar býr margt vel stætt fólk. Hjarta þjóðvegarsins slær þó í Big Sur sem er miðja vega milli San Fransískó og Los Angeles. Þar fær náttúran að njóta sín, og næg gisting í fjallakofum með útsýni yfir hafið. Auk þess er þar heilsulind og nánast hver einasti gististaður býður upp á nudd og spa, auk þess sem matseldin er þar í hæsta gæðaflokki. Í Big Sur er Andrew Molera State Park þar sem eru margar gönguleiðir, þar er hægt að renna fyrir fisk á nokkrum góðum stöðum og tjaldstæðin eru góð.

Fyrsti áfangastaðurinn á suðurströndinni ætti að vera Santa Barbara, sem er einstaklega fallegur smábær með Miðjarðarhafsbla. Vinnrækt er þar mikil allt í kring og hægt að fara víða í vinnsmökkun á leið sinni. Ferðinni lýkur svo í stórborginni Los Angeles, en af þjóðvegnum er ekið inn í borgina meðfram ströndinni inn í Santa Monica og að hinni frægu Venice-strönd. Þá er hvíldin úti og tími til að njóta glamúrsins í Hollywood. Þaðan er svo nokkurra tíma akstur suður til San Diego og Mexíkó, þar sem ævintýrið getur haldið áfram.



Víða má sjá seli við Kaliforníustrendur.

Áhugaverðir staðir á leiðinni

- **Legget** - þar stendur 96 metra há risafura sem hægt er að keyra í gegnum. En þar eru auk þess heilu skógarnir af risafuru.
- **Bodega Bay** - besti staðurinn til að sjá hvali í janúar og febrúar og seli í nóvember.
- **Golden Gate-brú** - Gaman er að labba yfir brúna og smella af mynd hinum megin.
- **Red Rock Beach** - frábær strönd sem liggur rétt við Santa Cruz og fullkominn staður til að ná sér í smá brúnku.
- **Monterey Bay Aquarium** - Heimsfrægt sæðýrasafn sem sýnir marglyttur, neðarsjávarkóg, hákarla og risakolkrabba.
- **Monterey Bay National Marine Sanctuary** - Verndarsvæði yfir 25 dýragunda í útrýmingarhættu. Í klettunum má sjá sæta sæotra hvíla sig.
- **Deetjen's Big Sur Inn** - Hina fullkomnu sveitasælu er hægt að finna í þessum norsku fjallakofum, með gistingu í öllum verðflokkum.
- **Henry Miller bóksafnið** - Rithöfundurinn bjó þarna á árunum 1944 til 1962. Á bókasafninu er bókabúð, listasafn og svið undir listviðburði.
- **Tassajara Zen-fjallaklaustrið** - Þetta er fyrsta Soto Zen-klaustrið sem stofnað var utan Japan. Það stendur við Santa Lucia-hverina þar sem hægt er að baða sig. Einnig er hægt að gista í klaustrinu og fara á námskeið.
- **Hearst-kastali** - Þetta er Graceland Kaliforníu, með 165 herbergjum, 61 baðherbergi, spænsku dómkirkjulofti, egypskum skrautumunum og endurreisnarmálverkum. Sjón er sögu ríkarí.
- **Vinsmökkun í Santa Barbara** - Þeir sem hafa séð myndina Sideways ættu að kíkja á þetta: www.santabarbara.com/winecountry

FM957

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Auglýsingasími: 550 5000

Gönguferð í fjallasölum Alpanna

2. - 9. september 2006

Oberstdorf er syðsti bær Þýskalands, við rætur Alpanna og fjallsins Nebelhorn (2.224 m) og því sannkölluð paradís útivistarfólks á öllum aldri. Nú bjóðum við upp á vikuféð í byrjun september þar sem gist er á hóteli og í fjallaskálum sem bjóða upp á mun meiri þægindi en fjallaskálarnir hér heima. Gengið er upp undir 6 tíma á dag og er farangurinn fluttur á milli gististaða, svo einungis þarf að bera dagspoka. Sérlega fallegt landslag, þar sem einnig gefst tækifæri til að sigrast á nokkrum tindum og fjallaskörðum í Ölpunum

Fararstjóri: Helgi Benediktsson
Verð: 134.800 kr.

Mikið innifalið!

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is

s: 570 2790



Nýtt tölublað komið í verslanir

Ferðasögusamkeppni
Sex í villum
Ógöngur
100 síðna
sumarblað

Tryggðu þér eintak á næsta sölustað

ÚTIVERA
www.utivera.is



Veiðisumarið með Stefáni Jóni Hafstein

Fleiri veiðifrættir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.

Ekki er allt sem sýnist

Laxveiðisumarið verður aldrei gott úr því sem komið er. Stóri straumurinn sem átti að skila miklum smálaxagöngum um síðustu helgi brást að þessu leyti. Þær ár sem standa upp úr eru Norðurá, með yfir 1000 laxa í vikunni, og Blanda, með einn af þeim stærstu, en aðrar eru miklu síðri. Í Eystri- og Ytri-Rangá, þar sem menn byggja á miklum seiðasleppingum, eru menn jafnvel orðnir áhyggjufullir enda veiðin mun slakari en á sama tíma og í fyrra. Í Elliðaánum hefur veiðin verið góð, veiddir meira en 400 laxar, en þar er ekki allt sem sýnist. Samkvæmt teljaranum eru göngur upp ána miklu lélegri en á sama tíma í fyrra. Nú í vikunni voru um 700 laxar gengnir upp, en voru nærri 1800 á sama tíma í fyrra. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Veitt og sleppt

Ég veiddi í Elliðaánum í vikunni og skemmti mér vel. Ég setti sjálfum mér þá reglu að veiða bara á flugu í yfirborðinu meðan karlarnir tóku fjögurra laxa kvótann sinn á maðk á innan við



Stefán Jón sleppir laxi í Elliðaánum

klukkutíma. Yfirborðstökurnar eru stórskemmtilegar, einn laxinn kom tvö fet upp í loft og hékk þar eins og heimsmeistaramarkmaður í loftinu þar til hann lét sig detta og greip fluguna á niðurlíði. Á einni morgunvakt reisti ég (það er: fékk laxa til að elta fluguna) í nú til tíu skipti, þar af tóku fjórir og ég landaði tveimur

sem ég sleppti auðvitað. Ég bið ekki um meira fjör á einni morgunvakt.

Lærið gárubragðið

Ég notaði einkum gárutúpu, Sun Ray Shadow, af minni gerðinni, en einnig flottúpur af stærri gerð og dró þær hratt. Það er gríðarlega gaman að sjá laxana skjótast upp og lemja yfirborðið, eða aðra skella sporðinum í fluguna, eða enn aðra kíkja upp með gogginn alveg við agnið. Þó að þeir taki ekki er maður svo sannarlega í sambandi! Nú er einmitt rétti tíminn fyrir yfirborðsflugur. Þeir sem ekki kunna gárubragðið („hitsið“) bendi ég á grein á flugur.is þar sem þetta er kennt, og hvernig best er að beita gárutúpunni. Í veiðibúðum má líka fá góð ráð. Ég má svo til með að benda höfuðborgarþéttum á að Elliðavatn er í sannkölluðum blóma þessa heitu sumardaga, hann vakir um allt! Ég tók 14 silunga á klukkutíma eitt kvöld í vikunni, reynið brúnan eða svartan Tailor eða Pheasant tail, stærðir 14-16, og svo er þurrflugan að koma sterk inn!

BJÖRGUNARSVEITIR Á HÁLENDINU



Frá Öskju í Dyngjuflöllum, einnar náttúruperlunnar á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Norðan Vatnajökuls

FÆRT FLESTUM Á SLYDDUJEPPUM.

Björgunarsveitin Stefán úr Mývatnsveit var í vikunni sem leið á svæðinu norðan Vatnajökuls. „Við erum að skoða leiðir hér og aðstoða fólk ef þarf,“ segir Jón Óskar Ferdinandsson björgunarsveitarmaður. „Núna erum við að koma frá Herðubreiðalindum, Öskju og Dreka og erum á leiðinni í Dyngjuflöllum. Við fréttum af litlum jepplingum á ferð þar og ætlum að athuga hvernig þeim gengur. Vegurinn hér er mjög leiðinlegur og grófur.“ Svæðið sem sveitin sér um er mjög stórt og reiknar Jón ekki með því að komast yfir hvern hluta nema einu sinni í vikunni. Um helgina verða fjölskyldubúðir Íslandsvína í Snæfelli

en Jón segir að leiðin þangað inn eftir sé greiðfær.

„Annars ættu flestir sem eru á litlum slyddujeppum að komast um allt svæðið ef þeir fara varlega. Sumstaðar eru vondir vegir og grófir en eins og þeir segja, maður fer allt ef maður fer varlega. Svo eru nokkur vöð líka og flæðurnar inni við Kistufell. Þar flæðir áin yfir sandinn og færið getur verið þungt. Sandurinn verður þungur og erfitt nema fyrir fjórhjóladrífisbíl að komast þar yfir. Ég veit um einn sem lenti í veseni þar á rútkálfri,“ segir Jón.

Nú um helgina lýkur vakt björgunarsveitarinnar Stefáns á svæðinu og björgunarsveitin Súlu mun taka við.

-elf



Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560.

Húsaviðhald

Er kominn tími á þakið?

Sérhæfum okkur í þakmálun. Komum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. Vanir menn, vönduð vinnubrögð. Snrytilegur frágangur.

Upplýsingar í síma 891 6999.

**BROT
BORTÆKNI**

www.bortaeakni.is

**STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT**

567-7570

**STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN**

MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI

SAGTÆKNI ehf

Barjarföt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is

567-4262 & 893-3236

Viðhaldsvirkni Ehf

S. 661 0117 & 690 9117

Málarameistarar, múrarar og smíðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspórsln. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum sem og margt fl.

Fyrirtækið gerir tilboð þér að kostnaðarlausu. Öllum fyrirspurnum svarað.

Einng þjálum vil ráðgjafa þjónustu.

www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

**Sumarið er tíminn
10 ára ábyrgð**

**Þakmálun
Húsamálun**

Leitaðu tilboða í síma: 844-1011 eða á www.thakmalun.is

ÞAKMÁLUN

FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá
KR. 12.850.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

3 herb. verð frá
KR. 16.450.000*
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa
FASTEIGNAFÉLAG
AUSTURLANDS

567 3400



FASTEIGNA- OG SKIPASALA
AUSTURLANDS EHF.

580 7905

domus

545 0555



Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
 Yfir 20 ára reynsla af PVC dökum
 Sími 820 3415
 fagthak@fagthak.is

Pak- og utanhússklæðningar og allt húsviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Fagþjónustan ehf. S. 860 1180

Glerisetningar, gluggaviðgerðir, almenn smíðavinna, móðurhrensun glerja, hábrýstipvottur, þakmálun og fleira. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsasmiður tekur að sér að þýssa og lakka gamlar útihúðir, leggja parket og ýmis minni trúverk. Uppl. í s. 897 0059.

Tökum að okkur hverskonar múrbrot, fjarlægja efni, frágangur og pipulagnir. Uppl. í s. 892 8720.

Pípuþvottar og gættu þess að þessu við sig verkefnum, uppl. í síma 892 8720.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípuþvottum og trésmíði. Upplýsingar Halldór í síma 663 5315.

Stíflubjónusta

Fjarlægjum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frænnis-islöngnum. Stíflubjónusta Geirs, s. 697 3933.

Spádómar

ALSPÁ
 Miðlum, draumum, ráðgjöf heilum, fyrirbætur, NLP Símaspá, einkatímar og.ú.ú.ú.
908 6440
 FINN TÝNDAMUNI

908 6116
 Er spákonan Sirrý Ástir - fjármál heilsa
 Einkatímar í S.845 4009

Spádómar
 Verstu að spá í að fara í bílur? Hvemig væri að lita við í Eden og fá sér.is og með því.


Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spálinan 908 2550

Sígaunaspil, tarot, talnaspeki, draumráðningar og fl. Er við frá kl. 14-24 alla daga. Sara.

Englajós til þín 908 5050

Spádómar! Tarot lestur, andleg leiðsögn og bið fyrir þeim sem þurfa. Er við frá 16-02 eftir miðnætti á virkum dögum. Um helgar frá 16-03 eftir miðnætti. Lára spámiðill.

Bella.is 904 2080

Spádómar, draumráðningar, tarotlestur, andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem þurfa. Hef langa reynslu af spádómum. Er við frá kl. 14:00 - 23:00 alla virka daga. Bella.is

Tarotspá/Rúnaspá. Uppl. og pantanir í s. 552 3540 frá kl. 14-18. Normabúðin.is

Viðgerðir

Erum fluttir að Vesturhrauni 3 Garðabæ

 SMÁVÉLAVIÐGERÐIR
 SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR
 Vélaverkstæði JS
 Vélaverkstæði JS
 Vesturhraun 3 - 210 Garðabæ
 Netfang: velaverkijs@velaverkijs.is
 Símar: 554 0661 - 897 4996
 699 2502
 www.velaverkijs.is

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvél, sláttuor, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælar, kerusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkijs.is

Trésmíði

SG sólpallar
 Pantanir í síma 820 4720 og 896 1976

Nýsmíði, viðhald og viðgerðir

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

Önnur þjónusta

Power Pill !! Lægri bensínreikningur, hreinni útblástur fyrir alla bíla. Kristý.sf. Upplýsingar í síma 437 1234. GSM 863 4622.

HEILSA

Heilsuvörur

Hugsanlega
 hollasti morgunverður í heimi

 Herbalife - smíðað af Jónni Þóruni!
 Símanúmer 698 0973 - Sími 896 2277
 einn2gugur@gmail.is
 www.einn2gugur.is

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupaki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 / 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ný verslun með fæðubótarefni. Vaxtarvörur ehf. Kaplahrauni 19, Hafnarf. Ópió 14-19.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Stálhúsgögn, bólstraðir stólar, borð með stillanlegum fellifótum 4-10 manna, ferköntuð og hringlaga til sölu. Stóll frá kr.5000, borð frá kr.10000. Uppl.í síma 899 2854.

Til sölu v/búferlaflut

King Size hjónarúm frá RB, borðstofuborð úr eik, eldhúsborð, sjónvarpskápur, 2-3 manna sófi, skrifborð, rúmgödur fataskápur, hillusamstæða, glerborð, loftljós, sólstólar o.fl. Uppl. í s. 824 6128 frá 12-17 á daginn.

Óska eftir hornsófa, borðstofusetti og garðhúsgögnum. Uppl. í s. 557 9082 & 856 1834.

Stór skápur úr furu með spegil og skrifborð, einnig úr furu, mjög fallegt og vel með farið, til sölu. Uppl. í s. 899 5459 & 557 5795.

Glæsilegur dökkbrúnn hornskápur úr Unika til sölu. Dýpt 79cm, glerhurðir og 2 skúfur. Verð 30 þús. S. 864 9207.

Antík

Til sölu mjög vel útlitandi frístandandi um 80 ára baðkar úr pottjárn á "arnarklósótum". Uppl. veitir Bjarni í síma 821 5000.

Heimilistæki

1 árs 40" Samsung Plasma Skjár og Heimabíó. Til sölu vegna flutnings. Verð 140þ. S. 898 1028.

Fatnaður

Saumakona. Tek að mér að stytta,breyta og sauma fót. Uppl. í s. 846 6406 milli kl 16-18.

Barnavörur

ROBBI


Útsala

Föt 0-16 ára. Robbi, Hlíðarsmára 17. S. 555 6688.

Dýrahald

15% afsláttur á búrum og hvolpagrindum. Dýrabær Smáralind, s. 554 3063.

Yndislegur chihuahua hvolpur til sölu. 3 1/2 mánn. gamall. Er með ættbók. Uppl. í s. 869 7046

TH hundur 2 ára til sölu. Sanngjarn verð. Uppl. í s. 699 0794.

Yndislega ljúfir 3 kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 568 2568 & 898 9915.

Fimm yndislega kettlinga vantar góð heimili. S. 562 1536, 849 7446 & 866 1536.

Labrador

Gullfalle og ljúf svört Labrador tik til sölu. Uppl. í s. 869 6817.

1 falletgur kettlingur, 8 vikna gamall, fæst gefins til góðra einstaklinga. Uppl. í s. 617 6217.

Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir

Var beðin um að selja 8 mánn Papillon og Chihuahua stráka. Einnig er til sölu Cavallier strákur 5 mánn.
Uppl. í s. 566 8417.



Beagle hvolpar til sölu. Tilbúinn til afhendingar í kringum 10 ágúst. upplýsingar eru að fá í síma 897 8382 http://www.123.is/vef/fjardar

Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgærd. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Ópió alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvelf@hive.is



www.atlantskaup.is

Stigir hringstiga og handrið á lager. Til í 38mm þykkt beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfritt fitting í áanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

Óska eftir hringstiga, ummál 1,60 og hæð 2,70. Uppl. í s. 437 1793 & 863 6895 Benedikt.

Epson skjávarpar fyrir heimili og fyrirtæki. Verð frá 86.990 kr. Heildsala Hans Petersen. Sími 696 7509.

Grand Hall grill fyrir matgæðinga. Ryðfritt gæðagrill. Heildsala Hans Petersen. Sími 696 7509.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Spánn!
 Til leigu hús og íbúðir á Torrevieja svæðinu. Góðar eignir á góðu verði.
Upplýsingar gefur Halla í síma 0034-666818619. www.hgh-properties.com

Gisting

Við bjóðum upp á ódýra og góða sumargistingu 10 mín. frá miðbæ Køben, +45 2515 5651.

Fyrirtæki, einstaklingar! 300fm íbúð til leigu + 250 fm íbúðir. Allar fullbúnar húsgögn og öllum þægindum. Leigist til lengri eða skemmi tíma. Sólarhringsgjald. S. 696 1078.

Fyrir veiðimenn

Rifflar .22 verð frá kr. 19,900,-

SPORTVÖRUGERÐIN SKIPHOLT 5 562 8383

Tvívendu pakki

 14 feta Jaxon tvívenda, Loop skotlina og Large Arbor hjól
Verð aðeins kr 26.900,-
 Veiðiportíð Grandagarði 3 Sími: 552-9940

TIL SÖLU

GRANÍT HÚSID
 - borðplötur
 - handlaugar
 - flísar
 Helluhraun 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 544 5100 www.granithusid.is

TOPDRIVE
 www.toppdrive.is
Rafmagnsgölkerrur með og án fjarstýringu
Verð frá 15.900 kr.
Símar 896 9319 og 869 2688

Filmuskannar!

Frá 12.900
 Stærðir: A4 að A3+ 48 bita litadýpt
 Filmur: 35mm að 4" x 5" OCR textalesning
 A4T að 4800dpi upplausn Litaleidretting fyrir filmur
ÞÓR HF | Ármúta 11 | Sími: 568-1581 | www.thor.is

ÚTSALA
 30% prósent afsláttur.
 Mikió úrval af niðsterkum garðhúsgögnum sem eiga að standa úti allt árið.
 Viðarkó, Dalvegi 24. www.vidarko.is Sími 517-8509
 Stærstir á Íslandi í garðhúsgögnum.

GÍTARINN
 HEIÐFÆRAVERSLUN

Þjóðlagagítar
 Poki, Stillitæki, Neglur
Kr. 15.900,-
 Verð Áður: 20.590,-
 Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Kæling fyrir skrifstofur og tölvurými frá Stulz

Örugg þjónusta í 20 ár!
 Stamparhvíl 1A - 110 Reykjavík - Sími: 587-8890 - www.rastjorn.is

Veiðiportíð



Allar Íslenskar
straumflugur
Verð aðeins
Kr. 195,-
Við erum ódýrari!
Veiðiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veiðiportíð



Vandaðar og vel
hættar flugur á
betra verði!
Brass tumpur... 295 kr.
Laxaflugur... 275 kr.
Straumflugur... 195 kr.
Silungsflugur... 175 kr.
Veiðiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veiðiportíð

Tilboð!
Hágæða
þriggja laga
Öndunar
vöðlur með
belti,
aurhúfum
og skor
fylgja
Verð aðeins
Kr. 21.000,-

Veiðiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veiðiportíð



Allar Íslenskar
silungflugur
verð aðeins
Kr. 175,-
Við erum ódýrari!
Veiðiportíð
Grandagarði 3
Sími: 552-9940

Veiðileyfi
Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalssá og Kolku í Skagafirði. Nokkur holl laus um verslunarmannahelgi, veiðihús fylgir. Uppl. í síma 868 4043 http://www.svfr.is

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

Safnarinn
Höfum opnað nýja safnarverslun að skólavörðustíg 21a. Frímerkí, mynt & seðlar, póstkort, leikföng, ofl. Opíð alla helgina. Sérverslun safnarans.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði
Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð óskast
Ung kona utan að landi með eitt barn óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu frá 1. ágúst. Reglusöm og reyklaus. Öryggum greiðslum heitið. Sími 862 7722.

Íbúð í Kaupmannahöfn
Til leigu ný 70 fm íbúð á Amager m. húsgögnum & öllum búnaði. Uppl. s. +45 44844455 eftir kl. 18.00. jasodk@msn.com

Kaupmannahöfn
Herbergi til leigu á Amager frá 1. ágú. með húsgögnum og interneti. 700 metrar frá Amagerstrandpark. S. 555 2882 & 844 8035.

Húsnæði óskast
21 árs strákur úr sveitinni, rólegur og reglusamur, á leið í Háskóla Íslands. Óskar eftir einstak. Íbúð á höfuðb. sv. í vetur. S. 478 1670 & 847 0037, Hilmar.

Reglusöm og skilvis fjölskylda óskar eftir 3ja herbergja íbúð til leigu í Reykjavík. Sími 695 7401.

Óskum eftir að leigja rúmgóða 3 herb. íbúð í 1-2 ár. Frá 1. okt. Helst í kríngum sv. 109. Eru 3 í heimili. Reyklaus og reglusöm. Greiðslugeta allt að ár fyrirfram. Uppl. í s. 820 1774.

22 ára stelpur að Norðan bráðvantar 3 herb. íbúð sem fyrst í Rvk. Reyklausar/reglusamar. Uppl. í s. 865 9242

Par óskar eftir 2-3 herb. íbúð í göngu- færi við Hl frá 1. sept. Við erum bæði í námi, verkfræði og flugnámi. Eru ábyrg og reyklaus. Reglusamur lífsstíll. Heitum skilvisum greiðslum. Heiða 696 3469.

Óska eftir einstaklings eða 2ja herb. íbúð á Reykjavíkursv. Uppl. í s. 699 1699 & 695 0556.

Óskum eftir 3-6 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 660 1922.

Reglusöm hjón óska efrir 2 herb. íbúð sem fyrst. Uppl. í s. 697 5600 Dejan eða Bilic.

Stákar/ur óskar eftir 2 herb. íbúð í Kóp./Rvk. Fyrir 1-2 reyklausa karlmenn. Uppl. í s. 849 9198.

Herbergi óskast til leigu í Reykjavík. Uppl. í s. 517 3244 eftir kl. 13.

Reglusamur ungur maður af norðan vantar íbúð eða herb. á höfuðborgarsv. sem fyrst. Greiðslugeta 55 þ. á mán. Uppl. í s. 894 0883.

Óska eftir stúdíó eða tveggja herb. íbúð í svæði 105, Breiðh. eða árb. Uppl. í s. 690 9771.

Óskum eftir að leiga einbýli eða hús á Höfuðborgarsv. Reglusemi. Meðmæli. Uppl. í s. 861 9193 & 899 0451.

Óska eftir einstaklingsherb. á leigu, tala aðeins ensku. Uppl. í s. 867 4516.

Reglusamur húsamalari óskar eftir 2 herb. íbúð sem fyrst. Skilvisum gr. heitið. S. 844 6712, Arnar.

Fyrirtæki óskar eftir húsnæði fyrir starfsmann nálægt Hafnarfirði. S. 822 8168 - phe@mi.is

Sumarbústaðir

NORM-X



Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kaminur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

Heitustu pottarnir!!!



Plast-X
Sími 411 3006 869 5696

Glæsilegar sumarhús- lóðir!

Glæsilegar sumarhúsaloðir til sölu við Ytri-Rangá. 102 km frá Reykjavík, malbikaður vegur. Mikil fjallasýn. Kjarri vaxið hraun. Veðursæld. Rafmag, heitt og kalt vatn. Allt eignarlóðir. Góð greiðslukjör. Uppl. á fjallaland.is og í s. 893.5046.



Glæsileg 9fm. garðhús, verð 169.000kr. 25fm frístundahús, verð 1.090.000kr. 37fm frístundahús, verð 1.590.000kr. Sjá heimasíðu www.frístundahus.com Altækni, s. 461 1111.

Höfum til sölu nokkrar sumarhúsaloðir við bakka Ytri Rangá. Þær verða afhentar með vatni, vegagstæði og rafmagn að lóðarmörkum. Uppl. í síma 897 3238 og á ehbus.com

Sumarbústaðaland, eignarland til sölu landið er að hluta til mosavaxið hraun, mjög fallegt í 10 mín. akstri austur af Selfossi. Kalt vatn og vegagerð að lóðarmörkum. Uppl. í s. 824 3040, Hlynur.

Sumarbústaðarland
Er að undirbúa sumarhúsaloðarland. Pantanir óskast. Pétur Jónsson, s. 437 1832.

Atvinnuhúsnæði
Til leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., loftn. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

Geymsluhúsnæði
Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsigliðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Snyrtilegur 20 m2, geymsluskúr í 101 Rvk. Með hita og rafm. Leigist á 22 þús. (ekki íbúð). S. 862 3927.

Bílskúr
Bílskúr til leigu á sv. 105. Hiti, rafmagn, vatn. Ekki til íbúðar. Áhugasamir hafi samband í s. 899 4960.

Gisting
Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

allt bílar

Alla laugardaga

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!
Help needed! -Part time \$500 - \$2000 -Full time \$2000 - \$8000 - Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Bakari Selfossi!
Eitt mest spennandi Bakari á SV-horninu óskar eftir að ráða bakara sem fyrst. Flott tækifæri fyrir ferskan mann.
Uppl. gefur Begur í síma 481 2664 & 898 2466. Vilberg kökubús.



AMERICAN STYLE Í SKIP-HOLTI
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktavinnu í sal og á grilli. Ef þú vilt þú vera hluti af frábæri liðsheild og vinna á líflægum vinnustað þá ertu komin/n á réttan stað. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu **Umsóknareyðublöð fast á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 9:00-17:00**

Hressingarskálinn

Hressingarskálinn Austurstræti (Hressó)
Do you want to work for a good company where good attitude is important? We are looking for a chef in our kitchen which can start as soon as possible. We are also looking for people to collect glasses over the weekends. For more information please call Valdimar at 862 1118.
For more information please call Valdimar at 862 1118.

Hellulagnir og smíðavinnu
Vantar vana menn í hellulagnir og smíðavinnu, góð laun í boði.
Uppl. í s. 899 5700 & 893 8331. Garðasmíði ehf.

Tapas barinn
Tapas barinn óskar eftir hressu og duglegu starfsfólki í sal.
Uppl. á www.tapas.is og í síma 897 1753 eða 697 4090.



Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir fólki í dagvinnu, vaktavinnu eða kvöld- og helgar starf. Áhugasamir hringi í 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

Bílstjórar og grófumenn
Meiraprófsbílstjórar og grófumenn óskast til starfa strax. Mikil vinna framundan.
Klæðning ehf. Upplýsingar í síma 664 5076 og 664 5079.



Café Victor
Café Victor óskar eftir skemmtilegu og duglegu fólki við þjónustu í sal, hvort sem er í fullt starf eða hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk að fara huga vinnu með skólanum í vetur. Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is
Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is

Vantar þig góðar aukatekjur?
Leitum að hressu fólki í áskriftar-sölu. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna leitum af fólki á besta aldri! Hafðu samband, við biðum eftir að heyra frá þér!
Tímaritaútgáfan Fróði ehf, Höfðabakka 9, 110 Rvk. Anna Sigurðardóttir S. 515 5552 /annasig@frodi.is

Hársnyrtir óskast
Hárgreiðslu & rakarastofan Klappartíg óskar eftir sveini, meistara eða nema á 3ja ári bæði í hlutastarf og fullt starf.
Uppl. gefur Sigurpáll í s. 551 3010 & 896 8544.



Hugver ehf óskar eftir áhugasömum starfsmanni með góða þekkingu á vél- og hugbúnaði til fjölbreyttra starfa. Stúdentspróf eða frekari menntun ásamt reynslu æskileg.
Umsóknir má senda í tölvupósti á hugver@hugver.is

TÓMSTUNDIR OG FERÐIR

Tofragarðurinn Stökkseyri

Húsdýra- og skemmtigarður



Opið alla daga í sumar!

tofrar@stokkseyri.is, www.stokkseyri.is sími :483 3800

Sæpotuleigan ehf Grafarvogi kynnis,



Opið alla helgina, tókum vel á móti einstaklingum og hópum, steggjum og gæsum

Gerðu þér gláðan dag, gerðu eitthvað ódruvísi!

Sjáumst hress! Sími: 897 2920, www.jetski.is

Sveitagisting á SUÐUR-JÓTLANDI

Ódýr gisting á frábærum stað!
southforkranch.dk

Kajakferðir Stökkseyri

Ógleymanlegt ævintýri fyrir alla fjölskylduna



Við myndum Stökkseyri • s.896 5716 • fax 483 1390 • kajak@kajak.is • www.kajak.is



Störf á Shellstöðvunum
Óskum eftir að ráða lipurt og jákvætt starfsfólk í inni og útistörf á Shellstöðvunum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.
Hægt er að fylla út umsóknareyðublað á heimasíðu Skeljungs eða senda upplýsingar á starf@skeljungur.is

Vana vélamenn vantar á hjólagrofu og ýmsar aðrar vinnuvélar. Upplýsingar gefur Stefán í 894 0604 eða e-mail starf@malavinnslan.is

Grillhúsið í Tryggvagötu 20 óskar eftir starfsfólki í eldhúsi sem allra fyrst. Upplýsingar í símu 697 8888 og 562 3456. Örn Guðmundsson. Grillhúsið Tryggvagötu 20 Reykjavík.

Bakarið Kornid
Kornid Bakari óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Einnig vantar fólk hálfan daginn. Hentar fólk á öllum aldri. Upplýsingar í síma 864 1585 - Dagbjartur eða á kornid.is

Nýr veitingastaður í miðborginni óskar eftir duglegu og hressu starfsfólki í eldhúsi. Vaktavinnu, unnið 15 daga, frá 15 daga. Óskum einnig eftir aukafólki. Uppl. veitir Helga í s. 661 8759.

Vantar starfsfólk í fataverslun í Firðinum. 12-25 tíma á viku. Upplýsingar í síma 897 9768.

Sumarvinnna
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvís og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Múrara, byggingaverka
Óska eftir múrurum eða mönnum vönum múrverki. Einnig byggingaverkamönnum. Uppl. í s. 896 6614 Kolbeinn Hreinsson, múraramestari

Efnalaug óskar eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu og pökkun unnið er virka daga. Nánari uppl. í síma 699 7878, Pálmi.

Vanur maður óskast á jarðötu. Um er að ræða sumarafli. í ágúst. Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

Ölstofa Kormáks og Skjaldar
Vantar vana barþjóna í fasta vinnu. Einnig vantar manneskju í sal og eldhúsi. Einnig á vaktir frá 16.30 - 20.30 virka daga Ekki yngri en 22 ára. Uppl. í s. 899 4687, Una.

Afgreiðslu og lagerstarf
Við leitum að stundvísu og dugmiklum starfskrafti til afgreiðslu, útkeyrslu og til lagerstarfa. Umsóknir sendist á eico@eico.is.

Hótel í nágrenni Reykjavíkur óskar eftir að ráða matreiðslumann/nema til afleysinga í ágúst. Uppl. gefur Jakob í s. 692 1234 eða jakva@internet.is

Leitum að hressu söluþólki 2-5 kvöld í viku. Aðalhafniskröfur eru hressleiki og jákvætt viðhorf. Mjög góðar tekjur fyrir réttan aðila. inga@hressingar.is

Mest
Umboðsaðili Liebherr á Íslandi óskar eftir starfsmanni í kranaþjónustu fyrirtækisins. Starfið felst í viðhaldi og reisingu á byggingarkrönum. Uppl. gefur Hallgrímur í s. 825 0772.

Óska e. vönum manni á 15 t handfærab. á S-horninu. Svör á ufsi2006@hotmail.com

Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu á Bónusvideo Eddufelli. Uppl. á staðnum eða í s. 866 0140.

Polfimikennari
Árbæjarþerk auglýsir eftir þolfimikennara. Upplýsingar í síma 861 5718.

Atvinna óskast
Vélstjóri ókar e. vinnu til sjós eða lands frá og með 1 sep. Uppl. sendist Fbl. merkt "vélstjóri".

Viðskiptataekifæri



Til sölu pylsuvagn klár í rekstur Nánari upplýsingar í síma 895 2515.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Polaris Sportsman 6x6 gult að lit hvarf af Mosfellsheiði. Þeir sem geta gefið upplýsingar hvar hjólið er niðurkomið vinsamlegast hringið í síma 822 1551, Guðmundur.

Jeep billyklappa ásamt húskyklum, tapaðist á leiðinni frá bílastæðinu við gömlu Elliðárbrúna að veiðihúsi. Finnandi vinsamlegast skili þeim í veiðihúsi, eða hafið samb. í s. 897 7745.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hæri tekjur
Skodaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Spjallrásin 1+1
Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
langflasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumót... 905-2200
Rómó-stefnumót... 905-5555

Spennandi þjónustur í símanum þínum!
Bókasafnið 905-2333
515-8888
515-8800
Stefnumót 905-2323
Topp 10 kvöldssögur 905-2266
G-línan 905-5656
905-2580

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPÍD MÁN - FÓS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6069
WWW.TANTRA.IS

Vinsælasta stefnumótalina landsins!
Konur: 555-4321 (fritt)
Karlar: 905-2000 (199,90)
Karlar: 535-9920 (199,90)
Karlar: 535-9923 (fritt)

Spjollum saman!
Konur (fritt): 555-4321
Karlar (19,90): 535-9940
Karlar (39,90): 904-5454

Spenna, hraði, útrás, adrenalin, þvingun, hraðsla, endir.
Allt þetta býð ég mínum skjólstæðingum. Mr. X
x@gegndrepa.is

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar ræstast. Opíð allan sólahringinn, engin bið

Símaspjall 908 2444 eða 908 2000. Hæ ég er Eva. Ertu einmanna viltu koma í símaspjall. Opíð allan sólahringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Eldri kona vill kynast traustum og heiðarlegum manni, 60-65 ára, sem vini og félagi. Auglýsingu hennar má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8974.

Rúmlega tvítug stelpa utan af landi vill kynast karlmanni, 25-35 ára, með vináttu og e.t.v. fleira í huga. Engin skyndikynni. Auglýsingu hennar má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8968.

Ný og mjög spennandi upptaka í Sögum Rauða Torgsins. Þú heyrir þessa upptöku (og um 400 aðrar) í síma 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), upptöknr. 8473.

Fimmtugur karlmaður vill kynast karlmanni með nán kynni í huga. Auglýsingu hans má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8439.

Dömmur á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og sibreytilegur hópur yndislegu kvenna. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Undanfarið hafa rúmlega tíu dömmur verið að leika sér í ljúfu símaspjalli! Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara, kr. 199,90 mín).

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

Karlmaður óskar eftir að kynast konu á aldrinum 50-60 ára með félagsskap í huga. Hef gaman af dansi og ferðalögum. S. 892 8952.

Karlmaður á miðjum aldri óskar eftir að kynast konu sem hefur áhuga á hestum og ferðalögum. Svör sendist FBL. merkt "lífsglöð"

Símaspjall 908 2444 eða 908 2000. Hæ ég er Eva. Ertu einmanna viltu koma í símaspjall. Opíð allan sólahringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Ungt par óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Öruggum greiðslum og reglusemi heitið. uppl. í síma 840 4091.

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

ÁLFHOLT – 220 HFJ
129,5 m² • 5 herb. • Fjölbýli



FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR FJÁRFESTA – GÓÐAR LEIGUTEKJUR -MJÖG FALLEG 3JA-4RA HERB. ÍBÚÐ Á FYRSTU HÆÐ Í FJÖLBÝLI AUK STÚDÍÓÍ-BÚÐAR Í ÚTLEIGU Fallegar innréttingar og sérgarður og verönd. GÓÐ EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA, ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMADUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0100

BURKNAVELLIR 6 – 220 HFJ



Til sölu glæsilegt parhús á frábærum stað í Vallahverfi, stutt í alla þjónustu og frábærar göngu leiðir. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða í 585-0100

GRENSÁSVEGUR - RVK
143,5 m² • Verslunarhúsnæði

TIL SÖLU VERSLUNARHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í REYKJAVÍK



Húsnæðið er mikið endurnýjað með góðum verslunargluggum. Fimm ára leigusamningur með bankatryggingu. Áhvilandi hagstætt lán að upphæð 22,5 millj. til 40 ára. Góð verslunareining með miklar leigutekjur.

EIGN FYRIR FJÁRFESTA – ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BALDVIN ÓMAR Í 898-1177 EÐA Í 585-0100

LÓNSBRAUT – 220 HFJ
67,4 m² • 1 herb. • Bátaskýli



BÁTASKÝLI VIÐ BÁTALÓNID Í HAFNARFIRÐI
Skýlið er á steiptum grunni og laust til afhendingar strax. Einnig til sölu Quicksilver sportbátur um 5m að lengd með 40 hestafla utanborðsmótor. Keyrður ca 50 tíma. ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMADUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0100

allt
... sem þig vantar í nýja húsnæðið

VISIR
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

2. ÁFANGI SUNDABRAUTAR- KYNNING Á TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Athugasemdarfrestur framlengdur

Frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun hefur verið framlengdur til 21. ágúst 2006. Drög að tillögu að matsáætlun eru nú til kynningar á vefsíðu Línuhönnunar www.lh.is sem og á vefsíðum Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is.

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Verkfræðistofunnar Línuhönnunar á netfangið olafura@lh.is fyrir 21. ágúst 2006.



Línuhönnun
VERKFRÆÐISTOFUNA



KÓPAVOGSBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAG Í KÓPAVOGI

Smiðjuvegur 7. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýst hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Smiðjuveg 7. Í tillögunni felst að byggt er að sunnan verðu við núverandi hús einnar hæðar bygging með sömu vegg- og mænishæð og núverandi bygging. Byggingin verður um 450 m² að grunnfleti. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 15. maí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

Kópavogsbakki. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýst hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Kópavogsbakka. Í tillögunni felst eftirfarandi:

- Húsagatan Kópavogsbakki er færð til suðurs sem nemur 2 metrum.
- Lóðir ofan götu þ.e. Kópavogsbakki 1-15 (húsagerð E1) stækka sem nemur færslu götunnar þ.e. stækka um 2 metra til suðurs.
- Byggingarreitur húsa ofan götu þ.e. við Kópavogsbakka 1-15 stækkar að hluta um 2 metra til suðurs (suðurhlíð bílskúrs færast nær götu) og hámarksgrunnflötur stækkar í 187 m² úr 175 m².

- Lóðir neðan götu þ.e. við Kópavogsbakka 2-10 ásamt húsum fyrir húsagerð E2 hlíðrast til um tvo metra til suðurs. Lóðirnar eru að auki stækkaðar um 4 metra til suðurs og breikkaðar um 1,5 til 2,8 m. Lóðirnar neðan götu hlíðrast til vesturs og sameiginlegum bílastæðum við Urðarbraut er fækkað úr 10 í 6.
- Byggingarreitur og hámarksgrunnflötur fyrir Kópavogsbakka 2 verður 307 m² og fyrir Kópavogsbakka 4-10 verður 271 m² í stað 230 m².

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 29. apríl 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánu- daga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 24. júlí til 21. ágúst 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 4. september 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skípulagsstjóri Kópavogs.

allt tilboð

Alla föstudaga

ATVINNA

Íþróttadeild Fréttablaðsins leitar að einstaklingi í starf íþróttafréttamanns sem hefur bæði mikinn áhuga og þekkingu á íþróttum. Viðkomandi einstaklingur þarf að hafa gott vald á íslenskrí tungu og vera vel ritfær. Æskilegt er að viðkomandi sé hugmyndaríkur, drífandi og eigi auðvelt með að starfa í hópi.

Nánari upplýsingar veitir Henry Birgir Gunnarsson íþróttastjóri Fréttablaðsins í síma 550 5000. Umsóknir sendist á henry@frettabladid.is.

DRAUMASTARF ÍÞRÓTTA- ÁHUGAMANNSINS

365

365 er hluti af Dagsbrún samskiptafélagi DAGSBRÚN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Glæsileg sumarhús við Syðri-Brú

Lækjabrekka 29-33, Lyngbrekka 2

Til sölu glæsileg 127 fm heilsárshús á 7200-13100 fm eignarlóðum. Húsin eru íslensk hönnun, smíðuð á staðnum og tengjast hitaveitu. Þau eru teiknuð hjá Verkfræðistofu Guðjóns Þ. Sigfússonar. Raflagnir og lýsing er hannað af Helga Eiríkssyni í Lúmex. Sökkull og botnplata steipt, hitalagnir í gólfi. Veggir úr timbri.



Húsið fasteignasala
Bláu húsin v/Faxafen
Sími: 513 4300

Allar nánari upplýsingar veitir Fasteignasalan Húsið www.husid.is eða Salómon í síma 698 8228.

Opið hús - LÆKJARTÚN 8 - Akureyri

Opið hús sunnudaginn 23 júlí frá klukkan 14-17



97,4 fm fullbúin sýningaríbúð með húsgögnum í nýju húsi á góðum stað í Naustahverfinu. Íbúðin er 3ja herbergja með vandaðri eikarinnréttingu í eldhúsi, baðherbergi flísalagt. 2 rúmgóð svefnherbergi, opin og björt stofa, þvottahús og geymsla. Eikarparket á gólfum nema flísar á forstofu og eldhúsi. Stutt í útivistarsvæðið í Kjarnaskógi og golfvöllinn. Byggingaraðili Hyrna ehf. Nánari upplýsingar hjá Sölumanni Hóls fasteignasölu 461-2010, einnig á www.laekjartun.is

TOPP5: PEDRO ALMODÓVAR

Leikstjórinn Pedro Almodóvar er einn þekktasti leikstjóri Spánverja, enda hefur hann getið sér góðs orðs utan heimalandsins með myndum á borð við Konur á barmi taugaáfalls (1988) og Allt um móður mína (1999). Almodóvar á farsælan feril að baki og hefur fengið flest verðlaun sem einum leikstjóra geta hlotnast. Hann hóf feril sinn á áttunda áratugnum, þegar einræðisherran Franco var enn við lýði, með stuttmyndum sem hann skaut á Super 8-vél, en hefur nú komið sér vel fyrir og á og rekur eigið framleiðslufyrirtæki. Hér eru fimm bestu myndir meistarans:

1. Vond kennsla (2004). Sagt frá tveimur gömlum vinum, sem sættu kynferðislegri misnotkun í kaþólskum drengjaskóla. Þessi grimmdarlega frásögn kom eins og kjafthögg í kjölfarið á Allt um móður mína, sem vann hug og hjórtu gagnrýnenda og kvikmynda-gesta víðs vegar um heim, vegna einlægrar lýsingar á sonarmissi.

2. Bittu mig, elskaðu mig (1990). Fyrrum tukthúslímur rænin klám-myndaleikkonu, sem hann er heltekinn af, og þau fella hugi saman. Kynlífsatriðið á milli Victoriu Abril og Antonio Banderas var skotið níu sinnum á níu klukkutímum en leikstjóranum þótti síðasta skotið nothæft vegna þess hversu sveittir leikararnir voru orðnir.

3. Kíka (1993). Almodóvar í essinu sínu með mynd um snrytfræðinginn Kíka, sem lætur aldrei deigan síga þrátt fyrir mótlæti í lífinu. Skringilegheit leikstjórans ná nýjum hæðum þegar Kíka vekur dauðan mann, sem hún hefur fengið það hlutverk að farða, aftur til lífsins með náriðilslegri aðdáun sinni.

4. Pepi, Luci og Bom og hinar stelpurnar (1980). Það er ekki hægt að horfa framhjá þessari mynd þegar val um bestu myndir Almodóvars fer



fram, meðal annars af því að þetta er fyrsta myndin sem hann gerði í fullri lengd. Skemmtilega hrá lýsing á lífi þriggja ólíkra kvenna á pönktímabilinu í Madrid.

5. Lögmál lostans (1987). Samkynhneigður kvikmyndagerðarmaður legg-

ur líf sitt í hættu með lostafullu lífern. Sumir telja myndina hálfævisögulega þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn gerir eldfimur umfjöllunarefnum skil. Antonio Banderas vakti athygli í myndinni, þótt Bittu mig, elskaðu mig hafi verið sú kvikmynd sem kom honum á kortið.

GLÓÐinn

Viltu hafa hann mjóann, stuttan, sveran eða stóran?
Skiptir ekki máli allur Kjörís í brauðvormi á 150kr.

**SMÍÐAGLUGGA, OPNANLEG FÖG OFL.
TEK VIÐ TILBOÐUM OG GERI TILBOÐ. TÍMAVINNA.**

ALLT EFTIR ÓSKUM. HJALTI 8924592. GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

KOLAPORTIÐ

Góð leið til fjáröflunar



**OPIÐ UM HELGINA
FRÁ KL. 11-17**



Önnu finnst tilvalið að skreppa til eyjunnar Cat-ba svo helgin verði sem eftirminnilegust.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

DRAUMAHELGIN: Frá Borgarnesi til Víetnam

„Ég myndi sameina ferðalög til tveggja ólíkra staða sem ég hef heim-sótt svo úr yrði hin fullkomna helgi“, segir Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafultrúi Unicef á Íslandi.

„Ég gæti hugsa mér að fara til Mýrarsýslu og skoða fossinn Glanna, sem er við Bifröst. Að svo búnu heimsækta ég Paradísarlaut, sem kall-aður er staður elskenda og er þarna skammt frá. Síðast komst ég reyndar að því að þetta er líka rosalega góður fjölskyldustaður,“ bætir hún við og hlær.

„Svo myndi ég skella mér í sund í Borgarnesi og borða á nýja Lands-námssetrinu, þar sem hægt er að skoða skemmtilega landnámssýn-ingu. Eftir það færi ég hugsanlega

aftur á Mr. Skallagrímsson, sem er með betri leiksýningum sem ég hef séð. Þessi hringur er tilvalinn fyrir þá sem vilja kíkja út fyrir bæinn.“

Að sögn Önnu er hún mun duglegri að ferðast erlendis heldur en innanlands og fyndist því ekki úr vegi að enda helgina á Cat-ba-eyju í Víetnam. „Náttúrufergudín þar er með eindæmum. Eyjan er stærst þrjú þúsund kalksteinseyja norður af Viet-nam og ein fára sem fólk býr á. Ég færi í kajakferð á milli allra eyjanna, hefði viðkomu á afvikinni strönd og synti í fallega grænum sjónum. Auðvitað er ómögulegt að heimsækja báða staði á einni helgi, en það væri algjör draumur.“

roald@frettabladid.is

HELGARTILBOÐ



Sofia sett al/tekk
Borð stækkanl.
100 x 170/220 6 stólar,
hallanlegir með sessu
Tilboð kr. 179.000
áður 259.000

Sólbekkur
kr. 29.000 áður 39.000


Sóhlíf
17.200 áður 21.500

Signature
... húsgögn

Kirkjulundi 17 (v/Vífilsstaðaveg) • 210 Garðabær • Sími 565 3399

www.signature.is

Uppfönduð hústun 12-34.6m yfir vönu
Samkv. byggingaráttinni Gaby apríl 2006.



ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga
fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000



Sólpallar og skjólveggir
Öll almenn trésmíðavinna
Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu
Áratuga reynsla Geymið auglýsinguna
Nýsmíði s/f: 899-4666 & 699-2919





Hvernig verka brúnkukrem?

Flest brúnkukrem innihalda efnið dihydroxyacetone (DHA), en einnig eru til efni sem innihalda svokölluð „bronzers“ sem eru vatnsleysanleg litarefni. Þau síðarnefndu hafa mjög tímaþundna virkni og það er hægt að þvo þau í burtu með vatni og sápu.

Virgni brúnkukrema

Brúnkukrem sem innihalda DHA verka þann hátt að DHA gengur í efnasamband við ákveðnar aminósýrur sem er að finna í ríku mæli í efstu lögum húðarinnar. Við efnahvarfið myndast brún litarefni sem kölluð hafa verið melanoidin. Breytingar á lit húðarinnar koma yfirleitt fram um klukkustund eftir að efnið er borið á og ná hámarki eftir 8-24 klukkustundir. Liturinn dofna síðan og hverfur venjulega á 5-7 dögum.

Flest brúnkukrem innihalda 3-5% DHA í bland við önnur efni. Sum kremin innihalda til dæmis önnur litarefni („bronzers“) og jafnvel sólvarnarefni. Benda má á að brúni liturinn sem myndast þegar DHA gengur í efnasamband við aminósýrur í húðinni myndar ekki vörn gegn geislum sólarinnar á sama hátt og náttúrulegur brúnn litur.

Það er einnig áberandi að brúni liturinn sem myndast af brúnkukremum er venjulega sterkari þar sem húðin er þykkari til dæmis á lófum, iljum, hnjúm og olnbogum. Þess vegna er oftast mælt með því að þessi svæði, auk hársins, séu varin þegar brúnkukrem er notað. Liturinn verður einnig oft mjög ójafn hjá einstaklingum sem hafa einhverja húðsjúkdóma, eins og til dæmis exem.

Mikilvægt að tryggja jafna dreifingu

Í flestum apótekum og snyrtivöruverslunum er hægt að kaupa brúnkukrem sem einstaklingar bera á sig sjálfir. Þau geta hins vegar verið vandmeðfarin og ef illa tekst til getur húðliturinn orðið býsna ójafn. Margir komast þó mjög vel upp á lagið með að nota slík krem og ná jöfnum og góðum lit.

Sérfræðingar mæla venjulega með nokkrum einföldum aðferðum sem eiga að tryggja jafnan lit þegar brúnkukrem eru sett á. Þá þykir skipta máli að skrúbba húðina vel til að fjarlægja dauðar húfrumur og bera svo vel á sig af rakakremi með áherslu á þurrari svæði eins og olnboga og hné. Einnig þykir gott að bera kremið á með svamphanska til að tryggja jafna dreifingu.

Margar snyrtistofur bjóða einnig upp á þjónustu þar sem efnin eru borin á húðina af snyrtifræðingi eða þeim er údað á húðina í svokölluðum brúnkuklefa eftir að ákveðin svæði hafa verið hulin. Slík úðun tekur venjulega minna en eina mínútu.

Vegna þess hve notkun þessara efna er mikil í Bandaríkjunum hefur lyfjaeftirlitið þar gefið út almennar ráðleggingar til þess að draga úr líkum á því að DHA komist inn í líkamann. Ráðlagt er að augn séu varin og lokað og að einstaklingurinn haldi niðri í sér andanum á meðan úðunin fer fram. Einnig ættu ófrískar konur og einstaklingar með asma eða ofnæmi að sneiða hjá slíkri úðun. Öryggi DHA og útfjólubláir geislar

Lítið hefur verið gert af rannsóknunum til að meta öryggi DHA, en nú þegar notkun efnisins hefur

aukist mjög mikið er nauðsynlegt að framkvæmdar verði langtímarannsóknir á öryggi þess. Enn sem komið er virðist þó ekkert benda til þess að efnið sé skaðlegt og er það því mikilvægur valkostur fyrir þá sem vilja hafa brúnan húðlit.

Hinn valkosturinn, ljósaböð eða sólböð, hefur í för með sér aukna hættu á húðkrabbameinum. Auk þess geta útfjólubláir geislar valdið sólbruna og flýtt fyrir öldrun húðarinnar. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að hætta á flögubekjukrabbameinum tengist heildargeislamagni, en sortuæxli og grunnfrumukrabbamein hafa verið tengd við óreglulega sólun. Sortuæxli hafa einnig verið tengd sólbrunum og sólböðum í æsku.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir eru margir tilbúnir að greiða hátt verð fyrir brúnan húðlit og fyrir þessa einstaklinga er líklegt að notkun brúnkukrema í stað ljósabekkja og sólbæða dragi úr hættu á húðkrabbameinum og ótímabærri öldrun.



BRÚNIR OG STÆLTIR Fátt þrýðir stæltá vöðva betur en gullinbrúnn litur að mati vaxtaræktarmanna.

Bárður Sigurgeirsson, húðsjúkdómalæknir

Eru meiri líkur á að fá húðkrabbamein í ljósabekkjum en í sól?

Skaðsemi sólarljóssins má rekja til útfjólublárra geisla en útfjólublátt ljós skiptist í tvær gerðir, UVA og UVB, en það eru einmitt UVB-geislarnir sem valda því að við brennum í sólinni. Ljósabekkir eru frábrugðnir sólinni að því leyti að ljós þeirra inniheldur eingöngu UVA-geisla sem hafa lengri bylgjulengd en UVB-geislarnir.

Ljósabekkir upphaflega taldir skaðlausir

Þegar ljósabekkir komu fyrst til sögunnar var talið að þeir væru skaðlausir þar sem í ljósi þeirra væru ekki UVB-geislar og því óhætt að nota þá að vild án þess að því fylgdi krabbameinshætta. Nýlegar rannsóknir benda hins vegar til að UVA-geislarnir sem eru í ljósabekkjum séu ekki síður hættulegir en UVB-geislar og hugsanlega hættulegri. Ástæðan er sú að UVA-geislar komast dýpra inn í húðina heldur en UVB-geislar og geta þannig haft víðtækari áhrif, meðal annars á frumur ónæmiskerfisins.

Það er því hvorki hægt að svara spurningunni játandi eða neitandi, en það er nokkuð ljóst að ljósabekkir eru ekki hættulausir eins og áður var talið og hugsanlega eru þeir enn hættulegri en sólarljósið. Ekki liggja þó fyrir nægilegar upplýsingar á þessu stigi til þess að skera úr um það.



UNGT PAR SEFUR VÆRT Ef kenning Gerhards Klösch og féлага stenst eru ungir menn frekar haldnir streitu eftir svefn við hlið kvenmanns. Konur þola hins vegar truflun vegna rekkjunauts mun betur.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rekkjunautar skaða andlega getu karlmannna

Austurrískir vísindamenn halda því nú fram að karlmenn séu betur settir sofi þeir einir í rúmi. Svefninn verður órólegri ef þeir þurfa að deila rúmi, og það veldur því að andleg geta mannsins verður verri en ella daginn eftir. Konur eru á hinn bóginn betur í stakk búnar til að deila rúmi með öðrum.

Gerhard Klösch, prófessor við Vínarháskóla, og félagar hans gerðu athugun á átta ógiftum og barnlausum pörum á þritugsaldri. Hvert par var beðið um að gista tíu nætur saman og tíu nætur hvort á

sínum staðnum. Vísindamennirnir rannsökuðu svefnmunstur paranna með spurningum og mælingum á hreyfingu þeirra. Daginn eftir tóku þörin einföld próf og magn þeirra hormóna sem valda streitu var mælt.

Þó karlmennirnir segðu að þeim liði betur við hlið kvenmanns, komu prófin mun verr út hjá þeim og leiddu í ljós að svefn þeirra væri órólegur og rofinn. Bæði kynin sváfu verr þegar þau deildu rúmi, en konurnar sváfu hins vegar dýpri svefni þegar þær loksins sofnuðu og voru því endurnærðar þrátt fyrir styttri svefn tíma. Streita þeirra jókst ekki í sama magni og hjá körlunum og andleg geta var betri. Þrátt fyrir það töldu þær sig sofa best einar í rúmi.

Að deila rúmi hafði einnig áhrif á getu paranna til að muna drauma. Konur mundu mest eftir draumum eftir að hafa sofið einar, en karlar voru minnugri eftir kynlíf.

Prófessor Klösch segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart. „Að sofa er eitt það eiginlegasta sem manneskur gera og það er nauðsynlegt fyrir líkamlega og andlega heilsu. Það er ekki skynsamlegt að deila rúmi með einhverjum sem hefur hátt og slæmt við þig um sængina. Það er engin skömm að því að sofa hvort í sínu rúmi. En hins vegar getur það einnig truflað svefn að sakna makans sem maður hefur lengi deilt rúmi með,“ segir prófessorinn.

steindor@frettabladid.is

FERÐA FRELSI

Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölín eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum. Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.

og
vodafone™

Heyrumst!

Bárður Sigurgeirsson, húðsjúkdómalæknir

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförmu eru: Er eitthvað um lífrænan landbúnað á Íslandi, hvað getið þið sagt mér um fall Rómaveldis, hvaða vefir í líkamnum gera ekki við sig, hvar kemur fyrst fyrir orðatiltekið „með lögum skal land byggja“ og hvernig virka fjögurra blaða smárar? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á síðinni www.visindavefur.hi.is

Feitir mæta fjandskap

Pó að Íslendingar séu upplýstir um hollt mataræði og mikilvægi hreyfingar er það samt sem áður staðreynd að þjóðin þyngist. Í samtali *Hugrúnar Sigrúnar Daníelsdóttur* við *Sigrúnu Daníelsdóttur* sálfræðing kom fram að áróður gegn ofþyngd sé of mikill og að svo virðist sem ákveðinn heilsufasismi ráði ríkjum í þjóðfélaginu.

Það er staðreynd að líkamsræktarstöðar troðfyllast á haustin og aftur eftir áramót af fólki sem hyggst ná af sér aukakílónum. Á sérstökum átaksnámskeiðum er þeim sem ná góðum árangri í baráttunni við aukakílóin meira að segja stundum heitið verðlaunum. Átaksnámskeið fyrir börn og unglinga hafa einnig verið í boði á síðustu árum og virðist ekki veita af því mörg börn eiga við offitu að stríða ekki síður en fullorðnir.

Hluta af því vandamáli að Íslendingar eru að þyngjast kann að vera að finna í mataræði okkar, en í rannsókn mannelisráðs Íslands á mataræði Íslendinga frá árinu 2002 kemur fram að samantörið við aðrar Norðurlandþjóðir borða Íslendingar meira af prótínum og viðbættum sykri en aðrar Norðurlandþjóðir. Þá sýnir könnunin að grænmetis- og ávaxta-neysla á Íslandi er lægri miðað við önnur Norður-

Erfðir stjórna líkamsþyngd

Rannsókn sem læknarnir Sigrúður Thorlacius og Stefán B. Stefánsson gerðu ásamt Laufeyju Steingrimsdóttur næringarfræðingi sýnir að marktæk aukning hefur orðið á örorku í tengslum við offitu á Íslandi og allar líkur taldar benda til að fjöldi þeirra sem stríða við mikla eða sjúklega offitu hér á landi fari vaxandi og þar með að offita sé vaxandi lýðfræðilegt vandamál sem bregðast þurfi við.

Í grein sem Rachel Cooke skrifaði í breska tímaritið *Observer* er því velt upp hvort offita geti verið hinn nýi kynþáttur en aðrir benda á að menn stjórni þyngd sinni en ekki kynþætti. En er það virkilega svo? Rannsóknir sem gerðar hafa verið á tvíburum sýna að líkamsþyngd stjórnast að miklu leyti af erfðum og að allt að 70 prósent breytileika í líkamsþyngd megi rekja til erfðafræðilegra þátta.

Í grein sinni minnst Rachel á hvort skattleggja eigi offitusjúklinga líkt og reykingamenn þar sem þeir kosti þjóðfélagið mikla peninga vegna heilsuleysis. Rannsókn hér á landi um fjölgun of feitra öryrkja staðfestir að þetta er einmitt raunin. Aðrar rannsóknir sýna að þátt fyrir þyngdaraukningu landans hefur tíðni kranseðastíflu minnkað og voru tilfelli árið 2001 meira en 50 prósentum færri en tuttugu árum áður.

Einhliða umræða um þyngd og heilsu

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur segir umræðuna um þyngd og heilsu hafa



MEÐLIMIR KÍNVERSKRAR KVENNAHLJÓMSVEITAR Þessar ungu konur virðast sátta við sig þrátt fyrir aukakílóin, en þess má geta að samantlagt vega hljómsveitar meðlimirnir meira en eitt tonn.

„Það er heillavænlegra að leggja áherslu á lífsvenjur frekar en líkamsvöxt. Holdafar er afurð margra þátta sem margir eru ekki undir persónulegri stjórn. Neikvæð umræða um holdugan vöxt er einungis til þess fallin að ala á andúð og ótta við slíkan vöxt.“

verið einhliða og stjórnast alfarið af þeirri hugmynd að sterkt orsakasamband sé á milli holdafars og heilsu. „Það er heillavænlegra að leggja áherslu á lífsvenjur frekar en líkamsvöxt. Holdafar er afurð margra þátta sem margir eru ekki undir persónulegri stjórn. Neikvæð umræða um holdugan vöxt er einungis til þess fallin að ala á andúð og ótta við slíkan vöxt. Andleg vanlíðan þeirra sem eru feitir er fyrst og fremst til komin vegna fordóma í samfélaginu en ekki holdafarsins sjálfs.“

Sigrún segir hugarfarið í samfélaginu vera á þá leið að allir eigi að vera grannir og að þetta sé eins konar siðferðisleg krafa.

„Við þurfum að sætta okkur við að það geta ekki allir verið grannir. Hins vegar getum við öll bætt heilsu okkar og líðan með heilbrigðu lífni og þá er eðlilegt að áherslan sé þar.“

Megrún leiðir til þyngdaraukningar

Þegar Sigrún er spurð út í rannsókn á fjölgun öryrkja vegna offitu segir hún niðurstöðurnar samræmast erlendum rannsóknum sem sýni fjölgun í hópi þeirra sem eru mjög

feitir. „Við vitum þó ekki hversu mikið af þessari fjölgun má rekja til þess að nú er ríkari tilhneiging til þess að flokka offitu sem sjúkdóm. Ef mjög feitu fólki er að fjölga hér á landi má hins vegar spyrja sig hvers vegna? Ég tel að heilbrigðiskerfið hafi lengi brugðist feitu fólki með því að bjóða þeim gagnslitlar og eyðileggjandi „lausnir“ í stað raunhæfra leiða til að viðhalda heilbrigði í eigin líkama.“

Sigrún segir að þær aðferðir sem notaðar séu gegn offitu miði ekki að því að efla hæfni fólks til að lifa í eigin líkama. „Fjöldi rannsókna sýnir að megrun leiðir til þyngdaraukningar fremur en þyngdartaps. Nýjar rannsóknir sýna jafnframt að þeir sem eru feitir og ánægðir með sjálfa sig þyngjast síður með tímanum en þeir sem eru óánægðir með sig. Góð sjálfsmynd og stolt skiptir miklu fyrir þær lífsvenjur sem fólk temur sér og við þurfum að auðvelda fólki af öllum stærðum að öðlast slíka reisn.“

Áróður sem elur á sjálfsandúð

Sigrún segir að við þurfum að hætta að einblína á holdarfar og horfa frekar á þá þætti sem við getum lagað svo öllum geti liðið vel og fundist þess virði að hugsa vel um sig.

„Það er mín skoðun að þegar kemur að ofþyngd sé áróðurinn of mikill og má segja að ákveðinn heilsufasismi ráði ríkjum. Við gleymum því að heilsufar hefur almennt farið batnandi hér á landi og lífslíkur aukist.“

Sigrún segir að við höfum kennt of feitu fólki neikvætt viðhorf gegn eigin líkama og að það sé sárt að búa í líkama sem þér líkar illa við og að það leiði ekki af sér sjálfsmyndhyggju.

STAÐREYNDIR UM OFFITU:

■ Á tímabilinu 1992 til 2004 hefur öryrkjum á Íslandi vegna offitu fjölgað úr þrjátíu og sjö í hundrad og ellefu. Í ljós kom að aukningin var 183 prósent hjá konum og 263 prósent hjá körlum.

■ Rannsóknir sýna að feitt fólk í góðu formi lifir lengur en þeir sem eru grannir og lifa kyrrsetulífi.

■ Níu af hverjum tíum megrunarkúrum mistakast.

■ Háþrýstingur meðal feitra eykur dánarlíkur þeirra aðeins örlítið, en meðal grannra tvöfaldast líkur á ótímabærum dauða.

■ Fólk hefur minni stjórn á líkamsþyngd sinni en því er talin trú um.

■ Hreyfing og hollar neyslunur hafa lækkandi áhrif á blóðfitu og blóðþrýsting þó að fólk grennist ekki.

■ Í bókinni *Obesity Myth* eftir Paul Campos kemur fram að minni líkur séu á að of feitir einstaklingar fái stöðuhækkun en grannir, of feitir einstaklingar hafi að jafnaði lægri laun en þeir sem eru í kjörþyngd og að þeir fái ekki sjúkratryggingar jafnvel þótt þeir séu heilsuhraustir.

■ Samtök offitusjúklinga í Bandaríkjunum hafa gengið svo langt að vilja banna mismunun á fólki vegna líkamsþyngdar.



SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR SÁLFRÆÐINGUR „Við gleymum því að heilsufar hefur almennt farið batnandi hér á landi og lífslíkur aukist.“

SUPERMAN ÍSPINNI

GRÍMAN

grænn létt **Lurkur** sykurlaus

NYTT frá **emmessis** Öllum brögðum beitt!

Sælkerastemning um helgina!



Úr
Kjötborði
Nóatúns

Sparaðu
1200
kr.

LAMBA RIB-EYE
ÚR KJÖTBORÐI

1.998 kr.
kg



30%
afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR
SÆNSKAR

1.599 kr.
kg



30%
afsláttur

GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRB. MEÐ TÓMAT OG BASIL

1.518 kr.
kg



30%
afsláttur

GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
RAUBVÍNSLEGNAR

1.243 kr.
kg



TORO
PIZZABOTNAR

299 kr.
pk.

Emmess
Daim- og hnetutoppar

25%
afsláttur



GÖTEBORGS
BALLERINA KEX
25% MEIRA KREM

149 kr.
pk.



GRAND ITALIA
PASTASÓSUR

199 kr.
stk.

GRAND ITALIA
PASTA

99 kr.
stk.

Tszzz

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

mmmm



Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
NAUTAFILLET
M. GRÆNMETI
598 kr. stk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
LAMBAINNRALÆRI
TOSKANA
598 kr. stk.

Úr
Fiskborði
Nóatúns



SKÖTUSELSFIÐRILDI
Í TÓMAT OG BASIL
1.798 kr. kg.

Úr
Fiskborði
Nóatúns



KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU
399 kr. stk.



KARTÖFLUR MEÐ MOZZARELLA **998** kr. kg
MAÍSKÓLFUR **169** kr. stk.



GRILLBAKKAR - TILBÚNIR BEINT Á GRILLIÐ
fylltar kartöflur - fylltir sveppir - kryddaðir kartöflubátar
kryddað grænmeti - marinerað grænmeti

Lifðu lífinu í lit!



VATNSMELÓNUR
99 kr. kg



EPLI, RAUÐ
149 kr. kg



KIRSUBERJATÓMATAR
129 kr. pk.



PAPRIKUR, RAUÐAR
169 kr. kg

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!



JACK SPARROW Depp byggði persónuna á Keith Richards, gítarleikara The Rolling Stones, en bætti að auki við ýktum tilbrigðum á borð við ráfandi göngulag.

Annað strandhögg sjóræningjans

Sjóræninginn Jack Sparrow snýr aftur á hvíta tjaldið í sumar í myndinni *Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest*. Sem fyrr er það **Johnny Depp** sem ljær Sparrow líf en myndin hefur slegið í gegn svo um munar. *Birgir Örn Steinarsson* ræddi við Depp á dögnum.

Johnny Depp er greinilega timbraður, þar sem hann situr í sal Claridge-hótelisins í Soho hverfi í London. Enn með stúfur í augum og röddin ívið lægri en venjulega. Kannski engin furða þar sem kvöldið áður var haldin heljarinnar gleðskapur í tilefni velheppnaðrar frumsýningar *Pirates of the Caribbean 2*. Honum virðist ekkert sérstaklega skemmt að svara spurningum þessa stundina. Johnny er hins vegar sérstaklega kurteis maður og svarar öllum spurningum með virðingu fyrir spyrjandanum, sama hversu kauðslega þær hljóma. Hann gefur sér tíma til að hugsa og reynir að vera hnyttinn í tilsvörum.

Depp þykir greinilega mjög vænt um Jack Sparrow, sjóræningjann sem hann leikur í *Pirates of the Caribbean*, því húðflúrið sem sést á hendi sjóræningjans í myndinni er ekta; útlínur af þresti með nafninu Jack ritaðar undir. Hann á eftir að leika rulluna í þriðja sinn sem er nýlunda því Depp hefur aldrei svo mikið sem leikið í framhaldsmynd áður.

„Ég hef bara aldrei leikið í „smelli“ þannig að framhaldsmyndir komu aldrei til tals áður,“ útskýrir leikarinn. „Mér leyst bara mjög vel á hugmyndina. Ég varð hlessa yfir hversu vinsæl fyrri myndin var og er það í rauninni ennþá. Ekki síst á hversu vel persóna Jack Sparrow féll í kramið. Það gaf mér styrk. Á sínum tíma áttu sumir af „betur klæddu“ einstaklingunum hjá Disney erfitt með að sætta sig við hvernig ég lék hlutverkið. Sú staðreynd að leikur minn varð svona mikið

atriðið í velgengni myndarinnar veitti mér byr undir báða vængi.“

Jack og Keith

Depp mótaði persónu sjóræningjans með Keith Richards, gítarleikara The Rolling Stones, í huga með ýktum tilbrigðum, til dæmis ráfar Sparrow rosalega þegar hann gengur.

„Ég fékk hugmyndina að göngulaginu eftir að hafa þolað gífurlegan hita. Ég lokaði mig inni í gufubaði í langan tíma, en ég mæli samt eindregið á móti því. Þegar maður lokar sig inni í gífurlegum hita í langan tíma er nánast eins og maður sé í vímu, og maður sveigir fram og til baka. Manni líður mjög illa í líkamanum og maður neyðist því til að ganga svona. Þar fann ég hugmyndina aðlíkamstjórningu Jacks, án efa. Talandinn er frá Keith Richards.“

Gítarleikarinn hefur einmitt samþykkt að koma fram í þriðju myndinni og bregður sér þar í hlutverk föður Sparrows. „Ef hann drepur sig ekki með því að detta úr kókóstré áður. Keith hefur áhuga og þetta lítur allt mjög vel út. En fyrir mér er þetta ekki orðið að veruleika fyrr en gæinn mætir á tókustað í búningnum sínum.“

Þrátt fyrir allt telur Depp sig ekki enn kominn í náðina hjá þeim jakkafataklaðdu hjá Disney. „Ja, þeir eru nú ekki búnir að sjá *Pirates 3* ennþá. Ég átti einmitt þetta samtalið við Gore Vebrinski, leikstjóra myndarinnar, á dögnum. Við vorum sammála um það að ef það sem við erum að gera gerir þá ekki taugaveiklaða, þá erum við ekki að sinna starfi okkar

sem skyldi. Það verður gaman að sjá viðbrögð þeirra við þriðju myndinni.“

Heillandi lífsmáti sjóræningja

Í einu atriði myndarinnar tekst Jack Sparrow einhvern veginn að koma sér í stöðu höfðingja frumbbyggja á framandi slóðum. Ættbálkurinn talar sitt eigið tungumál og fljúga heilu setningarnar á milli Jacks og „þegna hans“ á þessu undarlega tungumáli. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé byggt á einhverju raunverulegu tungumáli, eða hvort þetta sé bara spunnid á staðnum?

„Mér fannst alltaf eins og við hefðum getað gert framhald af *Edwards Scissorhands*. Eins og við hefðum ekki alveg nýtt alla þá möguleika sem sú persónanna eftir að tókum á myndunum lýkur.“


„Bæði,“ svarar Johnny hreinskilnislega og brosir. „Tungumálið var ekki beint í handritinu, en við vorum búin að búa til einhvers konar hugmynd að því fyrir. Síðan gerðum við það ögn klámfengnara og skitugra og skutum atriðið.“

Depp segir margt heillandi við líf sjóræningja. „Ætli það sé ekki frelsið? Alla langar til þess að vera algjörlega frjáls og engum háður.“

Hann segir það ekki síst ánægjulegt að hlutverkið hafi

BESTU HLUTVERK JOHNNY DEPP

CRY BABY - Johnny Depp vakti mikla athygli í kvikmyndinni *Cry Baby* þar sem hann lék Wade "Cry Baby" Walker undir stjórn John Waters. Kvikmyndin er skemmtilega kaldhæðin grín á kostnað söngvamynda á borð við *Grease*. (1990)



EDWARD SCISSORHANDS - Tim Burton fékk Depp til að túlka utan-garðsmanninn og furðufuglann Edward Scissorhands sem óvænt er hrífsaður inn hina venjulegu veröld. Stórkostlega stíliseruð mynd og frábær leikur Depp gerir Scissorhands að einni eftirminnlegustu kvikmynd síðari ára. (1990)

ED WOOD - Enn og aftur tóku þeir Depp og Burton saman höndum þegar ævi B-myndakóngsins Ed Wood voru gerð skil. Kvikmyndin var öll í svart/hvítu en Martin Landau fékk Óskarinn fyrir túlkun sína á Bela Lugosi. (1994)



CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY - Depp blómstrar alltaf undir stjórn Burtons og fór hreinlega hamföllum sem súkkulaðiframleiðandinn Willy Wonka. Litadýrðin ræður hér ríkjum og hugmyndaflug Burtons virðist nánast ótakmarkað. (2005)

PIRATES OF THE CARIBBEAN - THE CURSE OF THE BLACK PEARL - Mörpum kom það í opna skjöldu þegar Depp gekk til liðs við framleiðandann Jerry Bruckheimer, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir að framleiða sumarsmelli, en leikarinn á hvað stærstan þátt í því að sjóræningja-æði ríkir um þessar mundir.

vakið mikla lukku meðal barna. „Augljóslega snertir það mann töluvert að sjá lítinn krakka upplæddan eins og Jack Sparrow. Það að maður geti haft svona mikil áhrif á jafn ungt barn með vinnunni sinni er magnað. En ég hefði nú reyndar alveg getað séð fyrir mér litla krakka klædda sem Ed Wood eða Edward Scissorhands eftir að ég kláraði þær myndir. Það hefði verið gaman.“

Bæði yfirmaður Disney og framleiðandinn Jerry Bruckheimer hafa viðurkennt að stefnan sé að gera fleiri *Pirates*-myndir eftir að tókum á þeirri þriðju lýkur. Depp gefur ekkert upp um hvort hann taki þátt í þeim.

„Eins og er hef ég ekkert á dagskránni eftir að tókum á *Pirates 3* lýkur. Ef Jerry vill halda áfram að ráða mig í vinnu, þá á ég auðvitað eftir að vera ánægður með það. Ég ætla bara að fara í þá átt sem ég enda á að fara í, hvert það verður veit ég bara ekki ennþá.“

Í Barbie-leik eftir vinnu

Þegar tími gefst reynir Depp að slaka á með börnunum sínum. „Ég reyni bara að hanga eins mikið með þeim og ég get, á stöðum sem símar hringja ekki. Börnin mín hafa mikil áhrif á það hvernig ég vinn. Þau eru ekki ennþá búin að sjá þessa mynd, því ég var ekki

viss um hvort hún sé of ógeðsleg. Ég er kominn á þá skoðun að það verði allt í lagi fyrir þau að sjá hana. Ég leik mér mikið í *Barbie* með börnunum mínum, eins og allir gera, og þá prufa ég kannski á þeim nokkrar raddir. Yfirleitt biðja þau mig um að hætta og tala bara venjulega. Það hefur bara gerst einu sinni að dóttir mín bað mig um að halda áfram að leika persónu eftir að ég byrjaði að prófa þetta. Það var þegar ég var að reyna að finna rödd handa Willie Wonka. Það var stór breyting í mínu lífi að verða pabbi. Þá uppgötvaði ég hversu miklum tíma maður hafði eytt í bölvöðu vitlesu.“

Hann segir að það séu vissulega aðrar persónur en Sparrow sem hann gæti hugsað sér að leika aftur.

„Mér fannst alltaf eins og við hefðum getað gert framhald af *Edwards Scissorhands*. Eins og við hefðum ekki alveg nýtt alla þá möguleika sem sú persónanna bauð upp á. Ég sakna persónanna eftir að tókum á myndunum lýkur. Maður verður stundum nokkuð dapur þegar vinnunni lýkur, því maður veit að maður á aldrei aftur eftir að vera þessi sama persóna. Ég hlakka nú ekki mikið til að þurfa að kveðja Jack Sparrow,“ segir kaffeinn Johnny Depp að lokum.

Er hann nógu skotinn í þér?

Nýlega kom metsölubókin „He's not that into you“ út í íslenski þýðingu. Bókin á að hjálpa konum að skilja framkomu, hugsanir og gjörðir karlanna betur enda á þar að vera að finna blákaldan sannleikann um það hvernig karlmenn hugsa. Snæfríður Ingadóttir las bókina og fór á stjá, lagði nokkrar spurningar fyrir íslenska karlmenn varðandi framkomu þeirra við konur og bar saman við svör bókarinnar.

1. Ef karlmaður hringir ekki í stúlku þá er það klárt merki um það hann hafi ekki nægan áhuga á henni?

Bókin segir: Enginn karlmaður er of upptekinn til að hringja í konu sem hann hefur brennandi áhuga á. Ef hann hringir ekki er hann ekki að hugsa um þig.

2. Ef karlmaður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?

Bókin segir: Engir karlmenn sem höfundar bókarinnar töluðu við sögðust nokkurn tíma hafa haft eiginlegan áhuga á konu sem þeir vildu ekki sofa hjá. Kona, ef þér finnst fínt að kúra bara á næturna, fáðu þér þá hvölp en ekki kærasta!

3. Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta karlmennina elta við sig?

Bókin segir: Ef karlmaður hefur áhuga þá býður hann þér út, ekki láta gabbu þig í það að bjóða honum út. Ef þú getur fundið hann þá getur hann fundið þig og hann mun gera það - ef hann hefur áhuga.



4. Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?

Bókin segir: Ef hann vill bara hitta þig, tala við þig og sofa hjá þér þegar hann er undir áhrifum er það ekki ást heldur eitthvað allt annað. Neysla eitruyfja og áfengis er ekki rétta leiðin til að komast í samband við tilfinningar sínar. Ástarjónir teljast ekki með nema hann segi þær edru.

5. Karlmann sem segjast ekki trú á hjónaband og vilja ekki giftast hafa ekki fundið réttu konuna til að giftast?

Bókin segir: Ástín læknar skuldbindingarfælni. Afsakanir á borð við hann er svo hvekkur, hann er ekki tilbúinn og við eigum ekki næga peninga fyrir brúðkaup eru bara bull. Hann vill ekki giftast og hann vill ekki giftast þér eru mjög ólíkar setningar. Vertu viss um hvorum flokknum hann tilheyrir.



BERGUR HINRIKSSON
Aldur: 33 ára Starf: ljósamaður

■ Ef karlmaður hringir ekki í stúlku, er það þá klárt merki um að hann hafi ekki nægan áhuga á henni?

„Nei, hann getur t.d. bara verið feiminn. Hann gæti vel haft áhuga þó hann hafi ekki samband.“

■ Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta karlmennina elta við sig?

„Er ekki jafnrétti í þessu sem öðru? Strákar geta verið svo miklar gungur og sumir vilja láta

stelpurnar ráða þessu enda verða þær líka aðeins að hafa fyrir þessu líka.“

■ Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi, er það þá að marka?

„Ef hann getur ekki sagt það edru þá er það ekki að marka.“

■ Karlmann sem segjast ekki trú á hjónaband og vilja ekki giftast hafa ekki fundið réttu konuna til að giftast?

„Sumir trú ekki á giftingu og þora jafnvel ekki að gifta sig af ótta við skilnað og skömm í fjölskylduna ef allt fer í bál og brand. Annars geta verið svo margar ástæður fyrir því að menn vilji ekki gifta sig aðrar en að þeir elski ekki konuna sem þeir eru með.“

■ Ef maður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?

„Ég veit það ekki. Er hann ekki bara ástfanginn af henni á einhvern plátónskan hátt? Mér finnst þetta samt mjög undarlegt.“

■ Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta þá ganga á eftir sér.

„Ég er að vissu leyti sammála því að við karlmenn viljum fá að elta við bráðina en það er alls ekki algilt. Þetta getur verið flóknara en maður heldur og margir þættir sem spila inn í og þetta fer líka eftir karakter stelpunnar.“

■ Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?

„Kannski það sé að marka ef hann er eitthvað tilfinningalega heftur.“



BRYNJAR MÁR BJARKAN Aldur: 28 ára Starf: aðstoðarmaður byggingarstjóra hjá Já verktökum

■ Ef karlmaður hringir ekki í stúlku þá er það klárt merki um að hann hafi ekki nægan áhuga á henni?

„Af hverju eiga strákarnir endilega að hringja í stelpurnar, af hverju hringja þær ekki í strákana? Er ekki fólk alltaf að tala um jafnrétti?“

■ Stelpur eiga ekki að bjóða strákum út. Þær eiga að láta þá um að elta við sig?

„Það er nú langt síðan stelpa bauð mér út að fyrri bragði en mér finnst allt í lagi að þær geri slíkt.“

■ Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?

„Hann hefur kannski ekki kjarkinn til að reyna við stelpuna nema í glasi. Menn þora meiru í glasi og þeir ljúga síður í glasi en edru.“

■ Karlmann sem segjast ekki trú á hjónaband og vilja ekki giftast hafa ekki fundið réttu konuna til að giftast?

„Þessir menn hafa kannski bara slæma reynslu af hjónabandi og samböndum. Skuldbindingarfælni er til en ef menn geta ekki unnið í málinu þá ættu þeir að sleppa því að vera í sambandi.“



PÁLMI GUNNLAUGUR HJALTASON
Aldur: 21 árs Starf: Kokkanemi á Apótekinu

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



TÓMAS GUNNAR VIÐARSSON Aldur: 29 ára og **VALDIMAR AGNAR VALDIMARSSON** Aldur: 31 árs
Starf: FJÁRMÁLARÁÐGJAFAR

■ Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta karlmennina elta við sig?

„Konur mega alveg reyna við karlmenn og elta við þá. Karlmann sem segjast ekki vilja það eru bara karlmenn sem aldrei er reynt við.“

■ Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?

„Hann getur verið feiminn og opnað sig bara þegar hann er fullur. Menn segjast ekki elska einhverja stelpu bara til að fara með henni heim, menn gera ekki svoleiðis.“

■ Ef karlmaður hringir ekki í stúlku þá er það klárt merki um það hann hafi ekki nægan áhuga á henni?

„Ekki endilega. Hann gæti hafa týnt númerinu. Hann hringir líklega á endanum en ekki endilega strax.“

■ Ef karlmaður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?

„Það getur vel verið, ást og kynlíf er ekkert sami hluturinn. Gæti verið beggja blands, kannski er eitthvað að plaga hann „down town“.

■ Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta karlmennina elta við sig?

„Að sjálfsgöðu mega þær bjóða okkur út, annað væri fásinna í nútímalegu jafnræðisríki eins og Íslandi. Stúlkur mega gjarnan eiga frumkvæðið í samskiptum og þess vegna pikka upp reikninginn til tilbreytingar.“

■ Karlmann sem segjast ekki trú á hjónaband og vilja ekki giftast hafa ekki fundið réttu konuna til að giftast?

„Viðkomandi gæti verið blár og marinn eftir að hafa orðið fótaskortur á svelli ástarinnar. En tíminn læknar flest allt og er það ekki ákveðið þroskamerki að menn hristi af sér slenið og kasti burt fyrri syndum og sárindum og hefji nýtt líf á hvaða tímapunkti sem þeir telja sig til slíks búna?“

■ Ef karlmaður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?

„Það er örugglega einstaklingsbundið og háð aðstæðum hvers og eins, trúarbrögðum og uppeldi og jafnvel ímynduðum og raunverulegum skuldbindingum á öðrum stöðum.“

■ Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?

„Margir mætir menn, þar á meðal Salómon konungur, hafa sagt að öl sé fólks innri maður og með hóflegri drykkju sé hægt að opna fyrir gáttir tilfinninga og innri

þanka. Ég get vel ímyndað mér að menn geti meint það sem þeir segja korter í þrjú á föstudagskvöldi þó þeir séu búinir að fá sér tvo asna en svo eru dæmi þess að menn geti verið algjörlega óforskammaðir og blygðunarlausir að reyna að lokka kvenmann úr nærbuxunum með þessum fleygu og sígildu orðum.“


ASÍUÆVINTÝRI ERPS ÞÓRÓLFSS EYVINDARSONAR

Góði nýnasistinn

Þessi mynd er tekin í Taílandi. Takið sérstaklega eftir hinum opinbera fána þýska nasistaflokksins á kaseiti drengsins. Sem sagt taílenstur nasisti. Þetta er alveg fáránleg mynd en grínið er á hans kostnað. Mér finnst líka rétt að bæta við að þessi mynd átti ekki að vera svona vinalæg, gæinn bara lagðist alveg upp að mér. Í samræmi við taílenskar hefðir eru meira að segja nasistarnir þeirra vinalægir. Gæti maður haldið. Nasískur Taílendingur er mjög fyndið konsept. Minnr mig á konseptið bakvið verkalyðsráð Sjálfstæðisflokksins. Frekar kleyfuga þæling. Ég hallast að því að gæinn hljóti að hafa misskilnið eitthvað. Enda held ég að í lok dagsins séu flestir þeir sem kenna sig við nasisma að misskilja eitthvað.

Ég er í Taílandi og er að reyna að gera mig skiljanlegan í verslunum. Ég tala ensku með litlum árangri, fólkinu fjölgar sem reynir að auðvela

samskiptin. Ekki bara starfsfólkið heldur flestir viðskiptavinirnir koma hlaupandi með vörur sem það heldur að ég eigi við. Meðal annars bjór og skúringamoppu. Snjallt. Ég hef einmitt séð töluvert af Vesturlandabúum missa niður bjór herna og þá er ekki slæmt að vera með moppu við höndina. Að minnsta kosti, í löndum sem spjalla á indóevrópskum tungumálum getur maður alltaf reddað sér. En tungumál Asíu eru gerólik. Til dæmis í Kína þar sem bara tónninn og sveiflurnar í talandanum geta breytt allri merkingu. Samt gerir fólk herna allt til að skilja mann. Ég reyni að sjá fyrir mér að Taílendingur gengi inn í BYKO og legði fram pöntun á taílensku. Hann yrði sennilega sendur heim með plankastrekkjara. Ég nenni reyndar ekki að læra þessi asísku tungumál þótt ég sé herna. En ég myndi gera það ef ég flytti til Asíu. Samt eru engin leiðindi við mig sem er nær ótalandi á tungumál

heimamanna. Á Íslandi er hins vegar ákveðið lið fullt af skít gagnvart innflytjendum sem ég get ekki séð að sé byggt á sterkum grunni. Nánari skoðun á fordómunum afsannar þá trekk í trekk. Bara ein helsta klisjan að „þeir“ séu latir er með því fáránlegasta sem ég hef heyrt. Venjulegir Íslendingar nenna ekki að vinna í fiski, því nenna Pólverjar hins vegar. Maður hefur séð hvernig Asíufólk heima hefur haldið úti blómlegum rekstri þar sem Íslendingar höfðu áður reynt en alltaf endað í þroti. Og svo framvegis. Svo þegar ég kem til Asíu og kynnist gestrisninni og kurteisinni í minn garð þá skammast ég mín fyrir hvernig komið er fram við okkar gesti á Íslandi. Mann langar helst að bruna heim til Íslands og flengja þessa rasistahala með lifandi rafmagnsál, úr Mekong-fljótinu helst. Hér um daginn frétti ég alla leið hingað af pulsusala í Árbæ sem er að fara að stofna einhvern rasista-


ERPUR Þ. EYVINDARSON

flokk. Ég veit ekki enn af hverju? Kannski er hann eitthvað að misskilja? Kannski fékk hann vitlaust tilbaka í Núðluhúsinu? Eða kannski stóðst hann og pulsurnar hans ekki frjálsa samkeppni við kebab og súrsætar rækjur? Leiðinlegt. En ég skal kaupa af honum pulsu.


PÁLL HILMARSSON Aldur: 30 ára
Starf: Mannfræðinemi í HÍ

■ *Ef karlmaður hringir ekki í stúlku þá er það þá klárt merki um það hann hafi ekki nægan áhuga á henni?*

„Hann getur verið feiminn.“

■ *Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldar láta karlmennina eltast við sig?*

„Þetta er kolrangt. Mér hefur verið boðið út af stelpu og það var stórskemmtilegt.“

■ *Ef karlmaður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?*

„Ég er ekki viss en ætli það ekki, og þó.“


DARRÍ FREYR HELGASON
Aldur: 20 ára Starf: Barþjónn

■ *Konur eiga ekki að bjóða karlmönnum út heldur láta karlmennina eltast við sig?*

„Stundum viljum við láta elta okkur líka. Þær mega það alveg líka.“

■ *Ef karlmaður er með konu en vill ekki sofa hjá henni þá er hann ekki nógu hrifinn af henni?*

„Nei, það held ég ekki, getur reyndar farið eftir aðstæðum en ég stórlega efa að hann hafi þá nægan áhuga.“

■ *Ef strákur segir við stelpu „ég elska þig“ í glasi er það þá að marka?*

„Kannski segir hann það í fyrsta skipti þegar hann er drukinn og svo seinna þegar hann er edrú. Þetta er kannski bara spurning um að brjóta ísinn.“

■ *Karlmenn sem segjast ekki trúa á hjónaband og vilja ekki giftast hafa ekki fundið réttu konuna til að giftast?*

„Nei, hafa bara ekki fundið réttu konuna finnst mér.“

HELGARTILBOÐ!


1.799kr.
Svona er sumarið 2006

Ný plata úr Svona er sumarið seríunni, heitustu smellirnir


Nýtt
1.799kr.
100% Sumar 2006

Frábær sumarplata, inniheldur m.a.: Baggalút, Reginu Ósk, Bogomil Font og Eivør


1.799kr.
Friðrik Ómar og Guðrún Gunnars
Ég skemmti mér í sumar

Enn og aftur klikka þau ekki á sumarstemningunni


5CD
2.799kr.
100 Íslenskir sumarsmellir

Fimm stútfullir diskar af tónlist, frábærir fyrir alla fjölskylduna


1.799kr.
Jeff Who? – Death Before Disco

Vandað íslenskt popp – addáendur Franz Ferdinand munu falla fyrir þessari


1.799kr.
Snorri – Allt sem ég á

Mögnuð plata frá Snorra Idolstjörnu!


Nýtt
1.799kr.
Thom Yorke - The Eraser

Fyrsta sólóplatan frá söngvaranum í Radiohead


1.799kr.
Muse - Black Holes & Revelations

Rauk beint á toppinn, ekki láta þessa fara framhjá þér!


1.799kr.
Johnny Cash – American V

5. platan í American seríunni sem inniheldur síðustu upptökur Johnny Cash

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM


skemmtir þér :)

1154 kr. kg
1649

Grillkjöt, pylsur og salat

30%
afsláttur

Grillpakki

1189 kr. kg
1698

Ali Mexikókryddaðar kótilettur - hnakki

Krónan alltaf ódýr!

Nektarínur
1kg askja

249
kr/stk

Griesson
gæðakex
verð frá

159
kr/stk

Fetaostur
tilboðstvenna

399
kr/pk

Krónu
skinkusalat

167
kr/stk

Doritos
Cool American
Nacho Cheese

159
kr/stk

Moulinex Juice
Master
safapressa

5490
kr/stk

25%
afsláttur
Rana pasta 4 teg.

Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti

Krónu
hangikjötssalat

167
kr/stk

Virk
Sam-
keppni

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI



30%
afsláttur

1199 kr.
kg ~~1598~~
Krónu lambasteik
krydduð



2460 kr.
kg
Hreindýraframports-
sneiðar



2990 kr.
kg
Hreindýralæri
sneiðar



40%
afsláttur

299
Krónu 4 grillborgarar
m/brauði

Ferskur
1kg askja
249
kr/stk



Nóa kropp
fata 500gr
499
kr/stk



Hrefnukjöt
kryddlegið
1150
kr/kg

**Hrefnukjötið
komið**



Góu tvenna
Hraun - Æði
319
kr/stk



30%
afsláttur

Krónu pylsur
279
kr/pk



EINNOTA GRILL
289
kr/stk



Hvítlaukssósa
Grænpiparsósa
Koniaks Piparsósa
Dijon Estragonsósa
Sinneps og
Graslaukssósa

15%
afsláttur

**Argentínu sósur
á góðu verði**

Argentínu
grillsósur
299
kr/stk



**Grilláhöld
í úrvali**

Alltaf tilboð alla daga

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÖKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þröstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

STUÐ MILLI STRÍÐA Hvítir frekjumávar

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR SKRÍKIR AF ÓTTA.



Ég man hversu hrædd ég varð þegar ég sá myndina The Birds eftir Alfred Hitchcock þegar ég var bara stubbur á hæð. Mér fannst myndin alveg skelfileg. Í margar vikur á eftir átti ég það til að hlaupa í skjól í hvert skipti sem glitti í skógarþröst á röltinu, hvað þá ef ég sá krumma, þá barst lítið óskur úr smáum bók.

En árin líða og hræðsla mín við fugla er að mestu horfin fyrir utan að ég gjörsamlega þoli ekki páfagauka. En ég get samt ekki neitað því að stubbhloti hjarta míns tekur

kipp þegar ég heyri fregnir af mávum sem ganga berserksgang í Reykjavík þessa dagana.

Fyrir það fyrsta hertóku mávarnir tjörnina með valdi og éta nú allt brauðið sem ætlað er fyrir litlu búttuðu endurnar. Síðan færðu mávarnir sig upp á skaftið og fljúga nú um úthverfi bæjarins og hrifsa steikur og meðlæti af grillum hjá hjartahreinum húsbændum. En það nægir mávunum greinilega ekki og eru þeir því farnir að éta litlu andarungana á tjörninni. Og síðan bástur fréttir af mávum sem héldu vöku fyrir almennum borgurum langt fram á nótt með stanslausum mávaköllum. Hugsid ykkur! Ég er viss um mávarnir geri þetta viljandi,

svo borgararnir séu ekki eins vakandi og einbeittir meðan þeir grilla.

Reynt hefur verið að sporna við þessum mávaágangi en samt berast fregnir frá Akureyri, Hafnarfirði og fleiri bæjarfélögum að mávarnir séu líka komnir þangað með allan sinn óskunda. Myndaður hefur verið her og mávunum sagt stríð á hendur. Blóðugur bardagi stendur yfir og dýraverndunarsamtök hafa komið upp flóttamávaúðum.

Í slíku ástandi skraki ég af ótta í hvert skipti sem ég sé máv. Í The Birds byrjaði þetta allt á einum fugli og á endanum þurfti fólk að flytja úr bænum. Og ég vil ekkert flytja, ég er nýbúin að kaupa mér íbúð.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Smásálarhátturinn drepur



KL. 21.00

Leiksyningin Penetreitor eftir Anthony Neilson hefur fengið góðar viðtökur og lof gagnrýnenda. Næstu sýningar eru í kvöld klukkan 21 og á sama tíma á sunnudagskvöldið.

Í kvöld frumsýnir leikhópurinn Benóný Bender Abroad leikritið Páll Heimir, ekki Jesúsarnið í Sjómannasafni Íslands við Grandagarða. Leikritið er eftir tvo unga höfunda sem hér þreyta frumraun sína á því sviði, Sigurður Unnar Birgisson og Tyrffingur Tyrffingsson eru á títugsaldri og hafa samið verk sem hinn síðarnefndi lýsir sem „póstmilleniumrúnki“ en Tyrffingur er jafnframt leikstjóri sýningarinnar.

„Verkið fjallar um Pál Heimi sem ákveður að hengja sig. Hann er andlega dauður og kennir áhorfendunum um það og smásálinni líka. Smásálarhátturinn getur drepíð, ef einhver er umkringdur svo erfiðu



og leiðinlegu fólki getur það hreinlega drepíð mann. Svo Páll Heimir ákveður að drepa sig líkamlega líka.“ Í verkinu eru síðan sagðar litlar sögur af fyrrgreindum Páli út frá nokkrum sjónarhornum.

Tyrffingur útskýrir að aðstandendur sýningarinnar séu allir „fyrirverandi, núverandi og verð-

andi MH-ingar“. Um tónlistina sjá Högni Egilsson og Guðmundur Óskar úr Hljómsveitinni Hjartalín. Fyrirhugaðar eru fimm sýningar á verkinu, hin fyrsta í kvöld kl. 20 og síðan ein á hverju kvöldi fram á miðvikudag.

> Ekki missa af...

Sýningunni sem hönnunartvíeykið Stígvef stendur fyrir í **Gallerí Gyllinæð**. Í sumar hefur Stígvef rannsakað íslenska menningu og á sýningunni má sjá afrakstur þeirrar vinnu sem birtist í tilraunkenndum uppákomum Sýningin var opnuð í gærkvöldi klukkan 20 en opið er helgina 22-23 júlí frá 10-18.

Innsetningarverk **Hreins Friðfinnsonar**, Sögubrot og Myndir. Líttleikinn ræður ríkjum í verkum Hreins og er yfir þeim ljóðrænn blær. Sýningin á verkum hans stendur yfir í gallerí Suðsuðvestur í Reykjanesbæ en opið er fimmtudag og föstudaga frá klukkan 16-18 og um helgar frá 14-17. Sýningin stendur til 20. ágúst. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á vefsíðunni www.sudvestur.is

menning

menning@frettabladid.is



RÚMLEGA FJÖRUTÍU REIÐMENN BERA FJÖLSKRÚÐUGA FÁNA Tilkomumikið sjónarspil á Skálholtshátíð á morgun. MYND/HALLDÓR ÁSGEIRSSON

Fánar, trumbur og fjölmenn reið

Myndlistarmaðurinn Halldór Ásgeirsson hefur fengið til liðs við sig rúmlega fjörutíu hestamenn sem á morgun munu fullkomna myndverk hans sem sett verður upp í tengslum við Skálholtshátíð.

Verkefnið er búið að eiga sér talsverðan aðdraganda en Halldór útskýrir að hann hafi snemma séð fyrir sér hópreið hestamanna með fána þegar hann var meðinn um að skipuleggja myndlistarverk í tengslum við Skálholtshátíð. „Þetta er eins konar samblanda af samúræja- og víkingasýnum“, segir hann sþoskur en Halldór hefur starfað mikið í Japan og kveðst vera „jójó milli þessara tveggja eyja“.

Nú fara menn um héruð í upp-sveitum Árnessýslu og leita að fleiri hrossum því fjörutíu og fjögur þarf til þess að bera jafnmarga fána sem Halldór hefur hannað af þessu tilefni. „Fánarnir eru í líkamsstærð og verða festir á þriggja metra langar álstangir sem hestamennirnir bera en verður síðan komið fyrir í fánaborg fyrir neðan kirkjuna.“ Talan fjörutíu og fjórir vísar síðan til biskupanna sem verið hafa í Skálholti.

Verkið hefst á gjörningnum kl. 13 á morgun þar sem hestamennirnir fjörutíu og fjórir koma riðandi að Skálholti með fánana við trumbuundirleik. „Ég sá fyrir mér japanskar trumbur, þessar risavöxnu parabolur sem Steintryggur notar og fékk þá til liðs við mig. Þeir munu byrja að berja trumburnar sem verða undanfari hófadynsins og þegar hestareidinn

færast nær draga þeir úr sínum hljóðum. Við verðum líka að passa upp á að fæla ekki hestana.“

Haldór hefur verið að safna myndefni á fánana og leitar víða fanga. „Ég sæk í Íslandssöguna, gömul tákni og skjaldarmekri, kristileg og trúarleg tákni en einnig mín eigin tákni og teikningar. Einn fáninn verður síðan með skjaldarmerkjum nútímans - vörumerkjum“, segir Halldór og vísar til fána sem verður skreyttur Bónussvíninu og hinu fræga Morgunblaðs „M-i“.

Hópreiðin verður án efa mjög tilkomumikil en listamaðurinn vonast vitanlega til þess að veður-guðirnir verði til friðs. „Hestamennirnir munu síðan stoppa fyrir neðan kirkjuna þar sem Gunnar Eyjólfsson mun lesa Ísleifs þátt úr biskupasögnum og síðan gengur fólk til messu inn í kirkjunni en á meðan kem ég fánunum fyrir í fánaborg fyrir eðan kirkjuna sem blasir við þegar kirkjugestir koma út.“ Fánaborgin mun síðan standa fram í ágúst-mánuð svo aðrir Skálholtsgestir geta einnig barið hana augum.

Haldór hefur í nógu að snúast því hann á einnig óvenjulegt verk á sumarsýningunni „Hin blíðu hraun“ í Hafnarborg þar sem hann glímur við óvenjulegan klump úr vikursteini sem hann umbreytir sjálfur með hjálp logsuðutækis. Mannhæðarhár múraður steinkassi býður hans í Hafnarfirðinum en honum ætla Halldór að breyta í gljáandi glerung og er kominn nokkuð áleiðis. „Ég þarf kannski að huga að stórvirkari tækjum“, segir hann bjartsýnn. Áhugasamir geta séð listamanninn að störfum á laugardögum í ágústmánuði. kristrun@frettabladid.is

LUNGA
Á Seyðisfirði
17. – 23. júlí 2006
Laugardaginn 22. júlí frá kl. 13:00
Uppskeruhátíð, Hljómsveitirnar:
Fræ, Sometime, Ampop, Biggi
Orchestra, Jeff Who?, Ghostigital, Miri,
The Foreign Monkeys, Tony The Pony,
Benny Cresbo's Gang, og ball með
Todmobile. Sjá www.lunga.is

Footloose
21. júlí – fös kl. 20 – Uppselt
27. júlí – fim kl. 20 – laus sæti
28. júlí – fös kl. 20 – laus sæti
17. ágúst – fim kl. 20 – laus sæti
18. ágúst – fös kl. 20 – laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgartelekhús.is
www.mimustakur.is/footloose/

MR SKALLA FRIMSSON
Benedikt Erlingsson
Sýnt í Landnámssetri
í Borgarnesi
Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt
Föstudag 28. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Laugardag 29. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus
Föstudagur 4. ágúst kl. 20
Laugardagur 5. ágúst kl. 20
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15
Sunnudag 6. ágúst kl. 20
Laugardagur 19. ágúst kl. 20
LEIKHÚSTILBOÐ
Tviréttadur kvöldverður og
leikhúsmiði
kr. 4300 - 4800.-
MIÐAFANTANIR Í SÍMA 437 1000

**allt
heilsa**
Alla þriðjudaga
og fimmtudaga

**Upplýfting
í kvöld**
Stór og fjölbreyttur sérreittamatsseðill öll kvöld vikunnar

**Vöflur og
Viðey**
Uppgötvaðu Viðey
Kaffisala
kl. 13 – 17
Kr. 1100 fyrir fullorðna
Ferjugjald, vaffla
og kaffi/kakó
Kr. 600 fyrir börn
Ferjugjald, vaffla
og safi
Nánari
upplýsingar
www.videy.com
533 5055
Reykjavíkurborg

5
LISTAMENN
Í GRÓTTU
www.eiland.is
EI LAND
OPIÐ:
Í DAG 10.00 - 13.00
Á MORGUN 10.00 - 14.00
MÁNUDAG 10.00 - 15.00
ÞRI. 10.00 - 15.30
SJÓVÁ

Penetreitor
Miðar í síma 6990913
Sýnt í Grandagarðum 8
TAKMARKAÐUR SÝNINGAFIÐLI,
SÍÐASTA SÝNING Í BILI.
SUNNUDAGUR 23. JÚLÍ KL. 22.00
Verðoringjar.blogspot.com
Glesilegur Penetreitor! **** -DV
Hvergi að finna veitka punkt -Mbl.
Sýning* sem enginn stítt að missa af -Frbl.



> Við mælum með

...bikinitoppum. Það er hægt að nota bikinitoppa til annars en bara á ströndinni eða í sundlauginni. Flott er að vera í bikinitopp innan undir bolum og kjólum. Marglittur toppur setur skemmtilegan svip á einlitan bol.

Útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN MINN: JÓNA ELÍSABET OTTESEN VERSLUNARSTJÓRI Í GYLTA KETTINUM

Dáist að skemmtilegum hlutum og langar mest til Tókyó

Spáir þú mikið í tiskuna?

Já, mér þykir gaman að fylgjast með tiskunni. Ég dáist að fallegum og skemmtilegum hlutum.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?

Stíllinn minn er fjölbreyttur og fer alveg eftir stað, stund og skapi.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki: Ég fylgist helst með íslenskum fatahönnuðum og japönskum. Á annars engan uppáhalds.

Flottustu litirnir:

Grænn, fjólublár og allir hinir...

Hverju ertu veikust fyrir?

Kjólum, skóm og fallegum efnum.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast?

Tvo kjóla í Gylta kettinum á verði eins!

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna?

Allir fallegu litirnir; hún er kvenleg, mjög fjölbreytt og frjálsgleg. Einnig gaman að sjá hvernig öll tímabil tiskusögunnar fá að njóta sín.

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?

Er búin að vera dugleg að bæta á mig sólgleraugum, kjólum og fleira sumardóti. Er á leiðinni til Flórída og mun líklega koma heim með bikini, sandala og annað sumardót fyrir veturinn.

Uppáhaldsverslun:

Að sjálfstöðu Gylti kötturinn. Er ekki mjög dugleg að fara í búðir en kiki þó reglulega í Kolaportið, Kron Kron, Nakta apann og Rauða kross búðina.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?

Er svo heppinn að fá fatapening í vinnunni svo umfram það eyði ég ekki miklu, fer frekar til útlanda og missi mig þar.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?

Gallabuxur, striga-skór og hettupeysa eru alltaf möst.

Uppáhaldsflík:

Blúndu prinsessukjól sem ég fékk í Gylta kettinum, svo góður andi yfir

honum. Greinilega einhver skvísá sem hefur átt hann.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð?

Langar til Tókyó og Berlínar, annars finnur maður alltaf eitthvað skemmtilegt í útlöndum.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér:

Það myndu vera bronslitaðar buxur sem ég keypti í 17. Þær hafa flækst með í Kolaportið og ég hef reynt að selja þær þar en enginn vill kaupa þær.



MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

Fatatiltekt

Ég ákvað að taka ærlega til í fataskápnunum mínum um daginn. Ástæðan fyrir þessu leiðindaverki var að til stendur að selja gömlu fataleppana á ónefndum markaði niðri í bæ. Vinkonur mínar ýttu mér út í það enda er ég ein af þeim sem vilja frekar geyma en að henda eða gefa. Ég hef nefnilega oft skammað mömmu mína fyrir að henda eða gefa flott fót sem ég sé og girnist á gömlum myndum sem myndu vera rosalega tiskuleg í dag. Tískan fer í hringi og ég vil ekki gera sömu mistök og mamma og henda öllum fötunum mínum sem gætu glatt afkomendur mína seinna meir. Mjög mikill hluti af launum mínum í gegnum tíðina hefur nefnilega farið í þessar tuskur og því betra að geta selt þær fyrir smápening í stað þess að liggja á þessu eins og ormur á gulli. Ég viðurkenni að það þurfti samt að tala mig til.

Ég komst að því að maður hefur gott af því taka fötin sín í gegn. Þá er hægt að fara alveg niður í saumana á fatakaupum sínum. Ég fékk öll mistökini beint í hausinn meðan á þessu stóð. Ég fann meira að segja slatta af fötum sem eru ennþá með verðmiðanum á og fót sem ég hef keypt í fjótfærni bara til að svala kaupþörfum þann daginn og hafa ekki verið notuð nema einu sinni. Skrýtið hvað maður er góður í að tala sjálfan sig til í innkaupaferðum. Maður kann svo vel inn á sjálfan sig að það tekur ekki langan tíma að sannfærast um ágæti tiltekinnar vöru og þá stundina er maður alveg handviss um að hún sé ómissandi. Það eru örugglega margir sem kannast við það að væla um fataleysi þegar verið er að fara út á lífið. Tiltekt í fataskápnunum er góð leið til að lækna þann slæma ávana. Það er gott að sjá það svona svart á hvítu. Og jú, ég ætla að reyna að hemja mig í næstu innkaupaferð því þessi tiltekt reyndist vera hin besta nafla-



ELEY KISHIMOTO Þetta merki er þekkt fyrir mikla litagæði í hönnun sinni og flottar samsetningar.



ALLIR LITIR Frábært dress frá Moschino þar sem er að finna alla regnbogans litir.



LITAGLÖÐ Stíllinn Anna Piaggi er þekkt í tiskuheiminum fyrir frumlegar og skemmtilegar litablöndur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTIMAGE

Allir regnbogans litir

Þá er loksins komið sumar. Manni líður þínulítið eins og kálfunum sem er hleypt út á vorin nú þegar sólin er farin að skína. Sumarkjólarnir eru komnir í notkun og litagæðin tekur völdin. Eftir örlítið gráan og svartan vetur er loksins kominn tími til að missa sig í litagæðinni. Litaval manns endurspeglar skapið og því er um að gera að klæðast heiðgulu og bleiku bara til að fá bros á vör.

Undangengin sumar hafa verið einhverjir tveir eða þrír litir algjörlega ríkjandi. Hver man ekki eftir neonlitagæðinu þegar maður var í appelsínugulum skóm og bol í stíl fyrir nokkrum árum síðan? Hræðilegt, og búðirnar voru svo litaglaðar að maður ofbirtu í augum þegar maður labbaði inn.

Nú er öldin önnur ef marka má tiskubúðirnar, hvítur er einn af aðallitum sumarsins. Með honum fylgja síðan allir grænir tónar, ferskjulitadur, bleikur og heiðblár. En eins og tískan er núna þá er algjört frjálssræði og það sama gildir í litunum. Það er enginn einn litur meira í tisku en aðrir og höfuðmáli skiptir að blanda litunum rétt saman. Allt er leyfilegt. Njótið þess. Bleikur og rauður er flott samsetning og gull og silfur saman er geggjað.

alfrun@frettablaðið.is

FERSKJULITADUR Litaðar gallabuxur eru svakalega mikið í tisku þessa dagana. Þessar fást í Centrum.



HÁIR HÆLAR Flottir grænir lakkskór frá Shoe Studio.



SÆTUR Hentugur marglittur kjóll frá Gallerí Sautján.

PILS Flott heiðgrænt pils frá Spúttnikk.



fékk þegar

BLEIK Flott bleik hettupeysa frá Gallerí Sautján. Skemmtileg á svölum sumarkvöldum.




SUMARSKÓR Flottir skór frá Spúttnikk. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



TASKA Flott appelsínugul taska frá versluninni Karen Millen.

TÁTILJUR Glæsilegir sumarskór frá Retró í Kringlunni.

FLIPPADAR Marglittar leggings sem eru hressandi í sólinni. Fást í Spúttnikk.



SKÆRGRÆN Falleg þrjúnuð hettupeysa frá Centrum í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



KJÓLL Flottur sumarkjóll frá Spúttnikk þar sem bleikur og blár eru ríkjandi.

SENDU SMS SKEYTIÐ JA VOF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.

Aðvinningur er:
PlayStation 2 tölvu, tveir bíómiðar og Over the Hedge leikurinn!

Aukavinningar eru: Bíómiðar fyrir tvo Over the Hedge tölvuleikur
DVD myndir · Tölvuleikar · Vamingur tengdur myndinni og margt fleira!

Vinningar verða afhendir hjá BT Spíðalagnum. Kopavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Glæsilegi stripparinn

Hún er þekkt fyrir að vera kærasta rokkarans Marilyn Manson og einnig dansaði hún súludans á helstu og finustu dansstöðum Hollywood borgar. Þetta er engin önnur en Dita Von Teese. Hún er sannkölluð díva og vekur athygli hvert sem hún fer.

Dita lítur út eins og gömul kvikmyndastjarna frá árunum 1930-1950 enda segist hún sjálf hafa haft áhuga á glamúrlíf-erni stjarna á borð við Rítu Hayworth, Hedy Lamarr og Betty Grable frá því að hún var lítil stúlka. Hún hefur einnig alltaf haft áhuga á hinum svokölluðu



„pin up“ stúlkum sem kalla má fyrstu kynþokkafullu konurnar sem birtust í tímaritum.

Hún er ávallt mjög smekkleg í fallegum kjólum og gerir kvenleikanum góð skil í fatasmekki sínum. - áþ

GAMALDAGS Hér sést hún í flottri skyrtu og pílsi. Eins og klippt út úr gamalli kvikmynd.



BER AF Glæsileg í kóngabláum kjól sem ekki hver sem er mundi bera jafnvel og hún.



Í CANNES Dita von Teese sést hér í svakalegum svörtum kjól með risastórt rautt blóm í barminum.



KVENLEG Dita er hér í hrikalega flottum og kynþokkafullum kjól sem leggur áherslu á kvenlegar línur hennar.

Hollenskir snillingar

Hönnunartví-eykið Viktor & Rolf hefur verið valið til að hanna fatnað fyrir verslunarrisann H&M. Þar sem Íslendingar eru hálfgerðir fastakúnnar í þessum verslunum úti um allan heim er vel þess virði að skoða mennina á bak við merk- ið.



FLOTT HÖFUÐFAT Þetta glæsilega dress er úr línu þeirra fyrir haustið og veturinn 2007. Skemmtileg kápa og vægast sagt óhefð- bundið höfuðfat.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Viktor Horsting og Rolf Snoeren eru frá Hollandi og stofnuðu merkið saman árið 1993. Félagarnir eru báðir fæddir árið 1969



FÉLAGARNIR Snillingarnir sjálfir Viktor & Rolf sjást hér baksíðs á einni af sýningum sínum.

og stofnuðu merkið ári eftir að þeir útskrifuðust tískudeildinni í Listaháskólanum í Arnhem. Síðan þá hefur leið þeirra aðeins legið upp á við. Meðal annars eru þeir núna komnir með karlmannslínu

í fyrsta sinn og eru með ilmvatn í samvinnu við Estée Lauder.

Viktor & Rolf eru þekktir fyrir



að fara vægast sagt óhefðbundar leiðir í hönnun sinni. Árið 2001 voru þeir með svart þema og allar flíkunar á tískusýningunni voru svartar á litinn sem og fyrirsætturnar frá toppi til táar. Þeir gera mikið af því að ýkja allar línur og snið og nota oftast skemmtileg efni í flíkunum sínum.

Viktor & Rolf er skemmtilegt merki og verður gaman að fylgja þeim gera inn á í H&M í haust. - áþ



BLÖÐRUPILS Svona lítur tiskan út fyrir haustið og veturinn 2006 ef marka má hönnunartvíeykið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



Lögin hans Jóns míns með Gunna og Felix er komin út!




Inniheldur bestu lög Gunna og Felix eftir Jón Ólafsson:

Sumarlagið

Mjög vönduð „kynning“
Hættu að eyðileggja Ísland!
Við skulum ekki rífast
Getur þetta verið?
Brunavörður heimilanna
Ber er hver að baki
Vitið hvern ég er?
1. apríl
Platan er hálfnuð

Hver passar í kvöld?

Kíktu nú í kúluna
Rattleikslagið
Lars á mars
Hjálp ég er einn!
Markó póló
Þingvallalagið
Afmælislagið
Bless og takk fyrir að hlusta



Góða skemmtun! ▶



STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON **BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU**

Þrjóska heldur lífinu í skónum mínum

Benicassim er án efa sú hátíð sem ég var hvað spenntastur fyrir þegar ég lagði í þetta ferðalag. Þarna spila stórar sveitir sem ég er reyndar nú þegar búinn að sjá og því er ég langspenntastur fyrir minni spámönnunum, enda eru þeir oftast það sem stendur upp úr. Walkmen, Mojave 3, The Organ, Lou Barlow, 12twelve, Howie Gelb, Art Brut, Yann Tiersen og fleiri eru eitthvað til þess að hlakka til. Verst samt að þessi hátíð skuli vera sú seinasta í röðinni þar sem ég er orðinn þínu þreyttur á því að þeytast um Evrópu þvera og endilanga. Að sofa í tjaldi allar helgar, burðast með tuttugu kíló á bakinu á sér dag hvern og hanga í lestum meirihluta vikunnar er ekkert

sem maður hefur beint hrikalega gaman af viku eftir viku.

Ég er þó langt frá því búinn að leggja árar í bát, nei nei nei. Ég á örugglega eftir að skemmta mér vel á ströndinni í Benicassim. Líkaminn er að mörgu leyti búinn að laga sig að þessum erfiðu lífsskilyrðum. Ég gæti til dæmis léttilega gengið yfir miðhálandið berfættur. Hef verið í sama skóparinu alla ferðina, sem ég keypti í Gyllta kettinum vikuna áður en ég fór út. Núna mega þeir hins vegar muna sinn fífil fegurri. Núna eru samtals fimm vegleg göt á skónum, þar á meðal er botninn byrjaður að rífa af þeim vinstri en sigginu undir iljunum er skítsama um það. Einn Kani sem ég

kynntist hérna úti sagði að skórnir litu út fyrir að hafa gengið í gegnum stríð. Kannski ekki fjarri lagi þar sem tónleika-hátíðir líta oft út fyrir að vera hálfgerður vígvöllur. Ég ætla samt að halda út og ég veit að skórnir gera það líka, þrjóska er einfaldlega of mikil. Mörg önnur skópör hefðu fyrir löngu verið búin að pakka saman og farin heim. Enn er þó ein hátíð eftir.

GÖTÓTTIR SKÓR Líta út fyrir að hafa verið í stríði, eftir ferðalag um allar helstu tónlistarhátíðir í Evrópu í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR



COLIN FARRELL Kona ruddist upp á svið í spjallþætti Jay Lenos þar sem hann var gestur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Áreittur í Jay Leno

Leikarinn og partídrengurinn Colin Farrell lenti í leiðinlegu atviki í spjallþætti Jay Lenos á dögunum. Farrell var að koma í þáttinn til að kynna nýjustu mynd sína Miami Vice og á meðan hann spjallaði við Jay Leno ruddist kona upp á svið og byrjaði að blóta honum í sand og ösku.

Áhorfendur héldu fyrst að um grín væri að ræða enda einkennast þættirnir af alls kyns uppá-

komum. Öryggisverðir náðu að koma konunni út og það síðasta sem hún öskraði var „sjáumst í réttarsalnum“ við Farrell og hann svaraði bara „þú ert galin“.

Konan hefur kært Farrell áður fyrir áreiti en ekki hafa komið nein sönnunargögn í ljós sem geta sýnt fram á það. Eftir þáttinn fór Farrell á frumsýningu myndar sinnar umkringdur öryggisvörðum.

Dansandi háskólanemar

Dansástríðan hverfur aldrei hjá sönnum dansfíklum og nokkrir háskólanemar brugðu á það ráð að stofna dansflokk fyrir nemendur Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur. Nú er Stúdentadansflokkurinn skipaður ellefu dönsurum úr skólunum, níu stelpum og tveimur stráköm, en þetta er tímafrekt áhugamál því æft er þrisvar í viku í fjóra tíma í senn yfir sumartímann.

Margrét Anna Einarsdóttir er stofnandi og formaður dansflokksins en hún er á þriðja ári í lögfræði í HR. „Ég hef verið í dansi frá því að ég var tíu ára, en þegar ég var komin í háskólann sá ég að það var ekkert fyrir mig í dansinum. Þá kviknaði áhuginn á því að stofna þennan dansflokk,“ segir Margrét Anna. Hún segir að dansararnir í flokknum komi víðsvegar að, flestir hafa verið í Listdansskóla Íslands en einnig eru í hópnum fólk úr öðrum ballettskólum og með bakgrunn í fimleikum og samkvæmisdönsum. „Annars er þetta allt mjög duglegt fólk. Þau



Á ÆFINGU Upphitunin er ýmist æfingar í djassdansi eða klassískum ballett, en einnig vinnur hópurinn mikið með spuna.

koma meðal annars úr læknisfræði, lögfræði, hagfræði, verkfræði og viðskiptafræði. Aginn í dansinum, meðal annars í Listdansskólanum, hefur nýst manni í Háskólanum við að skipuleggja námið. Dansnámið hefur mótað mann og kennt manni mikið,“ segir Margrét.

„Það getur verið svolítið erfið að æfa svona mikið með vinnu, við æfum yfirleitt frá sex til níu eða tíu á kvöldin. En þetta er rosalega gaman,“ segir Hrefna Ingadóttir,

meðlimur Stúdentadansflokksins. Hún kláraði BS í iðnaðarverkfræði í HÍ í vor og hún vinnur nú á eignastýringasviði Landsbankans, en með fullu starfi og dansinum ætlar hún að fara í verðbréfamiðlun í HR í haust. „Þetta datt svolítið niður í kringum prófin en í sumar tókum við þetta með hörkunn. Þetta er allt mjög metnaðargjarnt fólk,“ segir Hrefna. Hrefna var í Listdansskólanum til sextán ára aldurs og fór þá að kenna í skólunum og hefur gert það undanfarin ár.

Stúdentadansflokkurinn byrjaði sem samstarfsverkefni skólanna tveggja en þeir gefa danshópnum smá styrk fyrir grunnkostnaði. Helena Jónsdóttir, dansari og danshöfundur, er listdansstjóri dansflokksins. Innngönguskilyrðið er að fólk sé í háskólunum en fjögurra tíma inntökupróf voru haldnar í janúar og mun færri komast inn í flokkinn en vildu. „Þegar við höldum prófunar fundum við að áhuginn fyrir dansi var talsvert meiri en við höfðum gert okkur vonir um. Til þess að mæta því ætlum við að hafa opna danstíma í vetur fyrir þá sem hafa áhuga,“ segir formaður Stúdentadansflokksins, en næstu inntökupróf verða í janúar.

rosag@frettabladid.is



